



16 blaðsíðna  
RE/MAX blað

Fasteignablað RE/MAX fylgir Fréttablaðinu á sunnudögum

RE/MAX

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. ágúst 2006 — 222. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## SUNNUDAGUR

### Glíman við lífið heillar


Þóra Karítas Árnadóttir er nýútskrifuð úr leiklistarnámi í London. Að auki er hún með B.A. gráðu í guðfræði. Þóra segir frá ævintýrum sínum í Bretlandi í viðtali við Fréttablaðið.



VIÐTAL 14

### Leikið í leðjuni

Keppni í mýrabolta var haldin í þriðja sinn á Ísafirði um síðustu helgi. Líf og fjör var innan vallar sem utan og voru keppendur drullugir upp fyrir haus.



FÓLK 18-19

### Borgarstjóri á nýjum bíl

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson fékk nýjan borgarstjórabíl sem er bæði nýrri og ódýrari en sá sem fyrir var.



FÓLK 38


### Reading hafði betur

Ívar Ingimarsson og félagar í Reading hófu keppni í úrvalsdeildinni í gær og unnu Middlesbrough 3-2. Ívar lagði upp jöfnunarmark sinna manna. Enska úrvalsdeildin fór á fullt skrið á nýjan leik í gær.




ÍDRÓTTIR 30

### VEÐRIÐ Í DAG



BLÍÐVIÐRI | dag verður hæg suðlæg eða breytileg átt. Yfirleitt bjartviðri á landinu. Hiti 11-19 stig, hlýjast inn til landsins.

VEÐUR 4



SIÁLFSTÆÐISMENN Í KRINGILSÁRRANA Ómar Ragnarsson fylgdi í gær fjórum ráðherrum og þingmönnum Sjálfstæðisflokksins um virkjanasvæði Kárahnjúka. Á myndinni má sjá þau Geir H. Haarde forsætisráðherra, Ómar, Þorgeir Katrín Gunnarsdóttur menntamálaráðherra og þingmennina Guðlaug Þór Þórðarson og Ambjörgu Sveinsdóttur. Í baksýn er Snæfell. - sjá síðu 2

## Boðar samstöðu og sættir flokksmanna

Jón Sigurðsson, nýr formaður Framsóknarflokksins, ætlar að gera allt sem í hans valdi stendur til að jafna ágreining innan flokksins. Guðni Ágústsson var endurkjörinn varaformaður og Sæunn Stefánsdóttir var kosin ritari.

**STJÓRN MÁL** Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, var kjörinn formaður Framsóknarflokksins á flokksþinginu sem lauk í gær. Jón hlaut 417 atkvæði eða 54,8% en Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingaráðherra, hlaut 336 atkvæði eða 44,15%.

Jón þakkaði fundarmönnum stuðninginn og sagði þingið og kjörið vera tímamót í sögu Framsóknarflokksins. Hann sagði úrslit formannskjörsins á þá lund að enginn hefði tapað, allir hefðu sigrad. Þá sagðist hann ætla að gera allt sem í hans valdi stæði til að efla innri samstöðu og jafna ágreining sem upp hefur komið og upp kann að koma innan flokksins.

„Ég er ánægður með kosninguna og er sannfærður um að hún styrkir

flokkinn til framtíðar,“ sagði Jón í samtali við Fréttablaðið.

Siv Friðleifsdóttir var á sama máli og sagðist í samtali við Fréttablaðið telja að flokkurinn allur hefði sigrad. „Ég var tilbúin til að leiða flokkinn en flokksþing hefur talað og þetta er niðurstaðan.“

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra var endurkjörinn varaformaður. Hann hlaut 437 atkvæði eða 60,95% en Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra hlaut 262 atkvæði eða 36,54%. Guðni sagðist hafa haft góða tilfinningu fyrir úrslitunum. „Ég hafði orðið tilfinningu fyrir því að ég væri nokkuð sterkur og myndi



JÓN SIGURÐSSON

hafa þetta,“ sagði hann að kjöri loknu. Jónína sagðist alltaf hafa gert ráð fyrir að kosningarnar gætu farið á þennan veg, en hún verði eftir sem áður í forystustarfi fyrir flokkinn og stefni að því að bjóða sig fram í næstu alþingiskosningum.

Sæunn Stefánsdóttir var kjörin ritari flokksins. Hún hlaut 436 atkvæði eða 75,43% en Haukur Logi Karlsson hlaut 82 atkvæði eða 14,19%. Áður en að kjörinu kom drógu þingmennirnir Birkir Jónsson og Kristinn H. Gunnarsson framboð sín til ritaraembættisins til baka og lýstu yfir stuðningi við Sæunni.

- bps / sjá síður 2 og 6

Bílslys austan við Sandfell:

## Kona alvarlega slösuð eftir veltu

**BÍLSLYS** Kona slasaðist alvarlega þegar jeppi sem hún ók valt á Suðurlandsvegi austan við Sandfell um sjöleytið í gær. Hún var flutt ásamt tveimur farþegum með þyrilu Landhelgisgæslunnar á Landspítalann í Fossvogi. Að sögn Landhelgisgæslunnar voru meisl hennar ekki eins alvarleg og haldið var í fyrstu. Meisli farþeganna voru minniháttar.

Lögreglan á Kirkjubæjarklaustri segir konuna hafa misst stjórn á bílnum með fyrrgreindum afleiðingum, en að öðru leyti sé slysið í rannsókn. Ekkert bendi til þess að um hraðakstur hafi verið að ræða.

- sps

Sala aflaheimilda í Grímsey í kyrrstöðu þar sem ekki hafa náðst samningar:

## Ekki búið að selja kvótann

**ÚTGERÐ** „Þetta er allt í stoppi núna,“ segir Óli Bjarni Ólason, útgerðarmaður í Grímsey, en hann vinnur að sölu aflaheimilda sinna sem eru um tólf hundruð þorskiöldistonn. Málið er mjög stórt fyrir Grímseyinga þar sem aflaheimildir Óla nema fjörutíu prósentum allra aflaheimilda í eynni.

Viðræður höfðu farið fram við útgerðarfélagið Von í Sandgerði en ekki var gengið frá sölu þar sem Von tókst ekki að fjármagna kaupin. Þá hafa staðið yfir viðræður við útgerðarfélagið GPG á Húsavík en ekki hefur enn náðst samkomulag um kaupverð.

Óli segir að ranglega hafi komið fram í frétt Morgunblaðsins að kílóverði sem hann vildi fá væri tvö hundruð krónum yfir markaðsverði. Hið rétta væri að verði væri sjötíu krónum yfir markaðsverði.

Áfram verður unnið að því að selja aflaheimildirnar.

- öh

Office 1 er komin í Húsasmíðjuna

Office 1 Superstore

Skólavörumarkaður  
Skútuvogi, Grafarholti, Selfossi, Akureyri og Keflavík

HÚSASMÍÐJAN  
...ekkert mál



## SPURNING DAGSINS

Haukur, hvað klikkaði?

„Það klikkaði ekki neitt, þetta fór nákvæmlega eins og það átti að fara. Ég breytti mestu þarna þó ég hafi bara fengið eitt atkvæði.“

Haukur Haraldsson var einn þeirra sem bauð sig fram til formanns Framsóknarflokksins. Kosning fór fram á flokksþingi í gær. Af 761 atkvæði hlaut Haukur eitt.

Jón Eggert Guðmundsson gekk 3.446 kílómetra á þremur og hálfum mánuði:

# Lauk strandvegagöngu í Ráðhúsinu

**GÓÐGERÐARMÁL** Jón Eggert Guðmundsson lauk í gær strandvegagöngu sinni til styrktar Krabbameinsfélagi Íslands sem hófst fyrir rúmu ári. Jón skipti strandvegagöngunni í tvo hluta, síðasta sumar gekk hann fyrsta hluta leiðarinnar frá heimili sínu í Hafnarfirði til Egilsstaða. Í sumar hefur Jón svo haldið áfram þar sem frá var horfið og gengið nær daglega í þrjá og hálfan mánuð. Á leið sinni hefur Jón þrætt strandvegi Íslands og lagt samtals 3.446 kílómetra að baki eða um þrjátíu kílómetra á dag.

Þegar blaðamaður Fréttablaðsins náði tali af Jóni var

hann staddur á bensínstöð í Reykjavík að borða pitsusneið áður en hann gekk síðasta spölinni niður í Ráðhús Reykjavíkur þar sem Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri tók á móti honum. „Það er alveg frábær tilfinning að ljúka þessu, en í sannleika sagt er þetta ekki farið að síast alveg inn ennþá,“ sagði hann kampakátur.

„Mig langaði bara að gera eitt hvað sem enginn hefur gert áður og að fá tækifæri til að styrkja gott málefni í leiðinni. Krabbamein er sjúkdómur sem margir fá og flestir eiga aðstandendur sem fengið hafa krabbamein.“

Jón segir að nú taki kærkomin hvíld við hjá sér. „Svo fer maður bara að vinna aftur, ég er búinn að vera í löngu frí frá vinnunni.“

Við komuna í ráðhúsið óskaði Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson Jóni til hamingju með þetta afrek og færði honum ávísun frá Reykjavíkurborg upp á 150.000 krónur sem renna mun til Krabbameinsfélagsins. „Ég er mjög hreykinn af Jóni að hann skuli leggja svona mikið á sig fyrir gott málefni, það má kannski líta á þessa ávísun sem einhvers konar byrjunarframlag frá Reykjavíkurborg,“ sagði Vilhjálmur.



VILHJÁLMMUR Þ. VILHJÁLMSOÐN Borgarstjóri í Reykjavík veitti Jóni Eggerti viðurkenningu við komuna til Reykjavíkur í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Tvö bílslys á Skógarströnd:

## Erlendir velta og enda í skurði

**BÍLSLYS** Tveir bílaleigubílar frá sömu bílaleigunni lentu í óhappi á Skógarströnd í gær. Í báðum tilvikum var ökumaður erlendur.

Rétt eftir miðnætti í gær var jeppa ekið ofan í skurð við Háls. Engin slys urðu á fólki en bifreiðin er ónýtt.

Upp úr hádegi í gær ók bifreið með fimm Spánverjum út af og valt skammt fyrir vestan Gunnarsstaði. Þrír voru fluttir á slysa-deild í Búðardal en meiddi voru ekki alvarleg.

Lögreglan í Búðardal telur að reynsluleysi ökumanna á malarvegum hafi valdið slysunum en ekki hraðakstur.



ÞINGMENN OG LEIÐSÖGUMAÐUR Geir H. Haarde segir vissulega eftirsjá að því landi sem fer undir þegar vatni verður hleypt í Hálsón. Efnahagsleg áhrif framkvæmdanna vegi hins vegar þyngra. Hér má sjá Ómar Ragnarsson leiða hópinn í gönguferð um Kringilsárrana.

# Framkvæmdirnar njóta stuðnings

Forsætisráðherra heimsótti virkjanasvæði Kárahnjúka í gær ásamt Ómari Ragnarssyni. Ráðherrann sá stóran hluta þess svæðis sem fer undir vatn í fyrsta sinn.

**VIRKJANAMÁL** Geir H. Haarde, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, segir menn hafa gert sér grein fyrir umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar þegar ráðist var í framkvæmdirnar. Hins vegar verði alltaf að eiga sér stað ákveðið hagsmunamat þegar stórar ákvarðanir eru teknar. „Ég tel að við höfum tekið hárrétta ákvörðun. Auðvitað er alltaf eftirsjá að landi sem hverfur. Hins vegar er mikið af þessu örfokaland, þótt eitthvað sé um gróin svæði. Ef ég ætti að velja efnahagsáhrifin af virkjuninni eða að halda þessu landi myndi ég velja nákvæmlega sama kost og við gerðum á sínum tíma,“ sagði Geir á Kárahnjúkum.

Geir heimsótti í gær virkjanarsvæði Kárahnjúkavirkjunar undir leiðsögn Ómars Ragnarssonar fjölmíðlamanns. Með í för voru þau Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir,

menntamálaráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins, auk þingmannanna Guðlaugs Þórs Þórðarsonar og Arnbjargar Sveinsdóttur.

Ómar flaug með hópinn í eins hreyfils flugvél vítt og breitt yfir virkjanasvæðið og sýndi þeim stóran hluta þess svæðis sem fer undir þegar vatni verður hleypt í Hálsón. Ferðinni lauk svo á Kringilsárrana sem verður á um sextíu metra dýpi. Þaðan leiddi Ómar hópinn í gönguferð um svæðið.

Geir H. Haarde sagðist vera að sjá marga þá staði sem Ómar sýndi hópnum í fyrsta skipti. „Ég hef náttúrulega skoðað virkjanasvæðið og þar í kring. Þetta er þó nýtt að sumu leyti og einstaklega gaman að sjá svæðið úr lofti, sérstaklega í fylgd þessa einstaka leiðsögu-manns.“

Virkjunin við Kárahnjúka hefur

verið mikið hitamál í samfélaginu en Geir telur ekki leika vafa á því að framkvæmdirnar njóti stuðnings. „Ákvörðunin var tekin lögum samkvæmt og ég held að hún njóti stuðnings bæði í flestum stjórnmálaflokkum og meðal þjóðarinnar.“

Ómar Ragnarsson segir ferðina hafa gengið vel í alla staði. Það hafi verið mikil ánægja og heiður að fylgja hópnum um svæðið. „Þessar ferðir mínar um svæðið eru fyrst og fremst til að miðla upplýsingum. Síðan er það fólks að vinna úr þeim upplýsingum.“

Ómar hefur einnig boðið ráðherrum Framsóknarflokksins í skoðunarferð um virkjanarsvæðið; þegar hafa þau Valgerður Sverrisdóttir, Guðni Ágústsson og Jónína Bjartmarz þekkt boðið. Þá liggur sams konar boð á borði forsvarsmanna helstu fjölmiðla og forseta Íslands.

jsk@frettabladid.is

Geir um formannskjörið:

## Péttir og bætir ríkisstjórnina

**STJÓRNAMÁL** Geir H. Haarde telur niðurstöðu landsfundar framsóknarmanna til þess fallna að þetta og bæta ríkisstjórnarsamstarfið. Hann segir þó ómögulegt að spá hvort verulegar áherslubreytingar fylgi nýrri forustu. „Ég tel fullvíst að við í Sjálfstæðisflokknum eigum áfram gott samstarf við ráðherra Framsóknarflokksins.“

Geir segir þau Jón Sigurðsson formann, Guðna Ágústsson varaformann og Sæunni Stefánsdóttur ritara, vel að sínum embættum komin. Hann telur þó mikla eftirsjá að Halldóri Ásgrímssyni úr stjórnmálum „Við höfum átt gott samstarf sem staðið hefur í áratugi,“ sagði Geir á Kárahnjúkum í gær.

- jsk

Ályktun Framsóknarflokksins:

## Allir ráðist gegn verðbólgunni

**STJÓRNAMÁL** „Þótt verðbólga sé slæm þá er tímabundin verðbólga ásættanlegri en tímabil atvinnuleysis með tilheyrandi niðurbroti einstaklinga og fjölskyldna. Hins vegar er mikilvægt að allir landsmenn leggjast á áramnar til þess að kveða niður verðbólgun.“

Þetta er meðal þess sem er að finna í stjórnmálaályktun flokksþings Framsóknarflokksins sem samþykkt var í gærmorgun.

Í ályktunni segir að mikilvægt sé að varnir landsins verði áfram trúverðugar og öryggi borgaranna tryggt þannig að brugðist sé við ógnum með skjóttum og skilvirkum hætti. Um alþjóðasamskipti segir að samningurinn um evrópska efnahagssvæðið henti vel og allt bendi til að svo verði áfram. Þá sé nauðsynlegt að skapa almenna sátt um nýtingu náttúruauðlinda.

- bps



ÞYLSA MEÐ ÖLLU Virusum mun nú verða dreift á pylsur í Bandaríkjunum.

Bandarískar rannsóknir:

## Ætum vírusum dreift á mat

**BANDARÍKIN, AP** Bandarísk heilbrigðisvirkir hafa leyft notkun á blöndu vírusa sem úðað verður á kjötálegg, pylsur og kjúklinga. Virusarnir éta bakteríur sem geta valdið lífshættulegum sýkingum.

Virusablöndunni mun verða úðað á kjötafurðirnar áður en þeim er pakkað í lofttæmdar umbúðir og er framleiðendum ekki skylt að gefa upp hvort blandan hafi verið notuð.

Meðal bakteríanna sem virusarnir éta eru *Listeria monocytogenes*, sem leggjast helst á þungaðar konur, ungabörn og fólk með veik ónæmiskerfi, og deyrja um 500 Bandaríkjamenn úr listeriosis á ári hverju.

- smk



HAIM RAMON Dómsmálaráðherra Ísraels er sakaður um að hafa kynferðislega áreitit 18 ára gamla herkonu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dómsmálaráðherra Ísraels:

## Segir af sér vegna kæru

**ÍSRAEL, AP** Dómsmálaráðherra Ísraels, Haim Ramon, ætlar að segja af sér í dag vegna dómsmáls, en hann er sakaður um kynferðislega áreitni við átján ára gamla herkonu. Stúlkan segir Ramon hafa þröngvað kossi á varir hennar sama dag og stríðið við Hizbollah hófst, 12. júlí.

Verði Ramon fundinn sekur, getur hann átt von á allt að þriggja ára fangelsisdómi.

Ramon er mikill stuðningsmaður Ehuds Olmert, forsætisráðherra Ísraels. Er málið talið hafa slæm áhrif á álit Ísraels á Olmert og ríkisstjórn hans, en hann nýtur æ minni stuðnings landa sinna vegna stríðsins við Hizbollah.

- smk

## LÖGREGLUFRETTIR

**Bruni í Blöndudal** Eldur kom upp út frá uppþvottavél í tvílyftu íbúðarhúsi á Ytri-Löngumýri í Blöndudal í gær. Að sögn lögreglunnar á Blönduósi náði bóndinn að slökkva eldinn sjálfur áður en slökkviliðið mætti á svæðið, en það reykræsti húsið. Töluverðar skemmdir urðu á húsinu vegna reyksins og duftsins úr slökkvitækinu, en litlar eiginlegar brunaskemmdir.

**Vörubíll valt** Vörubifreið fór á hliðina á Þingvallavegi við Ljósafosstöð um fimm leytið í gær. Engin slys urðu á fólki. Tildrög slyssins eru ókunn að sögn lögreglunnar á Selfossi. Ökumaður er ekki grunaður um ölvunarakstur.

**Ekið á barn** Ekið var á tveggja ára gamalt barn á Hringbraut í Keflavík um hádegi í gær. Barnið hljóp í veg fyrir bifreið með fyrrgreindum afleiðingum. Meiddi barnsins voru ekki teljandi.

Ísraelsher réðist aftur inn í Líbanon þrátt fyrir vopnahléssamkomulag SP:

## Hóta enn frekari árásum

**ÍSRAEL, LÍBANON, AP** Ísraelar sendu hersveitir inn í Líbanon í gærmorgun, þrátt fyrir vopnahléssamkomulag Sameinuðu þjóðanna, og réðust þær gegn liðsmönnum Hizbollah sem svöruðu í sömu mynt. Í átökunum felldu Hizbollah-liðar einn ísraelskan hermenn og særðu tvo aðra að sögn líbanskra og ísraelskra yfirvalda, og flýðu Ísraelar af vettvangi eftir að þeir biðu lægri hlut í átökunum.

Forsætisráðherra Líbanons, Fuad Saniora, sakaði Ísraela um að hafa rofið vopnahléið og sagðist ætla að ræða við Kofi Annan,



SPRENGJUR Ísraelsher réðist inn í Líbanon í gær, þrátt fyrir vopnahlé.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

framkvæmdastjóra SP, um árásinu, en talsmenn Ísraelshers sögðust hafa verið að stöðva afhend-

ingu vopna frá Íran og Sýrlandi til Hizbollah og að búast mætti við fleiri árásum.


Ílla gengur að manna alþjóðlegt herlið sem senda á til Líbanons samkvæmt ákvörðun SP, og í gær varaði Elias al-Murr, landvarnarráðherra Líbanons, við því að stjórnin gæti meinað alþjóðahernum aðgang að landinu, hefðu Sameinuðu þjóðirnar ekki afskipti af Ísrael vegna árásarinnar.

Franskt herskip kom til Beirút í Líbanon í gær með fimmtíu af tvö hundruð hermönnum sem Frakkar hafa lofað í alþjóðlegu hersveitina.

- smk

ÆVINTÝRAEYJAN  
ÍSLAND

# Góður endir!



**12 kr.**  
eldsneytisafsláttur á öllum Olís-stöðvum  
milli kl. 15 og 18 í dag, sunnudag!

Við þökkum Íslendingum frábær viðbrögð og góða þátttöku í ferðaleiknum okkar „Ævintýraeyjan Ísland“.

Í dag drögum við út hinn stórglæsilega aðalvinning í beinni útsendingu á Rás 2 – og af því tilefni samgleðjumst við vinningshafanum með því að veita 12 króna afslátt af eldsneyti á öllum Olís-stöðvum í dag frá 15–18.

Ókeypis Ævintýra-íspinni og Ævintýra-svali handa börnunum. Verið velkomin!

Ævintýra-ísflaug og -appelsínudrykkur  
í boði á meðan birgðir endast!



Við höldum með þér!



Ferðamálastofa  
[www.ferdalag.is](http://www.ferdalag.is)

## GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 18.8.2006

## KAUP SALA

Bandaríkjadalur	69,47	69,81
Sterlingspund	130,85	131,49
Evra	89,07	89,57
Dönsk króna	11,937	12,007
Norsk króna	11,014	11,078
Sænsk króna	9,681	9,737
Japanskt jen	0,6006	0,6042

SDR 103,25 103,87

Gengisvísitala krónunnar  
122,9028

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Mexíkómaður handtekinn í Bandaríkjunum talinn tengjast fjöldamorðingjagengi:

## 300 konur myrtar á 13 árum

**BANDARÍKIN** Mexíkómaður sem handtekinn hefur verið í Denver í Bandaríkjunum er grunaður um að tengjast þrettán ára langri bylgju nauðgana og morða á yfir þrjú hundruð ungum konum í mexíkóskri landamæraborg og nágrenni hennar, að því er kemur fram á fréttavef breska ríkisútvarpsins, BBC. Sjálfur er Edgar Alvarez Cruz talinn bera ábyrgð á dauða minnst tíu kvenna á aldrinum 15 til 21 árs í Ciudad Juarez í Mexíkó, rétt við Texas.

Talsmaður bandaríska sendiráðsins sagði að Alvarez Cruz gæti hafa verið meðlimur í gengi karlanna sem talið er bera ábyrgð á dauða margra kvennanna.

Konunum var rænt, nauðgað og þær síðan myrtar, en mörg líkin fundust í eyðimörkinni. Margar kvennanna voru fátækar og einstæðar mæður sem unnu í verksmiðjum.

Þótt einhverjar handtökur hafi verið gerðar á síðasta áratug vegna morðanna á konunum, hefur yfirvöldum ekki tekist að stöðva ofbeldið. Mannréttindasamtökin Amnesty International kvörtuðu í fyrra yfir því að ríkisstjórn Mexíkó tæki málið ekki alvarlega.

Alvarez Cruz var handtekinn fyrir meint brot á innflytjendalögum og verður honum vísað úr landi. Fer hann með lögreglufylgd til Mexíkó.



GRUNADUR FJÖLDAMORÐINGI Edgar Alvarez Cruz er grunaður um að hafa myrt fjölda kvenna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íkó, þar sem yfirvöld þar munu taka við honum.

Hann mun hafa legið undir grun í Mexíkó áður en hann flutti til Bandaríkjanna.

- smk

Hlaut sprungur í höfuðkúpu:

## Maður sleginn í Skerjafirði

**LÍKAMSÁRÁS** Maður hlaut sprungur í kinnbein, augnbót og höfuðkúpu þegar hann var sleginn í andlit í fyrrinótt. Maðurinn, sem er 24 ára, var í heimahúsi í Skerjafirði þegar árásin átti sér stað. Hann var fluttur meðvitundarlaus á slysadeild en komst fljótlega til meðvitundar eftir að þangað var komið.

Árásarmaðurinn, 27 ára karlmaður, var handtekinn og færður í fangageymslu. Skýrsla var tekin af honum í gær. Lögregla veit ekki hvað lá að baki árásinni en grunar að áfengi hafi verið með í spilinun.

- sfs



SIGRI FAGNADÓTTIR Eitt einkunnarorða Reykjavíkurmarabons er „Allir sigra“. Metþáttaka var í Reykjavíkurmaraboni í ár og var fjöldi sigurvegara um tíu þúsund.

Forstjóri Glitnis hljóp í gær:

## Bætti met sitt um hálf tíma

**MARAPON** „Þetta gekk alveg sérstaklega vel. Bæði var frábært að sjá hversu margir tóku þátt og að finna þennan öfluga stuðning frá borgarbúum og öðrum samkeppendum á leiðinni,“ segir Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, eftir að hafa hlaupið heilt marabon í Reykjavíkurmaraboni í gær. „Ég náði að bæta minn tíma um rúman hálf tíma og hljóp á þremur og hálfum tíma.“

Samtals tóku tæplega tíu þúsund manns þátt í Reykjavíkurmaraboni í gær, þar af um fimm hundruð sem hlupu heilt marabon. Langflestir hlupu í eins og hálfu kílómetra Latabæjarhlaupi, eða rúmlega fjögur þúsund krakkar. Fjöldi þátttakenda í Reykjavíkurmaraboni hefur rúmlega tvöfaldast frá því í fyrra. Þá tóku samtals um fjögur þúsund manns þátt í hlaupinu.

- sfs

## NOREGUR

**Fullur flugmaður** Norsk yfirvöld handtöku pakistanskan flugmann skömmu fyrir flugtak á laugardag í Ósló því áfengismagn í blóði hans reyndist yfir leyfilegum mörkum. Farpægvalinn sem maðurinn átti að stjórna var seinkað um hálf tíma vegna atviksins, en flugmaðurinn var færður í fangageymslu lögreglu.

## Fjölmenni naut veðurblíðunnar í miðbæ Reykjavíkur

Mikil stemning var í miðborg Reykjavíkur um miðjan dag í gær enda veður með besta móti. Tónleikar og myndlistarsýningar voru víða og sjálfur íþróttaálfurinn var mættur til þess að gleðja börnin. Blaðamaður og ljósmyndari Fréttablaðsins gerðu sér ferð í miðbæinn og ræddu við fólk sem varð á vegi þeirra.

**MENNINGARNÓTT** Á bilinu fimmtíu til sextíu þúsund manns voru í miðborg Reykjavíkur um klukkan 16 í gær. Hljómsveitin Jeff Who? gerir greinilega stórmandi lukku þessa dagana hjá fólk á öllum aldri. Flestir þeir sem Fréttablaðið ræddi við nefndu tónleika sveitarinnar við Landsbankann sem mest spennandi atriðið í dag-skránni.

Hjónin Dóra Pálsdóttir og Jens Tollefsen tóku því rólega í miðborginni í gær. „Okkur finnst svo gaman að dást að litlu börnunum sem fá að hitta íþróttaálfinn. Því miður erum við ekki með barnabörnin hérna með okkur. Við missum auðvitað ekki af Jeff Who? og síðan ætlum við að fara á óperutón-

leikana á Miklatúni,“ segja þau. „Okkur finnst þessi dagur alveg frábær og það var ótrúlegt að sjá hvað það var gífurlega mikill fjöldi af fólk sem tók þátt í hlaupunum.“

Þau Hildur, Þórdís, Alda, Nikolas, Ríkey og Ragnheiður stóðu við Austurvöll og dreifðu auglýsingamiðum frá Hjalparstofnun kirkjunnar. „Við erum að kynna fyrir fólk að það getur keypt geit handa fátækum fjölskyldum í Malaví. Við erum búin að hlusta á Bogomil Font á Laugaveginum og svo ætlum við á Jeff Who?“, segja þau öll í kór. „Svo ætlum við að sjá Hairdoctor, Baggalút, Benna Hemm Hemm og svo auðvitað flugdásýninguna í kvöld. Svo er Nikolas að spila sjálfur með nokkr-



VINNA GÓÐGERÐASTARF Þau Ragnheiður, Ríkey, Nikolas, Alda, Þórdís og Hildur dreifðu kynningarmiðum fyrir Hjalparstofnun kirkjunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN



LÖGREGLAN Á REIÐHJÓLUM Vegna mannmergðar ferðuðust lögreglumenn um miðborgina á reiðhjólum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

um hljómsveitum á bak við Mál og menningu og við ætlum auðvitað að hlusta á hann.“

Austurvöllur var þéttsetinn líkt og vanalega þegar sólin lætur sjá sig. Þau Gunnar Steinn Aðalsteinnsson, Erna Einarssdóttir og Guðlaugur Ingason höfðu tekið því rólega þegar blaðamaður hittir þau að máli. „Við erum nú bara búin að vera að slappa af og drekka í okkur menninguna og smá bjór í leiðinni. Við kíktum á tónleika á Laugaveginum og svo er ætlunin bara að kíkja út á lífið.“

Vegna mannfjöldans í miðborginni notaðist lögreglan við reiðhjól til þess að komast á milli staða. Að sögn vakthafandi reiðhjólalögreglumanns fór dagskráin um miðjan dag vel fram en talsverður erill hafði þó verið hjá þeim.

valgeir@frettabladid.is



Á AUSTURVELLI Fjölmenni var á Austurvelli í blíðunni.



DREKKA Í SIG MENNINGUNA Gunnar Steinn Aðalsteinnsson, Erna Einarssdóttir og Guðlaugur Ingason.

Opinn dagur í Hreyfilandi  
í dag kl. 16-18

2 stórir hoppukastalar, blöðrur og óvænt uppákoma

**HREYFI LAND**

Við bjóðum upp á 20% áfslatt af öllum námskeiðum í haust aðeins í dag.

MEÐRAFIMI •  
Meðgöngujóga • Bumbufimi • Snillingafimi  
fyrir börn 3-12 mánaða • Hreyfifimi fyrir börn  
1-3 ára • Gþ-fimi fyrir börn 3-5 ára

hreyfiland.is | 577 2555 | Stangarhylur 7 | 110 Reykjavík

**VEÐURSPÁ**

um hádegi »

BLÍÐI Í DAG OG Á MORGUN  
Það veður ekki annað sagt en að veðrið hafi farið á besta veg í gær á Menningarnótt. Ég var reyndar búinn að spá ágætum seinniparti og kvöldi en að veðrið yrði jafn gott og raun bar vitni og það strax frá morgni er betra en bestu spár gerðu ráð fyrir. Og það sem betra er, er að dagurinn í dag og á morgun verða álika góðir. En svo horfir til breytinga á þriðjudag þegar lægð nálgast með vind og vætu.

VEÐURHORFUR Í BORGinni Í DAG  
Fremur hæg súlægg átt.  
Hálfskýjað eða léttskýjað.  
Hiti 12-15 stig í dag.

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

um hádegi »

Kaupmannahöfn	23°C skúrir	London	20°C skúrir
Billund	20°C rigning	Paris	19°C skúrir
Oslo	21°C skúrir	Frankfurt	22°C skúrir
Stokkhólmur	20°C rigning	Friedrichshafen	19°C skúrir
Gautaborg	20°C skúrir	Berlin	24°C skúrir

» á morgun

3-8 m/s. Hætt við lítilsháttar súld sunnan og vestan til.

» Þriðjudagur


Alicante	30°C heiðskirt
Mallorca	26°C alskýjað
Algarve	28°C heiðskirt
Krít	34°C heiðskirt
Las Palmas	25°C heiðskirt

Strekkjngur sunnan og vestan til annars hæðari.

\* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

HUGURINN BER ÞIG  
ÁDEINS HÁLFA LEIÐ

ISLENSKA AUGLÝSINGASTOFNANNA ÍSÍCE 33115 06/2008



NEW YORK  
MIN

„ÉG GET EMJAD YFIR FREISTANDI KRÁSUM  
Í DEAN AND DELUCA Á BROADWAY.“



FLUG OG GISTING Í 3 NÆTUR FRÁ **63.700** KR.

Pálína Jónsdóttir, leikkona, segir frá New York í nýjum haust- og vetrarbæklingi Icelandair, Mín borg. Við bjóðum úrval pakkaferða, helgarferða til 19 áfangastaða austan hafs og vestan, golfferða og sérferða. Kynnið ykkur málið og takið síðan ákvörðun. Ævintýrin liggja í loftinu.

+ Bókaðu á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)

Safnaðu  
Vildarpunktum

VISA Punktamir upp í MasterCard Ferðaávisun gildir



WWW.ICELANDAIR.IS

\*Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting á Hotel Edison\*\*\* í tvíþýli í 3 nætur, morgunverður og þjónustugjald.  
Handhafar Vildarkorta VISA og Icelandair geta nýtt 10.000 Vildarpunkta sem 6.000 króna greiðslu upp í flugfargjald með áætlunarflugi Icelandair. Þetta flug gefur 4.200 - 10.600 Vildarpunkta.



## KJÖRKASSINN

Var rétt ákvörðun að skipta upp menntaráði Reykjavíkurborgar?

Já	23%
Nei	77%

### SPURNING DAGSINS Í DAG:

Mun Jón Sigurðsson auka fylgi Framsóknarflokksins?

Segðu skoðun þína á Vísí.is



Guðni Ágústsson var endurkjörinn varaformaður Framsóknarflokksins með rúmlega 60% atkvæða:

# Eiginkonu Guðna dreymdi úrslitin

**STJÓRN MÁL** Guðni Ágústsson kvaðst hræður og þakklátur eftir varaformannskjörið. Hann sló á léttu strengi í ræðu sinni og þakkaði Jónínu Bjartmarz fyrir að hann hefði þurft að hafa fyrir sigrinum. Þá sagði hann Jónínu sterkari stjórnmálamannt eftir glímuna við hann. Guðni beindi svo orðum sínum að Margréti Hauksdóttur eiginkonu sinni og sagði hana hafa dreymt fyrir úrslitunum nákvæmlega eins og tölurnar féllu.

Í samtali við Fréttablaðið sagði Guðni að einhverjar breytingar yrðu á flokknum með breyttri forystu. „Með nýjum mönnum koma alltaf einhverjir nýir vindar og

hér er flokksþing sem er gríðarlega sterkt og leggur mikla áherslu á samstöðuna. Við horfum núna til framtíðarinnar og það sem er að baki er að baki. Ég trúi því að hér sé sterkur flokkur á ferð sem mun endurheimta fylgi sitt.“

Guðni sagði Framsóknarflokkinn hafa áorðað miklu í níutíu ára langri sögu sinni og gefið þjóðinni mikið. Nú þurfi flokksmenn að gefa flokknum sínum einingu og samstöðu.

Þá þakkaði Guðni Halldóri Ásgrímssyni farsæl störf um langa hríð og sterka forystu í flokknum.

-bbs

### GUÐNI ÁGÚSTSSON

Hann segir nýja forystu hafa í för með sér breytingar í flokknum. Horft sé til framtíðar og það sem sé að baki sé að baki.



Sæunn Stefánsdóttir:

## Gat ekki beðið um betra kjör

**STJÓRN MÁL** „Ég er fyrst og fremst þakklát þingfulltrúum fyrir þetta mikla traust sem mér var sýnt. Ég held að það sé ekki hægt að biðja um betra kjör en þetta miðað við að tveir voru í framboði,“ segir Sæunn Stefánsdóttir, nýkjörin ritari Framsóknarflokksins.

„Framsóknarflokkurinn hefur alltaf haft konur í forystu flokksins og það verður engin breyting á því núna. Ég á ekki von á að ég hafi einungis verið kosin kynferðis míns vegna heldur líka vegna þess sem ég stend fyrir og hef upp á að bjóða.“

-sps

### ÚRSLIT KOSNINGA

#### FORMANNSKJÖR

Jón Sigurðsson	417 atkv.	54,8%
Siv Friðleifsdóttir	336 atkv.	44,15%
Aðrir*	8 atkv.	1,05%

Á kjörskrá	841
Greidd atkvæði	761 - 90,5%

\* Guðni Ágústsson (3 atkv.)  
Jón Kristjánsson (2)  
Jónína Bjartmarz (1)  
Ómar Stefánsson (1)  
Haukur Haraldsson (1)

#### VARAFORMANNSKJÖR

Guðni Ágústsson	437 atkv.	60,95%
Jónína Bjartmarz	262 atkv.	36,54%
Aðrir**	18 atkv.	2,51%

Á kjörskrá	841
Greidd atkvæði	718 - 85,4%

\*\* Siv Friðleifsdóttir (17 atkv.)  
Ísólfur Gylfi Pálmason (1)



**BREYTT FORYSTA** Jón Sigurðsson segir meginatriðin í stefnu Framsóknarflokksins í hans formannstíð vera að ná jafnvægi í efnahagsmálum og halda áfram að efla íslenskt þekkingarþjóðfélag. Siv Friðleifsdóttir segist þakklát fyrir þann stuðning sem hún fékk í kosningunni.

# Ekki auðvelt að setjast í stól Halldórs

Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, lauk lofsorði á Halldór Ásgrímsson í ræðu á flokksþinginu í gær og þakkaði honum árangursrík störf fyrir land og þjóð. Siv Friðleifsdóttir segir stöðu sína innan flokksins hafa styrkst.

**STJÓRN MÁL** Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði nafn forvera síns, Halldórs Ásgrímssonar, tengjast flest öllum mikilvægustu umbótamálum og framförum í íslensku samfélagi á umliðnum mörgum árum. „Hann hefur verið sannkallaður baráttumaður og brautryðjandi góðra málefna fyrir okkur öll hin,“ sagði Jón meðal annars í ræðu sinni eftir að úrslit í formannskjörið höfðu verið kunngjörð.

Í samtali við Fréttablaðið sagði Jón ekki auðvelt að setjast í stól Halldórs og svaraði aðspurður að í raun mætti ekki bera þá saman. „Ég græði nú ekki mikið á þeim samanburði. Við erum ólíkir menn, Halldór hefur sinn svip og sínar áherslur og ég hef mínar áherslur. En við erum algjörir samherjar í málefnavinnu.“

Jón sagði stefnu Framsóknarflokksins setta á oddinn í sinni formannstíð en hún sé í meginatriðum að ná jafnvægi í efnahagsmálunum og halda áfram að þroska og efla íslenskt þekkingarþjóðfélag. „Evrópumálin eru allri þjóðinni hugleikin en aðild að Evrópusambandinu er ekki á dagskrá á næstu árum. Við þurfum fyrst að ná varanlegum styrkleika og stöðugleika til þess að við getum metið það, sem frjáls þjóð, hvað sé mesta gæfusporið fyrir landsmenn.“

Hefð er fyrir því að formaður þess ríkisstjórnarflokks sem ekki fer með forsætisráðuneytið sé utanríkisráðherra en aðspurður sagði Jón ekki eiga von á að taka við því embætti. Í það minnsta liggja ekkert fyrir um það.

Siv Friðleifsdóttir, sem sóttist

eftir formannsembættinu, sagðist þakklát fyrir stuðninginn sem hún fékk í kosningunni og metur stöðu sína innan flokksins sterkari á eftir. „Ég fæ afar góðan stuðning í embætti formanns og mun áfram bjóða mig fram til góðra verka í næstu þingkosningum.“ Siv sagðist enn fremur telja að Framsóknarflokkurinn væri sterkari nú en fyrir formannskosninguna.

Bæði fóru þau fögrum orðum hvort um annað, Siv þakkaði Jóni harða en drengilega baráttu og óskaði honum til hamingju með sigurinn. Jón sagði Siv vera í forystusveit flokksins og verða það áfram. „Við höfum unnið vel saman innan Framsóknarflokksins og ég hef stutt hana í hennar kjördæmi og við munum áfram vinna að því að efla Framsóknarflokkinn.“

bjorn@frettabladid.is

Jónína Bjartmarz, umhverfisráðherra, segist hlakka til samstarfs við nýja forystu:

## Telur bjarta tíma framundan

**FRAMSÓKN** Jónína Bjartmarz, umhverfisráðherra, segist ætla að halda ótraud áfram að starfa í forystu Framsóknarflokksins þrátt fyrir ósigurinn í varaformannskjörið. Hún sagði Guðna njóta góðs af því að hafa starfað lengi í forystu flokksins og þekkja flokksmenn vel. „Annaðhvort sigrar maður eða tapar í kosningum eins og þessum. Guðni hefur gegnt stöðu varaformanns í Framsóknarflokknum um árabíl og hafði hug á því að gegna þeirri stöðu áfram. Hann hefur starfað lengi í flokknum og þekkir vel til þeirra sem starfa í flokknum. Ég gerði alltaf ráð fyrir því að kosningarnar gætu farið á þennan veg, en ég

held áfram að vera í forystustarfi fyrir flokkinn og stefni að því að bjóða mig fram í næstu alþingiskosningum.“

Jónína sagðist í ræðu sinni hafa í tvígang tapað fyrir Guðna í kosningum um varaformannsembættið, en sagðist, meira í gamni en alvöru, treysta sér í þriðju kosningarnar. „Allt er þegar þrennt er,“ sagði Jónína og brosti.

Hún sagðist ætla sér að starfa af miklum krafti með nýrri forystu. „Það er spennandi vinna framundan og ég ætla svo sannarlega að leggja mitt af mörkum á komandi kosningavetri, og hlakka til samstarfsins við forystusveit flokksins.“

-mh



**JÓNÍNA BJARTMARZ** Sætti sig við úrslitin í kosningunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ný námskeið hefjast 4.september

ashtanga vinyasa jóga

byrjenda og framhaldsnámskeið

mjúkir og rólegir  
hathajógatímar

vinyasa kraftjóga

morgun og hádegistímar,  
síðdegis og kvöldtímar

kennarar: ingibjörg, gummi, talya, hlín og billi



yoga shala

reykjavík

engjateigur 5

www.yogashala.is

skráning í síma 553 0203

og á yoga@yogashala.is

# Ferskleiki í fyrirrúmi!

Bestir í kjöti  
**NÓATÚN**

í 40 ár

Úr  
Fiskborði  
Nóatúns

Sparaðu  
**400**  
kr.

GRÍSALUNDIR  
MEÐ  
SÆLKERAFYLLINGU

**2.398** kr. kg

Úr  
Kjötborði  
Nóatúns

KEILUSTEIK  
MEÐ KARRÝ

**1.298** kr. kg.

Lambakjöt af nýslátruðu í verslunum Nóatúns

Úr  
Kjötborði  
Nóatúns

**20%**  
afsláttur

NAUTAFILLET

Í RAUÐVÍNSPIPARMARINERINU

**2.638** kr. kg.

Úr  
Kjötborði  
Nóatúns

LAMBAHRYGGUR AF NÝSLÁTRUÐU

ÚR KJÖTBORÐI

**1.498** kr. kg.

Úr  
Kjötborði  
Nóatúns

SÆLKERABÖKUR

ÚR KJÖTBORÐI

**299** kr. stk.



CADBURY  
SÚKKULAÐIFINGUR  
LJÓST EÐA DÖKKT SÚKKULAÐI

**169** kr. pk.



MERRILD KAFFI  
2 GERÐIR

**399** kr. pk.


Allt  
„Bakað á  
staðnum“

**25%**  
afsláttur

...mmm

**NÓATÚN**

-hljómar vel!



# Sumarferð Samfylkingarinnar

laugardaginn 2. september



**Fjölbreytt skemmtiferð fyrir alla fjölskylduna um Reykjanes.**

Heimsóknir í Garðskagavita, Duushús í Reykjanesbæ, Svartsengi og Bláa lónið.



**Ferðin endar á grillveislu í Höfðaskógi við Hafnarfjörð.**

Miðasala er hafin á skrifstofu Samfylkingarinnar, Hallveigarstíg 1.



**Tekið á móti pöntunum í síma 414 2200 eða samfylking@samfylking.is fram til 25. ágúst.**

Allar nánari upplýsingar á vef Samfylkingarinnar: [www.samfylkingin.is](http://www.samfylkingin.is)



## Allir með!

 **Samfylkingin**

Raúl Castro í viðtali á Kúbu:

## Betri samskipti við Bandaríkin

**HAVANA, AP** Raúl Castro, starfandi forseti og varnarmálaráðgjafi Kúbu, lét þau orð falla í viðtali við kúbverska dagblaðið *Granma* að hann vildi koma á „eðlilegu sambandi“ við Bandaríkin. Raúl tók þó fram að Bandaríkjunum yrði ekkert ágengt í viðskiptum sínum við Kúbu með áframhaldandi „hrokafullri og afskiptasamri“ utanríkis-pólítík.

Varnarmálaráðgjafi sagðist einnig hafa sett lið tugþúsunda hermanna í viðbragðsstöðu vegna þess að Bandaríkjaþing veitti kúbverskum útlögum á Miami 80 milljóna dollara fjárveitingu „til þess að stuðla að lýðræði“ á Kúbu, eftir að upp komst um veikindi Fidels Castro.

- kóp



**RAÚL CASTRO** Byður Bandaríkjunum til vinsamlegra viðræðna „á jafnréttisgrundvelli“.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Efast um framtíð Nyhedsavisen í dönskum fjölmiðlum:

## Traust á Nyhedsavisen sagt hafa beðið hnekki

**DANMÖRK** Framtíð Nyhedsavisen, fríblaðs Dagsbrúnar í Danmörku er ekki björt ef marka má fullyrðingar danskra sérfræðinga um framtíð blaðsins í dönskum fjölmiðlum. En fréttir af stofnun sérstaks sjóðs um fjármögnun blaðsins og slæmri afkomu Dagsbrúnar voru áberandi í dönskum fjölmiðlum í gær.

Viðmælendur dagblaðsins Politiken telja fullvíst að blaðið muni aldrei koma út og annar segir fjárhagsstöðu Dagsbrúnar mjög slæma. Eins kemur fram að traust auglýsenda á blaðið hafi beðið hnekki. Forsvarsmenn Nyhedsavisen gera hins vegar lítið úr málinu og segja forsendur þær sömu og áður og nægt fjármagn fáist til að reka blaðið.

Ritstjóri blaðsins viðurkennir þó að hann hefði kosið að segja frá



**KAUPMANNAHÖFN** Starfsfólk Nyhedsavisen að setja saman skrifborð sín á skrifstofum blaðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/KS


stofnun sjóðsins á annan hátt. Hann telur að umfjöllun annarra dagblaða sé blaðinu ekki hlíðholl eins og búast mátti við.

Þórdís Sigurðardóttir, stjórnarformaður Dagsbrúnar, greindi frá því að Baugur myndi ábyrgjast fjármögnun sjóðsins ef nægt fjármagn fengist ekki hjá öðrum fjárfestum.

-ks



vildarborn



## UMSÓKNIR UM FERÐASTYRKI VILDARBARNA ICELANDAIR

**STYRKIR VERÐA VEITTIR TIL BARNNA Á ALDRINUM 6-16 ÁRA**

Ferðasjóður Vildarbarna er sameiginlegt átak Icelandair og viðskiptavina félagsins til að gera langveikum börnum og fjölskyldum þeirra, og börnum sem búa við sérstakar aðstæður vegna veikinda, kleift að ferðast. Ferðasjóður Vildarbarna hefur gert 80 börnum og fjölskyldum þeirra kleift að fara í ógleymanlega og uppbyggjandi fjölskylduferð. Landsbankinn annast fjárhald sjóðsins. Verndari Vildarbarna er Vigdís Finnbogadóttir.

+ Umsóknareyðublöð eru á [www.vildarborn.is](http://www.vildarborn.is)



[WWW.ICELANDAIR.IS](http://WWW.ICELANDAIR.IS)

Umsóknarfrestur er til 1. september 2006. Úthlutað verður úr sjóðnum fyrsta vetrardag, 21. október 2006.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir:

## Segir umræðu vera einsleita

**STJÓRNMÁL**

„Mér finnst umræðan hafa verið einsleit, okkar rök hafa ekki komist upp á borðið,“ segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, um umræðu vegna stofnunar nýs leikskólaráðs.

„Rök okkar eru fyrst og fremst þau að þjónusta við yngstu börnin í borginni hefur ekki verið nógu góð. Það var ákveðið að kljúfa menntaráð til þess að koma þessum mikilvægu verkefnum hraðar og öruggar í framkvæmd.“ Hún segist harna að Kennarasambandið skuli ekki líta á þetta sem fagleg rök. „Við verðum að lokum dæmd af verum okkar en ekki stjórnskipulagi.“

- sfs



**ÞORBJÖRG HELGA**

Þróunarkenningin:


## Trúum mest

**KÖNNUN** Hlutfall þeirra sem trú á þróunarkenninguna er hæst á Íslandi samkvæmt skoðanakönnun sem kannaði viðhorf fólks í 32 Evrópulöndum ásamt Bandaríkjunum og Japan. Fólkíð var beðið um að játa eða neita fullyrðingunni „Menn, eins og við þekkjum þá, þróuðust út frá eldri dýrategund“.

85 prósent Íslendinga sem svöruðu sögðu já en fíbur Bandaríkjaanna trú næstmínst þjóðanna á þróunarkenninguna því þriðjungur Bandaríkjamanna svaraði fullyrðingunni neitandi. Aðeins Tyrkir voru meiri efasemdammenn um kenninguna. Norðurlöndin, Frakkland, Japan og Bretland komu næst á eftir Íslandi en Kypur og lönd Austur-Evrópu komu í kjölfar Bandaríkjamanna. Könnunin birtist í tímaritinu Science 11. ágúst síðastliðinn.

-rsg





# ÞAKKLÆTI\*

Reykvíkingar og gestir þeirra komu saman á Menningarnótt í miðborginni á laugardaginn og nutu kraftmikils menningarlífs og góðrar samveru frá hádegi til miðnættis.

Bestu þakkir fá hinir fjölmörgu einstaklingar, stofnanir og fyrirtæki sem gerðu listagóða Menningarnótt að veruleika með þátttöku sinni, framlögum og sköpunarkrafti.

Sérstakar þakkir fá Landsbankinn - máttarstólpi Menningarnætur fyrir dýrmætt framlag og Orkuveita Reykjavíkur fyrir glæsilega flugeldasýningu.

Hittumst aftur að ári.

\*Þakklæti no hvk sýna/auðsýna (e-m) þakklæti (fyrir < þetta; gjöfina, greiðann, hjálpina >), láta í ljós þakklæti (sitt)(við < hann, hana >).  
(Heimild: Orðastaður. Orðabók um íslenska málnotkun. Höfundur: Jón Hilmar Jónsson. Útgefandi: Mál og menning, Reykjavík 1994)

MENNINGARNÓTT  
Í REYKJAVÍK



# skoðun

SKÓÐUN  
SJÓNARMÍÐ  
PORSTEINN PÁLSSON

Framsóknarflokkurinn:

## Hefur eitthvað breyst?

Jarðskjálftar eru þeirrar náttúru að leiða út spennu sem hleðst upp í skorpu jarðar. Flokksþing Framsóknarflokksins megnaði hins vegar ekki að leysa út þá spennu sem hlaðist hefur upp á yfirborði flokksstarfseminnar á liðnum misserum.

Halldór Ásgrímsson gerði flokkinn að frjálslyndum stjórn-málaflökki í evrópskum stíl. Stór hluti flokksmanna sýnist á hinn bóginn aldrei hafa sætt sig við nýtt hlutskipti. Spenna milli nýs tíma og rómantíkur horfinnar aldar hlaut því að byggjast upp.

Gamli Þverárhliðarhreppurinn í Borgarfirði var dæmigerður sveitahreppur þar sem framsóknarmenn höfðu sterk pólitísk tök. Nú segja kunnugir að flokkurinn sæki þangað varla fleiri atkvæði en fjögur. En þessi gróskumikla en fámenna sveit hefur á undanföllum árum alið af sér ekki færri en fimm doktora til starfa í þekkingarsamfélagi nútímans.

Þessi smáa tölfræði lýsir þeim umskiptum sem orðið hafa í íslensku samfélagi. Gamli Framsóknarflokkurinn sem átti stærð sína og áhrif að þakka samhentum fjölmennu bændasamfélagi og sterkum samvinnufyrirtækjum framleiðslusamfélagsins kemur ekki aftur. Héðan af verður hann aðeins rómantísk mynd þeirra sem henni unna.

Hitt er annað að uglaust er unnt að breyta Framsóknarflokknum aftur í þá veru að hann vinni til skiptis til hægri og vinstri og láti af öllum metnaði um fastmótaða pólitíska sýn á framtíðina. En það er hins vegar ekki jafn auðvelt þegar aflið sem fyrrum stóð að baki er ekki lengur til. Það sá Halldór Ásgrímsson.

Með kjöri Jóns Sigurðssonar sýnast framsóknarmenn hafa valið til forystu pólitíska framlengingu fráfarandi formanns. Keppinautur hans fór fram sem fulltrúi nýrrar kynslóðar en sótti helst fylgi í raðir gamla rómantíska hluta flokksmanna. Og varaformaðurinn var endurkjörinn með glæsibrag úr þeirra véum.

Í þessu ljósi verður ekki séð að flokksþingið hafi breytt miklu. Engin spenna var leyst úr læðingi. Svar fékkst ekki við þeirri spurningu hvers konar flokkur framsóknarmenn vilja vera til þess að mæta viðfangsefnum nýrrar aldar.

Sú breyting er helst fyrirsjáanleg í kjölfar flokksþingsins að nýr formaður muni leggja meiri rækt en áður var gert við að halda hæfilegum raka á rótum gömlu flokksrómantíkurinnar. Þannig má búast við meiri málamiðlunum.

Fyrstu merkin þar um felast í því að báðir armar flokksins lýstu því yfir að leggja ætti Evrópuumræðuna til hliðar um sinn. Þetta gerist þó að við blasi að einmitt á næsta kjörtímabili geti spurningar þar að lútandi í fyrsta sinn orðið raunhæf álítaefni.

Trúlega hefur það verið innanflokkspólitísk nauðsyn að ná fram samhljómi um þetta viðfangsefni. Þar hafa stundar hyggindi legið að baki. Það léttir tímabundið á spennunni.

En mála sannast er að allar líkur eru á að sú stóra spurning verði sett á dagskrá af öðrum öflum í samfélaginu en stjórn-málaflökkinum. Vera má fyrir þá sök að skemmra sé til þess en menn ætluðu að Framsóknarflokkurinn eins og aðrir flokkar komist ekki hjá því að taka afstöðu í þessum efnun.

Að öllu virtu má segja að Framsóknarflokkurinn hafi valið að vísu lítt þekktan en trúverðugan og traustan formann án þess að svara spurningum kjósenda um það á hvaða vegferð flokkurinn er. Til hvers var Halldór Ásgrímsson að hætta á þessu sumri?

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Tólf fyrrverandi

Í það minnsta tólf fyrrverandi ráðherrar Framsóknarflokksins voru á flokksþinginu í gær og á föstudag en flokkurinn hefur á að skipa sex ráðherra í ríkisstjórninni. Ráðherrarnir fyrrverandi voru Árni Magnússon, Jón Kristjánsson, Ingibjörg Pálmadóttir, Páll Pétursson, Jón Helgason, Tómas Árnason, Ingvar Gíslason, Vilhjálmur Hjálmarsson, Finnur Ingólfsson, Guðmundur Bjarnason, Steingrímur Hermannsson og vitaskuld Halldór Ásgrímsson.

#### Skrapp og skokkaði

Árni Magnússon þurfti að gera að hlé

á þingsetu sinni í gær. Hann kom til fundar og kaus til embættis formanns en þústi svo á braut því vitaskuld þurfti hann, eins og aðrir starfsmenn Glitnis, að taka þátt í Reykjavík-urmarþoninu. Að hlaupi loknu kom Árni aftur til þings og tók þátt í varaformannskjöriinu. Þess má geta að hann blés vart úr nös eftir sprettinn enda vel á sig kominn líkamlega.

#### Þökulagði garðinn

Guðni Ágústsson rifjaði upp gömul kynni þeirra Jóns Sigurðssonar í ræðu eftir að úrslit í varaformannskjöriinu voru ljós. Þeir eru gamlir samstarfsmenn úr ungliðahreifyngu Framsóknarflokksins og rifjaði Guðni upp að einn góðan veðurdag hefði Jón borið að garði þar sem Guðni og Margrét kona hans voru að byggja sér hús á Selfossi. Ekki þótti

Guðna gott að horfa upp á Jón verkefnalausn og lét hann því þökuleggja garðinn. Hafði Jón vit á því að snúa þökunum rétt, með græna litinn upp, sagði Guðni og uppskar hlátur viðstaddra.

bjorn@frettabladid.is

## Góður skóli – jöfn tækifæri

Skólar landsins taka flestir til starfa á næstu dögum. Eins og gengur er tilhlökkunin mismikil hjá krökkunum en mest er spennan örugglega hjá þeim sem eru að koma í fyrsta sinn í skólann. Öll eignum við minningar frá fyrstu skóládögum okkar. Framandi umhverfi, ókunnugir krakkar og kennarinn, ókunnug fullorðin manneskja sem allt í einu var orðin hluti af lífinu manns. Ég varð fyrir því óláni að besta vinkona mín, sem var árinu eldri en ég, hóf skólagoðu sína með hinum sex ára börnunum á Siglufirði. Ég gat engan veginn sætt mig við það óréttlæti að fimm ára maettu ekki fara í skóla og til að losna við tуди í mér ákváðu foreldrar mínir að senda mig í tónlistarskólann. Ég var himinlifandi, þangað til mér var sagt að fyrst þyrfti að innrita mig. Einhverra hluta vegna hélt ég að innrita hlýti að vera það sama og að hárræita, en það var eitt það versta óþokkabragð sem ég þekkti. Eftir því sem innritunardagurinn færðist nær, því áhyggjufyllri varð ég en um leið ákveðnari í því að láta þetta ekki yfir ganga þegjandi og hljóðalaust. Ég lofaði sjálfum mér að þegar skólastjórn myndi byrja á að hárræita mig, þá myndi ég bíta karlinn – fast. Ég mætti með mömmu sem kynnti mig fyrir skólastjóranum, vinalegum manni með rólyndislegt yfirbragð. Ég stífnaði allur upp þegar hann lagði höndina á kollinn á mér og sagði; velkominn Illugi minn. Ég er ekki viss um að ég hefði fengið inngöngu í Tónlistarskóla Siglufjarðar ef ég hefði ákveðið að vera fyrri til og bitið manninn þegar hann klappaði mér svo góðlega á kollinn. Sennilega hefði mér ekki verið hleypt í nokkurn skóla næstu árin.

#### Í DAG GRUNNSKÓLINN



ILLUGI GUNNARSSON

*Víð eigum að stefna að því að krakkarnir sem nú hefja nám í grunnskóla útskrifist úr besta grunnskóla í heimi. Þannig búum við til þjóðfélag jafnra tækifæra og velmegunar.*

fyrsta degi. Það þarf ekki að fjöl-yrða um hversu menntun barnanna skiptir miklu máli. Á undanföllum árum hafa Íslendingar komist í hóp þeirra þjóða þar sem lífsgæði eru mest. Það er mikið afrek að komast úr því að vera ein fátækasta þjóðin og í það að verða ein sú ríkasta. En til þess að halda þessari stöðu og til þess að gera enn betur þurfum við að halda áfram að bæta menntakerfið okkar. Grunnskólinn er hvað mikilvægastur því þar er lagður sá grunnur sem allt hitt byggir á. Það verður að jafnast að það eru vonbrigði að grunnskólarnir á Íslandi skuli ekki koma betur út úr alþóðlegum samanburði en raun ber vitni.

#### Besti grunnskólinn

Háskóli Íslands hefur sett sér það markmið að komast í hóp 100 bestu háskóla heims. Það er metnaðarfullt markmið og gott í sjálfu sér en ég er ekki viss um að HÍ geti náð því. Háskóla- og vísindasamfélag heimsins er margbrotið og flókið og margt sem þarf að breytast í HÍ til að þetta markmið geti orðið annað en metnaðarfullt viðmið. En við eigum að spyrja okkur: Hvi skyldum við ekki setja okkur það markmið að íslenski grunnskólinn verði sá besti í

heimi. Hvað kemur í veg fyrir að svo sé? Við eigum nefnilega alveg möguleika á að gera það. Við höfum efnahagslega getu til þess og íslensk börn eru jafn vel gefin og önnur börn í öðrum löndum. Það er auðvitað margt sem við þurfum að laga til að hægt sé að ná þessu markmiði. Við þurfum meðal annars að auka virðinguna fyrir starfi kennara, bæta menntun þeirra, lengja hana og dýpka. Við þurfum líka að auka fjölbreytni og samkeppni til þess að laða fram það besta í skólastarfinu og mörg önnur verkefni bíða. En það eru engar ófyrstíganlegar hindranir á veginum. Við eigum að hugsa stórt, stefna hátt og gera miklar kröfur um árangur.

#### Menntun skapar jöfnuð

Það samfélag sem hefur þróast hér á landi undanfarinn áratug og hálfan er samfélag tækifæra. Aukið frelsi á öllum sviðum mannlífsins hefur breytt svo þjóðlífinu að fá dæmi eru um svo snögg umskipti í sögu þjóðarinnar. Ein afleiðingin er sú að nú sjást launatölur sem hingað til hafa verið óþekktar hér á landi. Menntun skilar, á ákveðnum sviðum, mjög miklum afrakstri. Þar með eykst bilið á milli þeirra sem hafa há laun og þeirra sem hafa lág laun, undan því verður vart komist. Þetta veldur mörgum áhyggjum. En það versta sem við gætum gert er að reyna að hækka skattana á þeim sem hafa hærra laun, þar með minnkum við hvatann hjá öllum launþegum til að grípa tækifærin og skapa auð. Það besta sem við getum gert er að skapa þjóðfélag sem býður upp á jöfn tækifæri. Það gerum við fyrst og fremst með því að búa til afburðagott menntakerfi. Við eigum að stefna að því að krakkarnir sem nú hefja nám í grunnskóla útskrifist úr besta grunnskóla í heimi. Þannig búum við til þjóðfélag jafnra tækifæra og velmegunar.

Vöflur og Viðey  
Uppgötvaðu Viðey  
Kaffisala kl. 13 – 17

Kr. 1100 fyrir fullorðna Ferjugjald, vaffla og kaffi/kakó  
Kr. 600 fyrir börn Ferjugjald, vaffla og safi

Nánari upplýsingar [www.videy.com](http://www.videy.com)  
533 5055

Reykjavíkurborg

# MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

## Sögurnar, tölurnar, fólkið.

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 PRENTVINNSLA: Ísafoldprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# Ótrúlegt verð á skólavörum

**1** kr/pk  
aðeins 2 pk.  
á mann

$1+1=2$

$\begin{array}{r} 1 \\ +0 \\ \hline 1 \end{array}$

**1** kr/stk  
aðeins 2 stk.  
á mann

$2+2=4$

blý HB 0,5

reglustika glær



Vinsælu Extreme Zombie skólavörurnar



Flottar trölla skólavörur



Mikið úrval af pennaveskjum



Vandaðar skólatöskur í úrvali

Gildir 20. ágúst eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

## PETTA GERÐIST 20. ÁGÚST 1940

### Leon Trotsky er tekinn af lífi

Byltingamaðurinn Lev Davidovich Bronshtein fæddist árið 1879 í Úkraínu sem þá tilheyrði Rússneska keisara-dæminu. Hann kynntist marxisma ungur að aldri og starfaði við neðan-jarðarhreyfingar. Tæplega títugtugur að aldri var hann handtekinn fyrir að vinna fyrir byltingarmenn og var sendur í fjögurra og hálfis árs fangelsi og útleð til Síberíu. Hann flúði fjórum árum síðar með falsað vegabréf undir nafninu Trotsky og fór til London þar sem hann gekk til liðs við hreyfingu sem vildi koma á fót lýðræðislegum sósí-alisma. Trotsky var aftur sendur í fangavist árið 1906 og tókst á nýjan leik að flýja frá útleð í Síberíu. Hann ferðaðist þá víða um heim en sneri síðan aftur til Rússlands árið 1917 og gekk til liðs við bolsévika. Trotsky stjórnaði byltingarmönnum í októberbyltingunni árið 1917 í Rússlandi þar sem



Stalíns.

Það var síðan Stalín sem tók við völdum eftir dauða Leníns og Trotsky missti smátt og smátt völd sín og var að lokum sendur í útleð árið 1928. Á næstu árum bjó Trotsky meðal annars í Tyrklandi, Frakklandi og Noregi en flutti svo til Mexíkó árið 1936 þar sem hann var myrtur af útsendurum Stalíns fjórum árum síðar.

### MREKISATBURÐIR

- 1000** Ungverska ríkið er stofnað af Stephan I.
- 1889** Verkamenn loka höfninni í London.
- 1898** Valhöll á Þingvöllum er vígð og er nafnið dregið af búið Snorra Sturlusonar sem stóð þar skammt frá.
- 1914** Þýski herinn nær Brussel á sitt vald í fyrri heimsstyrjöldinni.
- 1960** Senegal lýsir yfir sjálfstæði.
- 1973** Forseti Íslands fær afhentan tunglstein sem kom með geimferjunni Apollo 17 árið áður.
- 1975** Viking 1 geimskutlunni er skotið af stað til Mars og lendir þar tæpu ári síðar.
- 1982** Halldóra Filippusdóttir klífur Eldey fyrst kvenna en alls klífu átján manns eyjuna þennan dag.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



Ástkær eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Bjarki Magnússon**

læknir, Laugarnesvegi 87,

sem lést á Landspítalanum v/ Hringbraut sunnudaginn 13. ágúst verður jarðsönginn frá Hallgrímskirkju, mánudaginn 21. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vildu minnst hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Birna Friðgeirsdóttir

Magnús K. Bjarkason

Hólmfríður Bjarkadóttir

Anna Elín Bjarkadóttir

Nanna Snorradóttir

Rósbjörg Jónsdóttir

Valgerður G. Bjarkadóttir

barnabörn og barnabarnabarn.

Guðlaug Pálmadóttir

Páll E. Ólason

Herleifur Halldórsson

Orri Jóhannsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, systir og mágkona,

**Guðrún Sigurðardóttir**

menntaskólakennari,

verður jarðsönginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 24. ágúst kl. 15.00.

Bryndís Björnsdóttir

Jónas Páll Björnsson

Sofía Sóley Jónsdóttir

Elías Andri Jónasson

Sigrún Erla Sigurðardóttir

Svanhildur Ása Sigurðardóttir

Soumia Islami

Páll Ásmundsson

Björn Björnsson



Innilegt þakklæti sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Njarðar Svanssonar**

Fellsmúla 15, 108 Reykjavík.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki líknardeildar Landspítalans í Kópavogi og heimahjúkrun Karitas.

Helga Magnúsdóttir

Elín Margrét

Anil Thapa

Andri Snær

Elías Orri og Helgi Alex Thapa



ELÍSABET SVEINSDÓTTIR „Félagið er alltaf að eflast og það er gaman að taka þátt í þessu starfi,” segir formaður Ímark.

## Sköpunargleði í markaðsstarfinu

Elísabet Sveinsdóttir er nýr formaður Ímark, Félags íslensks markaðsfólks, en félagið á tuttugu ára afmæli í ár. Elísabet er forstöðumaður á markaðs- og sölusviði hjá Glitni. „Gömul saga segir frá forstjóra Coke í Bandaríkjunum sem var spurður hvers vegna fyrirtækið þyrfti að auglýsa, það væri jú alltaf nóg keypt af kókinu. En forstjórinn svaraði þá; hvers vegna að slökkva á hreyflunum á flugvélinni þegar hún er búin að ná fullri lofthæð? Fyrirtæki þurfa sífellt að minna á sig,” segir Elísabet. „Ímark er ekki stéttarfélag. Félagið stendur fyrir ýmsum viðburðum og ráð-

stefnum til að hvetja og hjálpa markaðsfólki til að fylgjast með því nýjasta sem er að gerast í markaðsmálum. Svo reynum við að fá fyrirtæki til að viðurkenna að markaðsmálin eru svo stór og nauðsynlegur hluti af starfi fyrirtækja,” segir Elísabet. Haldið var upp á afmæli félagsins með mikilli háttíð í vor en það sem eftir er árs verða fleiri glæsilegar uppákomur á vegum félagsins.

„Í Ímarki er fólk sem hefur áhuga á að starfa við markaðsmál, bæði fólk í markaðsstjórn fyrirtækja eins og ég, en einnig fólk á auglýsingastofum og þeir sem hafa almennt áhuga á

markaðsmálum,” segir Elísabet, en stjórnin samanstendur af mjög breiðum hópi fólks.

Hún hefur starfað hjá Glitni í sex ár og hefur Reykjavíkurmaraþonið sem fram fór í gær ekki farið fram hjá henni, en það er kostað af Glitni. „Innan markaðsdeildar Glitnis hafa nánast allir komið að þessari vinnu og lagt hönd á plóginn til þess að gera þetta sem glæsilegast því þetta er gríðarlega umfangsmikið verkefni. Að því er ég best veit hefur þetta ekki verið gert áður, það er að segja að fyrirtæki styrki ekki bara viðburð heldur kynni hann jafn ítarlega og nú er gert,” segir

Elísabet.

Elísabet lærði markaðsfræði í háskóla í Bandaríkjunum en hefur einnig lagt stund á fjölmiðlafræði við Háskóla Íslands og stundar nú MBA-nám í Háskóla Íslands. En hvað er það sem er svona heillandi við markaðsstörfin? „Þetta er svo lifandi og gefandi og býður upp á svo mikið, þú færð að láta sköpunarkrafinn njóta sín. Svo er ákveðin spennan í starfinu líka, það er ákveðið „kikk“ í því að vera alltaf í kappi við tímann,” segir Elísabet. „Ég var einu sinni fréttamaður en þá hreinsaði maður alltaf borðið. Í þessu starfi hangir alltaf eitthvað yfir þér,” segir hún að lokum. [rosag@frettabladid.is](mailto:rosag@frettabladid.is)

### LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI



Steinsmiðjan **MOSAÍK**  
Harnanshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • [www.mosaik.is](http://www.mosaik.is)

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5000.



Bróðir okkar, mágur og frændi,

**Logi Jónsson**

bókbindari,

sem lést 11. ágúst, verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju mánudaginn 21. ágúst kl. 13.00.

Bragi Jónsson  
Unnur Jónsdóttir  
og systkinabörn.

Ásta Hartmannsdóttir

Afi okkar,

**Kristófer Vilhjálmsson**

Sniðgötu 3, Akureyri,

sem lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri aðfaranótt fimmtudagsins 10. ágúst, verður jarðsönginn frá Möðruvallakirkju í Hörgárdal mánudaginn 21. ágúst kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir.

Hildur Friðleifsdóttir  
Kristófer Arnar Einarsson

# Sýningu á verkum Louisu lýkur í dag

Yfirlitssýning á verkum Louisu Matthíasdóttur lýkur í dag í Listasafninu á Akureyri en sýningin hefur hlotið mjög góðar viðtökur.

Verkin á sýningunni spanna allan hennar listamannsferil sem stóð í sex áratugi og mörg af verkunum sem eru til sýnis hafa ekki sést á Íslandi áður. Sýningin var sett upp Þýskalandi og Danmörku áður en hún fór til Akureyrar og hefur hvarvetna hlotið mjög góða umfjöllun.

Louisa Matthíasdóttir fæddist árið 1917 í Reykjavík en bjó lengst af í Bandaríkjunum. Sautján ára gömul fór Louisa til Danmerkur þar sem hún lærði auglýsingateikun í þrjú ár.



Eftir að hafa dvalið í eitt ár heima á Íslandi fór hún til Parísar þar sem hún fór í skóla og kom heim stuttu eftir að seinni heimsstyrjöldin hófst. Árið 1942 fór hún til New York þar sem hún settist að og giftist Bandaríkjamanninum Leland Bell tveimur árum síðar.

Louisa lést árið 2000 en hún skildi eftir sig fjöldann allan af fallegum myndum og er mikils metin bæði hér heima og erlendis.

**EIN AF MYNDUM LOUISU** Sýningin hefur hlotið góðar viðtökur fyrir norðan í sumar enda ekki á hverjum degi sem fólk gefst færi á að sjá verk Louisu..



**KÖRFUBOLTI** Hinn ellefu ára gamli Justin „Pono“ Tokioka svarar spurningum blaðamanna á táknmáli eftir að fjölskylda hans lagði fram kvörtun yfir því að hann hefði ekki aðgang að tulkapjónustu við tómsundaiðkun sína.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FRÁ VESTMANNAEYJUM** Lundar vísa veginn í Eyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR PÉTUR FRÍDRIKSSON

## Nýir vegvísar

Þessir fallegu vegvísar voru settir upp í Vestmannaeyjum á dögum en hugmyndin að þeim kviknaði á íbúðingum þar í vor. Frosti Gíslason, framkvæmdastjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs Vestmannaeyjabæjar segir að fjölmargar hugmyndir hafi komið fram á þinginu frá íbúum bæjarins.

„Þessar tillögur voru teknar saman í greinargerð sem fór síðan fyrir ýmis ráð í bænum og það var samþykkt að fela mér að útbúa svona skilti og við gerðum frumtillögu að vegvísunum, umhverfis- og framkvæmdasvið. Síðan fengum við auglýsingastofuna Hvíta húsið, til þess að útfæra hugmyndina nánar með okkur og fengum síðan málmsteypuna Hellu til þess að smíða skiltin,“ segir Frosti.

Bæjaryfirvöld hafa þegar sett upp sjö skilti í bænum og segir Frosti að þeim muni fjölga enn frekar á næstunni. Lundinn þrýðir alla vegvísina enda glæsilegt tákn Vestmannaeyja.



**HOLTASÓLEY** í þjóðgarðinum má finna fjöldann allan af íslenskum plöntum. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN ÓLI HILMARSSON

## Plöntur

Í dag klukkan tvö býður þjóðgarðurinn Snæfellsjökull upp á gönguferð og blómaskoðun þar sem Ásta K. Davíðsdóttir blómasérfræðingur fræðir gesti um plönturnar sem þar er að finna. Umfjöllun Ástu verður á þjóðlegum nótum þar sem meðal annars verður rætt um hvernig íslensk hjátrú tengist plöntunum.

Leiðsögnin er ókeypis og tekur gangan um tvo tíma og hefst við afleggjarann upp í Eysteinsdal.



**45.000 kr.**  
afmælisafsláttur!

# Mexíkó

## Heimur Astekanna 9.-25. október

Í tilefni 100 ára afmælis Kuoni efnum við til glæsilegrar hópferðar til Mexíkó.

- 234.900 kr. á mann í tvíbýli með afmælisafslætti
- Íslenskur fararstjóri
- Aðeins 19 sæti í boði.

Mexíkó City - stórborgin litríka - Teotihuacán-pýramídarnir, silfurborgin Taxco, nýlenduborgin Morelia, hin notalega og fallega Guadalajara-borg, þjóðgarðar og sveitalíf - strandbærinn Puerto Vallarta.

Samskonar ferð verður einnig í boði 1.-18. mars.

Nákvæm ferðalýsing og verðlisti liggja frammi á heimasíðu okkar,

[www.kuoni.is](http://www.kuoni.is).

**Aðrar hópferðir í burðarliðnum:**

Nóvember og mars:

Nílargínging, Alexandría og Kairó

Apríl:

Tailand, Laos, Víetnam og Kambódía



**PANTAÐU ÞÍNA FERÐ Í SÍMA 5 100 300**

Langferðir Holtasmára 1 201 Kópavogi Sími 5 100 300 Símbréf 5 100 309

# Glíman við lífið heillar

Póra Karítas er með B.A. gráðu í guðfræði og starfaði meðfram náminu við sjónvarpsþætti á SkjáEinum. Nú er hún nýkomin heim úr leiklistarnámi í London en heldur þangað aftur á næstunni til að reyna fyrir sér í leiklistinni. *Sigríður Hjálmarasdóttir* átti samtalið við Þóru, þar sem hún segir meðal annars frá ævintýrum sínum í London.

Ég komst að því fyrir tilviljun að ég er með breskt vegabréf af því að allir þeir sem eru fæddir í Bretlandi fyrir árið 1981 eru sjálfkrafa breskir ríkisborgarar og ég er einmitt ein þeirra. Eftir þá uppgötvun sagði ég upp vinnunni og sagðist vera farin til London í leiklistarnám. Það hefur verið draumur sem mig hefur alltaf langað til að láta rætast," segir Þóra en hún byrjaði á að fara á tungumálanámskeið í Cambridge þar sem hún var hálfsmeyk við enskuna til að byrja með. „Síðan sótti ég um skóla og það gekk sem betur fer bara vel. Þetta var allt saman svo mikil heppni að mér fannst bara eins og þetta væri eitthvað sem ætti að gerast.“

Þóra fékk inngöngu í Webber Douglas Academy of Dramatic Art en þar fer mjög gott orð af íslenskum nemendum. Meðal þeirra sem lokið hafa námi þaðan eru þekktar leikkonur eins og Þórunn Lárusdóttir, Þórunn Clausen og Álfur Órnólfsdóttir. „Nú er því miður búið að loka skólanum en ég var í síðasta árganginum sem var útskrifaður. Það var rosalega skrítið að vera í síðasta hópnium. Við vorum náttúrulega mjög fá og það var rosalega vel hlúð að okkur. Síðan þegar útskriftin var þá voru allir saman í partí,“ segir Þóra og hlær. „Það mátti sjá skólastjóran og alla kennarana dansa uppi á sviði um miðja nótt. Síðan brutumst við inn í leikhúsið aftur af því að við vissum að það átti bara eftir að brjóta hann niður hvort eð var. Þannig að þetta var alveg frábært.“



**FJALLKONAN FRÍÐ** Þóra var fengin til að vera fjallkona á 17. júní hátíðahöldunum í sumar og var hæstánægð með hlutverkið.

## ÞÓRA KARÍTAS

Útskrifaður leikari frá Webber Douglas Academy of Dramatic Art.

B.A. í guðfræði frá Háskóla Íslands.

Stúdent úr stærðfræðideild Menntaskólans í Reykjavík.

Hjartsláttur á ferð og flugi.

Hjartsláttur í strætó.

Hjartsláttur.

Háskólapátturinn Pensúm.

Skrifta í kvikmyndinni Kaldaljós.

**KOM HEIM TIL AÐ ANDA** Það eru þrjár vikur síðan Þóra útskrifaðist úr leiklistinni í London og ákvað að koma heim í nokkra daga til að ná andanum eftir stíft nám. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Opin fyrir öllu

Þóra gerir stuttan stans hér á landi því hún fer aftur út í lok mánaðarins. Hún útskrifaðist fyrir þremur vikum og ákvað að koma aðeins heim til að draga andann, eins og hún orðar það. „Annars er ég opin fyrir öllu ef einhver hefur skemmtilegt hlutverk handa mér, enda snýst þetta bara um það,“ segir Þóra og bætir við: „Daginn áður en ég fór heim þá höfðu tveir umboðsmenn samband við mig og vildu gera við mig samning. Ég ætla að hitta þá um leið og ég kem út aftur og gera síðan upp við mig hvorn ég vil gera samning við. Mig langar að vera í harkinu í London í einhvern tíma, meðal annars vegna þess að mig langar að búa þar lengur.“

Þóra segist hafa verið ótrúlega heppin með skólafélaga í leiklistarnáminu. „Við vorum sex stelpur saman í bekk og tengdumst alveg rosalega vel. Fjórar þeirra komu meira að segja með mér hingað til Íslands um verslunarmannahelgina í fyrra. Við fórum í Bláa lónið, á hestbak, bak við Seljalandsfoss og að sjálfsgöðu á djammíð. Þetta var alveg æðisleg ferð hjá okkur. Það er mjög misjafnt hvað þekkir myndu mikil tengsl en minn bekkur varð ofboðslega samheldinn. Krakkarnir sögðust meira að segja ætla að sækja mig í þyrlu ef ég festist hér heima,“ segir Þóra brosandí og bætir því við að það sé

frábært að eiga svona samfélag þarna úti sem sé eins og lítill fjölskylda.

### Lærði að anda

Að sögn Þóru er það ótrúleg hjálfun að fara í leiklistarnám. „Þegar maður byrjar finnst manni maður ekki kunna neitt af því það er byrjað á að kenna manni alla hluti upp á nýtt. Okkur var kennt að labba upp á nýtt, tala og meira að segja að anda, sem við töldum okkur nú kunna nokkuð vel. Það var reyndar dálítil glíma til að byrja með að

„Þegar við litum upp úr samræðunum sáum við fimm vopnaða lögreglumenn með tvo lögguhunda, standandi yfir okkur.“

ná enskunní almennilega þar sem hún er náttúrulega ekki mitt fyrsta tungumál.“

Eitt af því sem nemendurnir þurftu að læra var sviðsbardagi með æfingasverðum. „Ég átti að taka próf í því ásamt vini mínum sem hafði fótbrotnað og þess vegna frestaðist alltaf prófið hjá okkur. Við ákváðum síðan að hittast bara utan skólans til að æfa okkur og fórum í almenningsgarð skammt frá heimili hans. Atriðið sem við áttum að æfa var úr myndinni War of the Roses. Atriðið var

með hjónaerjum og bardaga milli hjónanna. Við vorum náttúrulega ægilega metnaðargjörn við æfingararnar og börðumst eins og ljón með æfingasverðunum okkar í garðinum. Síðan tókum við okkur pásu, lögðumst í grasið og duttum í djúpar samræður. Þegar við litum upp úr samræðunum sáum við fimm vopnaða lögreglumenn með tvo lögguhunda, standandi yfir okkur. Þeir höfðu fengið útkall í garðinn vegna árásar á unga konu. Þarna lágum við með sverðin okkar og máttum gjöra svo vel að útskýra fyrir þeim að þetta væri nú ekki alvöru bardagi heldur værum við að æfa okkur fyrir próf í leiklist. Það fór svo þannig á endanum að þeir trúðu okkur enda sáu þeir að við vorum ekkert með alvöru sverð. Við sáum að við værum alveg örugglega tilbúin fyrir prófið fyrst þetta var svona sannfærandi hjá okkur,“ segir Þóra og hlær að þessari fáránlegu uppákomu.

### Vingaðist við betlara

Þóra Karítas lærði guðfræði í Háskóla Íslands áður en hún hélt út í leiklistina og má velta því fyrir sér hvort þessi tvö áhugasvið eigi eitthvað sammerkt. „Það má segja að það hafi verið af nákvæmlega sama áhuga sem ég fór í guðfræðina og leiklistina,“ útskýrir Þóra. „Það er vegna þess að það sem heillar mig er glíman við lífið. Mannlegur áhugi. Ég lendi oft í því þegar ég sit á kaffihúsi eins og núna að ég fæ rosalegan áhuga á einhverri ákveðinni manneskju sem ég sé og langar bara alveg rosalega að kynnast henni. Meira að segja langar mig jafnvel til að prófa að vera hún. Þar má segja að leiklistin komi inn í þetta.“

Vegna þessa mikla áhuga á fólki segir Þóra að það hafi veitt henni gríðarlegan innblástur að koma til London því þar er svo ótrúlegt lítróf af fólki og margt sem ekki sést hér á landi. „Fyrsta manneskjan sem heillaði mig sérstaklega í Notting Hill var betlari sem sat alltaf á sama stað í hverfinu. Smám saman fór ég aðeins að kynnast honum því ég spjallaði svo oft við hann þegar ég labbaði framhjá honum. Þá kom í ljós að hann átti sér alveg stórmerkilega sögu. Hann hafði búið í stóru húsi í Notting Hill, sem er eitt ríkasta hverfið í London. Þegar konan hans féll síðan frá þá tókst honum ekki að höndla sorgina betur en svo að hann er búinn að missa aleiguna og býr núna á götunni í poka, eða eitthvað. Hann hafði verið þekktur ballettdansari og dansað í öllum stærstu leikhúsum í London. Ég leitaði meira að segja stundum til hans þegar ég var stressuð fyrir einhverjar sýningar í skólanum því hann var svo rosalega sviðsvanur að hann gat leiðbeint mér með það hvernig ég ætti að ná að slaka á fyrir sýningararnar. Fólk kemur manni svo oft á óvart þegar maður fer að spjalla við það og á sér jafnvel hina ótrúlegustu sögu.“

### Fjölbreytt áhugasvið

Þóra segir drauminn í dag vera að rækta með sér það sem hún hefur verið að byggja upp síðustu tvö árin. „Það væri frábært að komast í þá aðstöðu að geta tekið að mér fjölbreytt og spennandi verkefni. Ég hef bæði áhuga á að vera í kvikmyndum og á leiksviði en líka að skrifa, sem ég held að bjargi mér dálítið af því maður veit aldrei hvað gerist í þessu fagi. Kannski koma sex mánuðir þar sem ekkert er að gera og síðan aðrir tímar þar sem úr nógu er að móða. Það er kannski ein ástæðan fyrir því að það tók mig svo langan tíma að ákveða að ég vildi gera þetta af því að ég vildi vera viss um hvað ég væri að fara út í. Maður veit aldrei hvað gerist í lífinu og núna held ég að það gildi mest að vera opin fyrir öllu. Kannski kem ég bara til með að búa á mörgum stöðum í framtíðinni enda er heimurinn orðinn svo lítill að það er ekkert svo mikið mál. ■



**HJARTSLÁTTUR** Stöllurnar Þóra Karítas og Maríó Margrét sáu um þáttinn Hjartsláttur tvo vetur í röð á SkjáEinum. Fyrst var Hjartsláttur í strætó og síðan Hjartsláttur á ferð og flugi.

# ÚTSALAN ER Í HÁMARKI

10-60% afsláttur

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00

OPIÐ UM HELGINA  
lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00



**Milano leðursófasett**  
*\*einungis fáanlegt í svörtu leðri*

3+2  
Verð áður: 197.000,-

Tilboðsverð nú: 167.450,-

3+1+1  
Verð áður: 207.000,-

Tilboðsverð nú: 175.950,-



**Romantique hnotu bord**  
190x85 og 6 stólar

Verð áður: 120.000,-  
Allt settið saman verð nú: 67.500,-



**Madison sófaborð** -30%  
135x70 Verð nú: 20.300,-  
60x60 Verð nú: 13.860,-



**Madison eikarborð** -30% Verð áður: 134.000,-  
180x100 og 6 stólar Allt settið nú: 93.800,-



**Leðursófasett Luna**

*\*Einungis selt saman í setti 3+1+1*  
Verð áður: 188.000,-

Tilboðsverð nú: 159.800,-



**Tendence eikarborð** Verð áður: 128.000,-  
190x90 og 6 stólar Verð nú: 97.100,-



-25%

**Barstóll DENNIS**  
Verð áður: 17.500,-  
Verð nú: 13.125,-



-30%

**Stóll LISA**  
Verð áður: 12.500,-  
Verð nú: 8.750,-



-20%

**SOHO leðurstóll**  
Verð áður: 14.500,-  
Verð nú: 11.600,-



-30%

**Stóll ARJAN**  
Verð áður: 13.500,-  
Verð nú: 9.450,-

ego dekor

# Kverkfjallaeldstöð – stafar ógn af henni?

Rannsóknir á framkvæmdasvæðinu við Kárahnjúka sýna ótvírætt að Kverkfjallaeldstöðin hafi áhrif á sprungumyndun og misgengi á framkvæmdasvæðinu. Í þriðju greininni um niðurstöður jarðvísindalegra rannsókna á svæðinu skoðar *Magnús Halldórsson* Kverkfjallaeldstöðina og gildi vísindalegra rannsókna.

Óróleg sambúð jarðhita og íss í megineldstöðinni í Kverkfjöllum hefur, samkvæmt jarðvísindalegum rannsóknum jarðfræðinganna Kristjánns Sæmundssonar og Hauks Jóhannessonar á framkvæmdasvæðinu við Kárahnjúka, haft áhrif á sprungumyndun og jarðhreyfingar á svæðinu.

Kristján og Haukur rannsókuðu jarðfræði framkvæmdasvæðisins í júlí og ágúst í fyrra, og komust að því að misgengi og sprungur liggja nær framkvæmdasvæðinu en áður var talið. Fyrri rannsóknir bentu til þess að sprungubelti lægi tólf kílómetrum vestan við Kárahnjúkastíflu, en rannsókn Kristjánns og Hauks þykir sýna ótvírætt að misgengi og sprungur liggja í gegnum framkvæmdasvæðið við Kárahnjúka, eins og sýnt var myndrænt í öðrum hluta þessarar umfjöllunar 13. ágúst síðastliðinn.

## Áhrif Kverkfjalla

Raunvísindamenn hafa deilt um alvarleika niðurstaðna rannsókna á síðum Fréttablaðsins, og hafa jarðvísindamennirnir Haraldur Sigurðsson og Grímur Björnsson sagt nauðsynlegt að nýtt áhættumat óháðra aðila fari fram á framkvæmdasvæðinu. Talsmaður Landsvirkjunar, Sigurður Arnalds, hefur sagt Landsvirkjun hafa brugðist við niðurstöðum skýrslunnar með

adgerðum sem miðuðu að því að styrkja stöðir virkjunarinnar og auka öryggi.

Óviða á Íslandi eru andstæður jarðhita og kulda jafn fagurlega skreyttar og á svæði Kverkfjalla, en hundruð ferðamanna sækja þau heim árlega. Efasemdir þeirra sem óttast jarðfræðilegar aðstæður á Kárahnjúkasvæðinu byggja öðru fremur á áhrifum megineldstöðvarinnar í Kverkfjöllum á jarðsprungur á svæðinu við Kárahnjúka. Þessi vinsæli og fagri ferðamannastaður er að þessu leyti talinn ógnvekjandi af sumum og gæti mögulega haft áhrif á jarðhreyfingar á framkvæmdasvæðinu, segja þeir sem efasemdir hafa um stíflustæðið.

## Kverkfjöll hluti af heildarmynd – mat á framkvæmdasvæðum

En umræða raunvísindamanna, sem meðal annars hefur farið fram á síðum Fréttablaðsins, um grundvallargildi og starfsreglur athugana á framkvæmdasvæðum, hefur enn ekki verið til lykta leidd.

Á vísindamönnum hvílir sú skylda að leiða umræðu um skýrar starfsreglur athugana í tengslum við opinberar framkvæmdir til lykta. Athugasemdir og viðbrögð við þeim, sem Fréttablaðið hefur gert grein fyrir, benda til þess að enn séu óvissuþættir af margir.



KVERKFJÖLL Á myndinni sést greinilega virkt jarðhitasvæði Kverkfjalla en þar eru andstæðurnar hiti og kuldi augljósar. Í farska sést glitta í Kárahnjúka.

## Vísindaleg gildi í hávegum höfð?

Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, gerði grein fyrir sjónarmiði Landsvirkjunar er varðaði viðhorf til vinnu við matskýrslu á framkvæmdasvæðinu, í sjónvarpsviðtali á Stöð 2 þann 5. nóvember 2002. Þar kom hann inn á grundvallargildi vísinda. „Þá síðan kemur að því, og þetta er kjarni málsins, að setja upp matskýrsluna sjálfa, þá er hún auðvitað einn af framkvæmdaðila eða þeim sem framkvæmdaðili felur verkið. Og þá auðvitað stillir hann upp málinu með þeim hætti sem hann telur eðlilegt og þetta er allt sent skipulagsstjóra ... Framkvæmdaðilinn býr til einkunnirnar,“ sagði Friðrik.

Ekki verður með ábyrgum hætti

framhjá því horft, að vísindamenn sem vinna að rannsóknum á framkvæmdasvæðum mannvirkja sem fjármagnaðar eru með opinberu fé, geta með skýrum rökum talið þessi orð Friðriks stríða í grundvallaratriðum gegn meginstöð hugsjóna að baki vísindastarfi. Það er, frelsi til að meta aðstæður á grundvelli viðurkenndra starfsaðferða, en ekki hvata kostunaraðila rannsókna. Ekki er úr vegi að álykta sem svo, að einungis þannig sé mögulegt að komast að niðurstöðu sem telst með sannri vísindalega viðurkennd. Með einföldum orðum þá á ekki að vera hægt að kaupa tiltekna niðurstöður rannsókna, heldur verða þær alltaf að vera rökrétt afleiðing af rannsóknavinnu. Á þeim forsendum getur

það talist umdeilanlegt að framkvæmdaðili skuli stilla „upp málinu með þeim hætti sem hann telur eðlilegt“.

Jarðvísindamenn þurfa að takast á við það mikilvæga verkefni að rannsaka ítarlega svæðið umhverfis Vatnajökul, eins og Magnús Tumi Guðmundsson bendir á í viðtali við Fréttablaðið. Hröð bráðnun Vatnajökuls, sem er ekki ólíkleg, getur haft afgerandi áhrif á eld- og skjálftavirkni, sem óhjákvæmilega getur haft áhrif á mannvirki á svæðinu. Megineldstöðvar, þar með talin Kverkfjöll, geta orðið virkari við þessar breytingar, eftir því sem Magnús Tumi greinir frá, og það hlýtur að vera verðugt viðfangsefni að rannsaka.

FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ Kárahnjúkar og nágrenni, áður en framkvæmdir hófust á svæðinu, sjást vel á þessari mynd. Hálsón fer yfir stóran hluta landsvæðisins.



## Vatnajökull verði rannsakaður nánar

### Magnús Tumi Guðmundsson, jarðeðlisfræðingur og dósent í jarðfræði við Háskóla Íslands

„Kverkfjöll eru ein af stóru megineldstöðvunum á Íslandi. Aðrar stórar megineldstöðvar eru til dæmis Askja í Dyngjukjöllum, Katla í Myrdalskjökl, Torfajökulssvæðið, Hekla og Grímsvötn. Á þessum stöðum hefur gosið ótal sinnum yfir tímabil sem gæti verið yfir hundruð þúsund ára. Kverkfjöll eru hluti af eldstöðvakerfi. Einn hluti þess er sjálf megineldstöðin, sem oft getur verið fimmtán til tuttugu kílómetrar í þvermál, og síðan sprungusveimar sem ganga út frá eldstöðinni.

Í tilfelli Kverkfjalla er þessi sprungusveimur mjög langur til norðurs. Nýjustu rannsóknir, sem m.a. hefur verið fjallað um í Fréttablaðinu, sýna að þessi sprungusveimur teygja sig inn á framkvæmdasvæðið við Kárahnjúka. Í Kverkfjöllum er mjög mikill jarðhiti, en svæðið er eitt mesta jarðhitasvæði Íslands. Hins vegar er ekki staðfest að gosið hafi í Kverkfjöllum á sögulegum tíma. Á tuttugustu öld er ólíklegt að raunveruleg eldgos hafi orðið í Kverkfjöllum.

Árið 1929 sást strókur við norðurjaðar Vatnajökuls, sem menn héldu að hefði átt upptök í Kverkfjöllum en það er líklegt að gosið hafi verið sunnan Öskju. Á fjórða áratugnum hefur lagst gjóskulag yfir nokkur svæði í Kverkfjöllum. Hvort að það er merki um eldgos í Kverkfjöllum, gjóskulag frá Grímsvötnum 1934 eða mikið áfök er ekki vitað. Árið 1959 varð töluvert umrót á svæðinu og Gengissigíð varð til í núverandi mynd. Því fylgdi sprengivirkni en miðað við þau ummerki sem fundust er sennilegt að þarna hafi orðið öflugar gufusprengingar, en óvist að kvika hafi komið við sögu. Síðan hefur ekki mikið gerst í Kverkfjöllum.

Gufustrókar sáust vel úr flugvél 1968 og komust í blöð, en slíkir gufustrókar eru algengir og ekki er vitað til þess að umbrot af neinu tagi hafi fylgt gufuvirkninni 1968 og það er engin ástæða til þess að tengja hana eldgos, því að eldgos í jökli skilur eftir sig ummerki.

Slíku gosi fylgir jökulhlaup og ekkert slíkt hlaup varð. Eldgos sem ekki verður undir jökli skilur eftir sig hraun eða gjósku og engin slík ummerki fundust. Þá hafa engin öskulög frá því eftir landnám með vissu verið rakin til Kverkfjalla. Þau gos sem menn héldu áður að hefðu orðið í Kverkfjöllum, hafa reynt eiga upptök sín vestar, meðal annars í Dyngjukjökl og vestarlega í Dyngjukjökl. Staðreyndin er því sú að eldgosasaga Kverkfjalla, yfir sögulegan tíma, hefur rýrnað mjög eftir því sem rannsóknum hefur fleygt fram en það er einkum Guðrún Larsen sem hefur sinnt þeim rannsóknum. Fyrir landnám urðu hins vegar eldgos í Kverkfjöllum og þaðan hafa komið veruleg jökulhlaup á síðustu árbúsundum. Nýlegar rannsóknir sýna að það hafa komið endurtekin jökulhlaup úr Kverkfjöllum en tímasetning þeirra liggur ekki nákvæmlega fyrir. Þessi hlaup hafa farið í Jökulsá á Fjöllum. Í Jökulsá á Fjöllum koma hlaup vegna eldgosu í Kverkfjöllum og vegna eldvirkni í Bárðarbungukerfinu. Þess vegna er hún ein mesta jökulhlaupaá landsins þó Skeiðará hlaupi vissulega mun oftar vegna tengsla við Grímsvötn.

Íssjarmælingar sem unnar hafa verið á síðustu tuttugu árum af raunvísindastofnun Háskóla Íslands og Landsvirkjun leiddu í ljós hvernig landslagið er háttað undir norðanverðum Vatnajökli, þar á meðal við Kerkfjöll. Það er staðfest að í Kverkfjöllum eru tvær öskjur. Meginaskjan virðist vera sú syðri, en hún er nánast alveg undir jökli. Frá Kverkfjöllum teygja sig hryggir til suðvesturs og svo er langt hryggjakerfi sem teygir sig frá Kverkfjöllum beint í suður í áttina til Esjufjalla. Það virðist

sem þarna sé hnykkur á gosbeltinu til suðurs. Hversu gamlir þessir hryggir eru, er ekki vitað. En í mesta lagi eru þeir nokkur hundruð þúsund ára gamlir, ef til vill miklu yngri. En hvort þarna hefur gosið eftir að ísöld lauk fyrir 10 þúsund árum vitum við ekki. Hvernig sem lítið er á málin með Kárahnjúkavirkjun þá eru líkurnar á því að eldvirkni trufla þá virkjun miklu minni heldur en til dæmis virkjanir á Þjórsásvæðinu. Af framangreindu verður þó að draga þá ályktun að svæðið milli Esjufjalla og Kverkfjalla tilheyrir virka gosbeltinu en vatnasvið Jökulsár á Dal nær þangað.


Það er því ekki rétt ef sagt er að Jökulsá á Dal sé alfarið utan eldvirkra svæða.

Eitt atriði varðandi jarðfræðina, sem ekki snertir sérstaklega Kárahnjúkavirkjun en gæti haft áhrif á virkjanir, eru hugsanleg áhrif þess ef Vatnajökull bráðnar hratt vegna loftslagsbreytinga. Það er mögulegt að við það að jökularginu léttir af landinu aukist eldvirknin verulega. Þá gætu orðið gos utan helstu megineldstöðva, auk mikilla gosa í þeim sjálfum. Þetta er eitthvað sem mögulega gæti gerst á næstu 100 til 200 árum. Einnig geta fargbreytingar sem þessar framkallað stóra jarðskjálfta. Það væri skynsamlegt að skoða betur þessa þætti í framtíðinni, varðandi framkvæmdir á svæðum í kringum Vatnajökul.

Eðlilegast væri að taka rannsóknir á þess háttar breytingum inn í áhættumat vegna virkjana og annarra mannvirkja á áhrifasvæðum Vatnajökuls.“

MAGNÚS TUMI GUÐMUNDSSON  
Telur rannsóknir á jarðfræðipáttunum umhverfis Vatnajökul mikilvægar í framtíðinni.  
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

5  
LISTAMENN  
Í GRÓTTU  
www.eiland.is



OPIÐ:  
Í DAG 10.00 - 13.00  
OG 20.00 - ?

EILANDSKAFFI ER OPIÐ  
Á SÝNINGARTÍMUM

SJÓVÁ



# Velkomin

Kynntu þér aðstöðuna  
og ræddu við kennarana

## OPIÐ HÚS í Tölvuskólann þinn

26. ágúst kl 13 – 16 í Reykjavík og 2. september kl 13 – 16 á Akureyri

### Tölvu- og skrifstofunám

Sérlega viðamikil og hagnýtt nám í takt við þarfir markaðarins, nám sem hentar fólki á öllum aldri, hvort sem það er á leiðinni út á vinnumarkaðinn að nýju eða vill skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði með aukinni menntun. Hentar einnig vel sjálfstætt starfandi atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið.

Að námi loknu eiga þátttakendur að geta unnið sjálfstætt við öll almenn skrifstofustörf og sem öflugir tölvunotendur í öllum helstu skrifstofuforritunum, sem ritara eða í bókhaldi.

Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu.

#### Tölvugreinar:

Windows XP tölvugrunnur og skjalavarsla, Word, Excel, Internetið, MSN og Outlook tölvupóstur, dagbók og skipulag.

#### Margmiðlun:

PowerPoint glærakynningar, Stafrænar myndavélar og stafrænar myndir í tölvu, tónlist í tölvunni og spilurum, brennsla CD og DVD diska.

#### Persónuleg færni:

Tjáning og framkoma, atvinnuumsóknir, atvinnuviðtöl og ferilskrár, sölutækni og markaðsmál. Enska, þjálfun í talmáli og ensk verslunarbréf.

#### Viðskiptagreinar:

Verslunarreikningur, VSK meðferð og reglur, bókhald, tölvubókhald í Navision og tollskýrslur.

Kennt er þrisvar í viku og er boðið upp á morgun og kvöldhópa. Sjá stundaskrá á heimasíðu skólans.

Lengd: 260 std. - Námið er metið til eininga.

Verð: 199.000,- Allar kennslubækur og námsgögn innifalin.

Hefst 6. september í Reykjavík og 11. september á Akureyri.

### Grafísk hönnun

Vinsælt og sérlega hagnýtt nám ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri vinnslu eða fólki sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi t.d. á háskólastigi. Þetta nám hentar einnig þeim sem vilja hanna sínar auglýsingar sjálfir.

Á þessu námskeiði eru tekin fyrir þrjú mest notuðu hönnunarforritin í dag,

- Photoshop
- Illustrator
- InDesign

Einnig læra þátttakendur að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller (PDF)

Námskeiðið felst í því að kynna nemendum virkni og uppbyggingu forritanna, og að nýta möguleika þeirra til sjálfstæðra vinnubragða. Kennsla byggir á fyrirlesturum og verklegum æfingum og fá þátttakendur hagnýt verkefni í tengslum við innihald náms.

Lengd: 105 std.  
Verð kr:  
116.000,- stgr.  
Allt kennsluefni innifalið.  
Hefst 5. september í Reykjavík og 25. september á Akureyri.

### Námskeið í september

Sjá námskrá skólans sem dreift verður 24. ágúst.

#### Tölvu- og bókhaldsnám

200 stundir Verð kr. 153.000,- Morgun og kvöldnámskeið.  
Hefst 21. september í Reykjavík og Akureyri.

#### Tollskýrslugerð

21 std. Verð kr. 28.000,-  
Hefst 12. september í Reykjavík og 26. september á Akureyri

#### Byrjendanámskeið

42 stundir. Verð kr. 32.900,- Morgun og kvöldnámskeið.  
Hefst 4. september í Reykjavík og 5. september á Akureyri

#### Almennt tölvunám

63 stundir. Verð kr. 39.900,- Morgun- og kvöldnámskeið.  
Hefst 5. september í Reykjavík.

#### ECDL – tölvunám

Allar „ECDL - TÖK“ greinarnar teknar fyrir. 100 stundir.  
Verð kr. 75.000. Morgun og kvöldnámskeið.  
Hefst 21. september í Reykjavík og 11. september á Akureyri.

#### Vefsíðugerð – grunnur

42 stundir. Verð kr. 36.000,- Kvöldnámskeið.  
Hefst 6. september í Reykjavík og .4. september á Akureyri.

#### MCP XP

60 stundir. Verð kr. 88.900,- (m. prófinu) Tvö kvöld í viku.  
Hefst 19. september. Eingöngu í boði á haustönn í Reykjavík.

#### MCSA

240 stundir. Verð kr. 266.000,- (m. 4 prófum) Tvö kvöld í viku.  
Hefst 19. september. Eingöngu í boði á haustönn í Reykjavík.

#### Fjölmiðlun

Fyrir ungmenni. 15 stundir, Verð kr. 9.900,- Næsta námskeið hefst á Akureyri 12. september. Kennt er tvo daga í viku frá kl. 16 -18.

#### Eldri borgarar 60+

30 stunda byrjendanámskeið. Verð kr. 19.500,- Kennt er tvo daga í viku frá kl 13 -16. Hefst 6. september Reykjavík og Akureyri.

#### Eldri borgarar 60+

30 stunda framhaldsnámskeið. Verð kr. 19.500,- Kennt er tvo daga í viku frá kl 13 -16. Hefst 7. september Reykjavík og Akureyri.

### Önnur námskeið að hefjast

Stafrænar myndavélar. Lengd: 14 std. Verð: 15.000,-

Photoshop grunnur. Lengd: 21 std. Verð: 24.000,-

Photoshop ljósmyndun 1. Lengd: 30 std. Verð: 29.000,-

Dreamweaver. Lengd: 31 std. Verð: 29.000,-

Word. Lengd: 21 std. Verð: 19.000,-

Excel. Lengd: 21 std. Verð: 19.000,-

Bókhald I. Lengd: 110 std. Verð: 94.000,-

Bókhald II. Lengd: 21 std. Verð: 26.000,-



TÖLVUSKÓLINN  
ÞEKking

REYKJAVÍK & AKUREYRI

FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210  
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS

**DRULLUG UPP FYRIR HAUS** Það er ekki hreinan blett að sjá á þessari snót þar sem hún kastar mæðinni í miðri leðjunni.



**BROSAD GEGNUM LEÐJUNA** Ekki er uppgjöfinni fyrir að falla flötum beinum í drulluna. Þá er ekkert annað að gera en að brosa og halda áfram.

## Leikið í leðjunni

Keppni í mýrabolta var haldin á Ísafirði í þriðja sinn, aðra helgina í ágústmánuði, og var líf og fjör innan sem utan vallar þar sem keppendur voru drullugir upp fyrir haus. *Vilhelm Gunnarsson* ljósmyndari lét sig ekki vanta og festi herlegheitin á filmu.

**FÍNAR MILLI LEIKJA** Að sjálfsögðu var reynt að hafa útlitið sem best fyrir leikinn en það entist nú ekki lengi eftir að á völinn var komið.



**HART BARIST** Það getur verið erfitt að halda jafnvæginu í sleipri eðjunni og hér hafa menn fallið hver um annan þveran í baráttunni um boltann.



Mýraboltakeppnin í ár gekk vonum framur og vita-skuld var Jóhann Bæring Gunnarsson, formaður Mýraboltafélags Íslands, hæstánægður að móti loknu. „Þetta gekk alveg ljómandi vel og var alveg meiri-háttar,“ segir Jóhann, enda tóku um 260 keppendur þátt í mótinu, eða rúmlega 100% fleiri en á síðasta ári. „Það er greinilegt að mýraboltinn er kominn til að vera og mun bara eflast héðan af. Það er að sjálfsögðu keppt til sigurs eins og í öðrum mótum en að auki eru veittar viðurkenningar fyrir flottustu búningana, drullugasta leikmanninn, öflugasta stuðningsmanninn og fleira. Þannig að það er gríðarleg stemning í kringum keppnina,“ segir Jóhann, sem býst við að erlend lið muni einnig taka þátt í mótinu að ári. „Við erum í samstarfi við mýraboltafélögin í Svíþjóð, Skotlandi, Þýskalandi og Finnlandi og eigum von á að fá lið frá einhverjum þaðan á næsta ári. Þá erum við jafnvel að athuga möguleikann á því að senda lið frá okkur á mót erlendis. Þetta er gríðarlega erfið íþrótt og þess vegna mælum við með því að það séu nokkrir varamenn til að hægt sé að skipta ört inn á völinn, en sex leikmenn eru inni á vellinum í einu.“



**MEISTARATAKTAR** Það mátti sjá skemmtilega takta í drullunni á Ísafirði.  
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





Á FLUGI Þessi ánægði leikmaður fór á flug eftir að hafa skorað mark og fékk góðar móttökur hjá félögum sínum.



ÁKAFT FAGN-  
AÐ Ýmsar  
aðferðir voru  
notaðar til að  
fagna mörkum  
í mýrinni.



ÖRVÆNTING Ekki er annað að sjá en örvæntingin skini úr svip þessara tveggja samherja þar sem þeir bíða eftir úrskurði dómara.

# SUMARTILBOÐ Á SAMSUNG SÍMUM

SMS & MMS  
**5 KR\***  
ALLAR HELGAR Í SUMAR

**Síminn**



SAMSUNG D820

37.980 kr.

Glæsileg hönnun. Örpunnur, með stórum TFT hágæða litaskjá og 1,3 MP myndavél sem hægt er að snúa 180 gráður. Hægt er að tengjast tölvu, handfrjálsum búnaði og blátannarsímum í gegnum blátannarbúnað.



SAMSUNG X650

14.980 kr.

Gullfallegur samlokusími, sem býður upp á alla helstu möguleikana. Meðal búnaðar má nefna VGA myndavél og hægt að taka upp hreyfimyndir, FM-útvarp, 3MB minni, 6 klukkustunda taltíma á rafhlöðu og margt fleira.

Nánari upplýsingar á siminn.is eða á næsta sölustað Símans.

\* Eingöngu innan kerfis Símans



## Ertu að leita?

Ráðningarþjónustan veitir faglega og persónulega þjónustu á sviði ráðninga. Við þjónustum fyrirtæki um allt land, allt frá þeim minnstu til þeirra stærstu.

**Atvinnurekendur** – kynnið ykkur þjónustu okkar á heimasíðunni [www.radning.is](http://www.radning.is) og hafið samband þegar við getum orðið ykkur að liði.

**Umsækjendur** – kynnið ykkur úrval áhugaverðra starfa í boði og fyllið út umsókn á heimasíðu okkar [www.radning.is](http://www.radning.is).



RÁÐNINGAR  
ÞJÓNUSTAN  
...framtíðin er ráðin

[www.radning.is](http://www.radning.is)

Krókháls 5a • Sími 588 7700  
[www.radning.is](http://www.radning.is) • [radning@radning.is](mailto:radning@radning.is)



### Fjáröflunarstarf

### Götukynningarfólk óskast

Leitar þú að starfi þar sem þú getur látið gott af þér leiða? Talað við fólk og verið í góðum félagsskap?

Sæktu þá um starf hjá UNICEF, Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna, og vertu hluti af götukynningarteymi okkar. Við skráum nýja styrktaraðila eða Nheimsforeldrai á fjölförnum stöðum í Reykjavík og nágrenni.

Vinnutími er frá 13 til 17, þriðjudaga til laugardaga (möguleiki á sveigjanlegum vinnutíma). Áhugasamir sendi ferilskrá á [snjolaug@unicef.is](mailto:snjolaug@unicef.is). Nánari upplýsingar á [www.unicef.is](http://www.unicef.is) eða í síma 552 6310.

## SÉRFRÆÐINGUR Á FJÁRMÁLASVIÐI

Sjóvá er leiðandi félag sem leggur metnað sinn í að tryggja verðmætin í lífi fólks. Félagið metur mikils frumkvæði starfsfólks sem er sérhæft á sínu sviði. Sjóvá býður upp á gott starfsumhverfi fyrir hæft starfsfólk, ásamt tækifæri fyrir hvern og einn að eflast og þróast í starfi. Kappkostad er að veita viðskiptavinum afburðaðþjónustu á sviði trygginga og sýna hverjum einstaklingi athygli og skilning.

Við hjá Sjóvá leitum að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir framúrskarandi samskiptahæfileikum til starfa í okkar röðum.

Starfið felst í þátttöku í uppgjöri móðurfélags og samstæðu, yfirumsjón með bókhaldi og uppgjöri dótturfélaga, skýrslugerð til Fjármálaeftirlitsins og Sedlabankans, ásamt öðrum sérfræðiverkefnum.

### MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Viðskiptafræðimenntun af endurskoðunarsviði er skilyrði.
- Víðtæk starfsreynsla af endurskoðunarskrifstofu er skilyrði.
- Reynsla af SAP fjárhagskerfinu og þekking á alþjóðlegum reikningsskilum er kostur.
- Umsækjandi þarf að búa yfir frumkvæði, krafti og skipulögðum vinnubrögðum.

Allar fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Upplýsingar veita Inga Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, [inga.gudmundsdottir@sjova.is](mailto:inga.gudmundsdottir@sjova.is) og Auður Daníelsdóttir, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs, [audur.danielsdottir@sjova.is](mailto:audur.danielsdottir@sjova.is).

Umsóknarfrestur er til og með 21. ágúst nk. og skulu umsóknir sendar á [starfsumsokn@sjova.is](mailto:starfsumsokn@sjova.is).

## SJÓVÁ



### Starfsmenn

Óskast til starfa sem stuðningsfulltrúar. Um er að ræða störf í umönnun á heimiliseiningum á hæfingarældum LSH, Kópavogi. Við leitum að starfsfólki sem er ábyrgt, samviskusamt og hefur áhuga á að vinna með fólki. Starfshlutfall samkomulag, vaktavinna.

Umsóknir berist fyrir 4. september nk. til Sigríðar Harðardóttur, hjúkrunarfræðings og veitir hún jafnframt nánari upplýsingar í síma 543 9210, netfang [sighard@landspitali.is](mailto:sighard@landspitali.is).

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksstötu 5, á heimasíðu [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is). Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítali – háskólasjúkrahúsi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Landspítali – háskólasjúkrahús er reyklaus vinnustaður.

## Bókbindari óskast

Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir bókbindara á nýjar fullkomnar brot- og heftivélar frá Heidelberg. Við leitum að jákvæðum starfskrafti með góða þekkingu og reynslu á faginu.

Góð laun í boði.

Vinnustaðurinn er reyklaus.

Umsóknir sendist á netfang: [georg@prent.is](mailto:georg@prent.is) eða í pósti.



Skemmuvegi 4 · 200 Kópavogi

Sími 540 1800 · Fax 540 1801 · Netfang [litla@prent.is](mailto:litla@prent.is)

## Sími og móttaka

Ungt og upprennandi þekkingarfyrirtæki óskar eftir að ráða til sín starfsmann í símsvörum og móttökustarf. Um fullt starf er að ræða á reyklusum vinnustað.

Við leitum að einstaklingi sem hefur áhuga á að starfa í líflegu og skemmtilegu umhverfi ásamt því að takast á við ábyrgðarfullt og krefjandi starf. Starfið er í stöðugri mótnun og því er nauðsynlegt að viðkomandi aðili geti sýnt frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.

### Starfssvið:

- Móttaka viðskiptavina og símsvörum
- Umsjón fundarherbergis og undirbúningur funda
- Innkaup á skrifstofuvörum
- Önnur almenn skrifstofustörf og ýmis tilfallandi verkefni

### Hæfniskröfur:

- Metnaður og jákvætt viðmót
- Mjög góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð enskukunnátta, kunnátta í þýsku er kostur
- Reynsla af þjónustu er æskileg
- Góð tölvukunnátta; s.s. Word og Excel, reynsla af Navision er kostur

IMG  
MANNAFL  
LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Guðrífur D. Hálfanardóttir (gauja@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 27. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

Borgartúni 27 Skipagötu 16 Strandgötu 53  
105 Reykjavík 600 Akureyri 735 Eskifirði  
Sími 540 7100 Sími 461 4440 Sími 540 7140  
mannafli@img.is www.mannafli.is www.img.is

## Hugbúnaðarfólk



Hagstofan leitar að öflugum hugbúnaðarfólki til starfa í Upplýsingatæknideild.

Verkefni Upplýsingatæknideilda eru mjög fjölbreytt og spennandi. Starfsmenn deildarinnar hanna, smíða og skapa umhverfi fyrir móttöku gagna, meðhöndlun þeirra og vistun í gagnalager. Einnig ber deildin ábyrgð á þróun fyrirsagnakerfa og miðlun úr gagnalager yfir í veflausnir, auk annarra hugbúnaðarlausna, stórra sem smárra.

Starfsmenn Upplýsingatæknideildarinnar eru í teymi sem vinnur að þróun, nýsmíði og viðhaldi kerfa og veitir sérfræðingum ráðgjöf varðandi upplýsingatæknimálefni. Rík áhersla er lögð á að starfsmenn viðhaldi þekkingu sinni á þeim hugbúnaðarverkfærum sem notuð eru, með því t.d. að sækja námskeið, fundi og ráðstefnur.

### Vefþróun

Tæknilegur umsjónarmaður fyrir vef Hagstofunnar, www.hagstofa.is, sem veitir starfsfólki ráðgjöf og sinnir þjónustu varðandi útgáfumálefni á vef og á fleiri sviðum.

### Starfssvið:

- Tæknileg umsjón með vef og útgáfu á vefþöflum
- Viðhald og þróun útgáfuferla fyrir talnaefni Hagstofunnar
- Námskeiðahald
- Aðstoð og ráðgjöf við starfsmenn vegna vefútgáfu
- Frumkvæði að tæknilegri framþróun vefs Hagstofunnar
- Önnur tilfallandi verkefni tengd tölvu- og hugbúnaðarmálum

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun og / eða mikil fagþekking og reynsla
- Þekking og menntun á sviði forritunar, sérstaklega á ASP og Microsoft kerfum
- Góð þekking á Microsoft SQL Server
- Góð þekking á vefforritun
- Þekking á OLAP er æskileg
- Reynsla af útgáfu tölfraði er kostur
- Góð enskukunnátta og færni í norðurlandamáli

Hagstofa Íslands gegnir forystuhlutverki í opinberri hagskýrslugerð. Mikill metnaður einkennir starf sem þar fer fram, alþjóðlegt samstarf er öflugt og þróunarvinna skipar veglegan sess. Tækniumhverfið er mjög gott, jafnt tölvu sem hugbúnaðarlausnir.

Á sviði hugbúnaðar byggir Hagstofan aðallega á lausnum frá Microsoft. Samræmdur gagnalager (Data Warehouse) fyrir öll rannsóknarsvið er eitt stærsta þróunarverkefnið. Gagnalagerinn er vistaður í MS SQL Server 2000 og teningar gagnalagersins eru í MS Analysis Services. Unnið er að yfirfærslu allra gagna í MS SQL Server 2005.

Í boði eru krefjandi og spennandi störf, gott vinnuumhverfi og samkeppnishæf laun.

IMG  
MANNAFL  
LIÐSAUKI

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur@img.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildursif@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 3. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

Borgartúni 27 Skipagötu 16 Strandgötu 53  
105 Reykjavík 600 Akureyri 735 Eskifirði  
Sími 540 7100 Sími 461 4440 Sími 540 7140  
mannafli@img.is www.mannafli.is www.img.is

## Skólamötuneyti

564601

Starfsmaður óskast til starfa í skólamötuneyti í Hafnarfirði. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 08:00-16:00.

Í starfinu felst undirbúningur og frágangur í eldhúsi, hita upp foreldaðan mat, skammta hann til nemenda og annað tilfallandi.

Leitað er að snyrtilegum, jákvæðum og þjónustulundum starfsmanni sem getur byrjað fljótlega. Matartæknar sérstaklega hvattir til að sækja um.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is  
Sími 511-1144  
www.vinna.is

vinna.is  
ATVINNUMIÐLUN

## KERFISSTJÓRI -NETMAÐUR

Frábært tækifæri til að breyta til og flytja í bliðuna austur á land!

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi til að sinna daglegum rekstri á netþjónum, útstöðva-búnaði og notendabjónustu. Einstaklingi með:

- Góða þekkingu á Microsoft hugbúnaði, helst með MCSE vottun.
- Þekkingu á viðnetsbúnaði (Cisco).
- Skipulagshæfni, þjónustulund, reglusemi og sjálfstæði í starfi.

Austurland býður upp á fjölskylduvænt umhverfi, má þar nefna stuttar vegalengdir í vinnu, skóla, íþróttir, veiði, golf, gönguferðir og fallega náttúru.

TÖLVUSMIÐJAN  
Miðasi 1, Egilsstöðum  
Nesgötu 7, Neskaupstað  
sími: 470 2200  
www.tolvusmidjan.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir  
Jón Fjölur Albertsson  
framkvæmdastjóri.  
Umsóknir skulu berast með tölvupósti á  
starf@tolvusmidjan.is,  
ásamt upplýsingum um menntun, reynslu og meðmælum.

TÖLVUSMIÐJAN

Tölvusmiðjan er leiðandi fyrirtæki í upplýsingatækni á Austurlandi með starfsstöðvar á Egilsstöðum og í Neskaupstað.

## FRAMKVÆMDASTJÓRI



Ungmennafélagið Þróttur Vogum auglýsir hérmeð stöðu framkvæmdastjóra til umsóknar.

Í boði er áhugavert og krefjandi starf sem felst í því að halda utan um daglegan rekstur félagsins.

Starfshlutfall er 50%.

Hæfniskröfur eru mannleg samskipti, þekking á bókhaldsvinnu og geta unnið sjálfstætt.

Parf að geta hafið störf sem fyrst.

Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

Upplýsingar eru veittar í síma 866 1699 eða í tölvupósti á throttur@throttur.net

Umsóknarfrestur er til 25. ágúst n.k.

Ungmennafélagið Þróttur  
www.throttur.net

allt atvinna

Alla sunnudaga

## Vélamaður Borgarnesi



Staða vélamanns hjá þjónustustöð Vegagerðarinnar í Borgarnesi er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi Starfsgreinasambandsins og fjármálaráðherra.

### Starfssvið:

- Stjórn bifreiða og vinnuvéla
- Almenn verkamannastörf
- Ýmis verkefni sem tengjast viðhaldi bifreiða og véla

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Réttindi til að aka bifreið sem er meira en 3.500 kg að heildarþyngd og vinnuvélaréttindi
- Góðir samstarfshæfileikar

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Sigurður J. Eysteinnsson (sigurdure@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 28. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

IMG  
MANNAFL  
LIÐSAUKI

Borgartúni 27 Skipagötu 16 Strandgötu 53  
105 Reykjavík 600 Akureyri 735 Eskifirði  
Sími 540 7100 Sími 461 4440 Sími 540 7140  
mannafli@img.is www.mannafli.is www.img.is

## Lögfræðingur og viðskipta- eða hagfræðingur



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Samkeppniseftirlitið auglýsir eftir umsóknum um störf lögfræðings og viðskipta- eða hagfræðings við eftirlit með samkeppnismörkuðum og úrlausn samkeppnismála.

### Lögfræðingur

#### Æskileg menntun og reynsla:

- Menntun og reynsla sem nýtist í samkeppnismálum
- Menntun og reynsla sem nýtist í stjórnslu

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Hæfni í samskiptum
- Frumkvæði í starfi
- Færni í rituðu máli
- Tungumálakunnátta

Samkeppniseftirlitið er spennandi vinnustaður þar sem starfsmenn öðlast með starfi sínu og öflugri símenntun víðtæka reynslu af áhugaverðu fagsviði og stjórnslu.

Hlutverk þeirra er að uppræta samkeppnishömlur og með því að stuðla að virkri samkeppni með skilvirkum og gegnsæjum aðgerðum.

Starfsmenn Samkeppniseftirlitsins munu taka þátt í að móta eftirlit með samkeppnismörkuðum í síbreytilegum heimi viðskiptalífsins.

### Viðskipta- eða hagfræðingur

#### Æskileg menntun og reynsla:

- Menntun og reynsla sem nýtist í samkeppnismálum
- Menntun og reynsla sem nýtist í stjórnslu

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Hæfni í samskiptum
- Frumkvæði í starfi
- Færni í rituðu máli
- Tungumálakunnátta

IMG  
MANNAFL  
LIÐSAUKI

Umsjón með störfunum hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@img.is) og Hildur Sif Arnadóttir (hildursif@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 3. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

Borgartúni 27 Skipagötu 16 Strandgötu 53  
105 Reykjavík 600 Akureyri 735 Eskifirði  
Sími 540 7100 Sími 461 4440 Sími 540 7140  
mannafli@img.is www.mannafli.is www.img.is

## Framtíðarstörf

Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem er í framleiðslu og innflutningi á matvælum óskar eftir að ráða til sín sölumann á ferðinni og verkstjóra í vörumiðstöð.

### Sölumaður á ferðinni - matreiðslumaður

564600

- Í starfinu felst að fara í mötuneyti og matsali á höfuðborgarsvæðinu og selja þær vörur sem fyrirtækið framleiðir jafnframt því að afla nýrra viðskiptavina. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 08:00 - 16:00.

- Leitað er að röskum einstaklingi sem hefur góða framkomu, hefur gaman af mannlegum samskiptum og er þjónustulundaður. Einungis menntaðir matreiðslumenn koma til greina. Ráðið verður í starfið strax.

### Verkstjóri í vörumiðstöð

564599

- Í starfinu felst að taka til pantanir fyrir verslanir ásamt því að hafa yfirumsjón með verksviði annarra. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 07:20 til 15:35.

- Leitað er að röskum, heiðarlegum og ábyrgum einstaklingi í starfið. Ráðið verður í starfið strax.

Skráning og upplýsingar á [www.vinna.is](http://www.vinna.is)

Vinna.is  
Sími 511-1144  
[www.vinna.is](http://www.vinna.is)

vinna.is  
ATVINNUMIÐLUN

## FRAMKVÆMDASTJÓRI Stjórnendaskóla Háskólans í Reykjavík

### Háskólinn í Reykjavík óskar eftir að ráða öflugan leiðtoga til að stýra Stjórnendaskóla HR.

Við leitum að leiðtoga sem tekur frumkvæði og framkvæmir, er með öflugt tengslanet og hefur hæfni til að starfa í alþjóðlegu umhverfi.

Framkvæmdastjóri Stjórnendaskóla HR mótar stefnu hans og leiðir sókn og uppbyggingu starfseminnar.

Framkvæmdastjóri tekur einnig þátt í stefnumótun og stjórnun HR og heyrir beint undir rektor skólans, Guðfinnu S. Bjarnadóttur.

Umsjón með umsóknarferlinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@img.is) og Sigurður J. Eysteinnsson (sigurdure@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka.

Umsóknarfrestur er til og með 3. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka [www.mannafli.is](http://www.mannafli.is)



Hlutverk HR er að efla samkeppnishæfni atvinnulífsins. Stefna HR í starfsmannamálum er sú, að bæði stúdentar og starfsmenn hlakki til að koma í skólann á hverjum degi til að geta lagt sig fram.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK  
HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK  
KRINGLAN 1, 103 REYKJAVÍK  
SÍMI: 599 6200 [www.hr.is](http://www.hr.is)

IMG  
MANNAFL  
LIÐSAUKI

VR  
VIRKISAMLEGGING  
2005

## Spennandi störf TM

# Spennandi störf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki

## Vátryggingaráðgjafi í atvinnurekstrardeild

Tryggingamiðstöðin óskar eftir að ráða vátryggingaráðgjafa til starfa í atvinnurekstrardeild. Í starfinu felst ráðgjöf og sala á tryggingum til fyrirtækja sem eru í viðskiptum við TM og öflun nýrra viðskiptasambanda. Starfið felur m.a. í sér heimsóknir til fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.

### Hæfniskröfur

- Viðskipta- eða tæknimenntun æskileg
- Reynsla af sölumennsku æskileg
- Þekking á vátryggingum kostur
- Góð þekking á Word og Excel
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta.

Viðkomandi starfsmaður þarf einnig að vera skipulagður og jákvæður, hafa góða þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum og sýna frumkvæði.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þórður Þórðarson, [thordur@tmhf.is](mailto:thordur@tmhf.is)

## Fræðslu- og forvarnafulltrúi

Tryggingamiðstöðin auglýsir laust til umsóknar nýtt starf fræðslu- og forvarnafulltrúa hjá félaginu. Starfið felur í sér þátttöku í mótun og útfærslu á forvarna- og fræðslustarfi félagsins og ábyrgð á framkvæmd þess. Í forvarna- og fræðslustarfi félagsins er haft að markmiði að fækka og koma í veg fyrir tjón hjá viðskiptavinum félagsins.

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun æskileg
- Góð almenn tölvukunnátta
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta

Mikilvægt er að viðkomandi eigi gott með að greina upplýsingar og æskilegt er að hann hafi þekkingu á vátryggingum, slysarannsóknunum og/eða eigi auðvelt með að miðla boðskap. Viðkomandi mun starfa innan vátrygginga- og fjármálaþjónustu en eiga náð samstarf við aðrar deildir og viðskiptavinum til að ná settum markmiðum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Stefán Sveinn Gunnarsson, [stefang@tmhf.is](mailto:stefang@tmhf.is)

Umsóknarfrestur um störfin er til og með 28. ágúst nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að senda umsóknir á tölvupóstfangið: [starf@tmhf.is](mailto:starf@tmhf.is)

Tryggingamiðstöðin er framsækið fyrirtæki sem býður starfsfólki sínu góða vinnuástöðu. Hjá TM starfar rúmlega 100 manna samhentur hópur sem hefur það markmið að veita góða þjónustu á mannlegum nótum þar sem þörfum hvers og eins er mætt af sanngirni. Það er keppikefli starfsmanna Tryggingamiðstöðvarinnar að standa undir kröfum og væntingum viðskiptavina og hluthafa og koma fram af heiðarleika og einlægni. Hjá viðskiptavinum tryggingafélaganna mældist mest ánægja meðal viðskiptavina TM samkvæmt Íslensku ánægjuvuginni 2005.



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / [tm@tryggingamidstodin.is](mailto:tm@tryggingamidstodin.is) / [www.tryggingamidstodin.is](http://www.tryggingamidstodin.is)



## KÓPAVOGSBÆR

### Frá Lindaskóla

- Starfsmaður óskast í Dægradvöl sem fyrst. Um er að ræða 50% starf frá kl. 13 – 17.

Laun samkv. kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og Sfk.

Upplýsingar gefur skólastjóri í síma 554 3926 eða 861 7100, netfang [gunnsig@lisk.kopavogur.is](mailto:gunnsig@lisk.kopavogur.is).

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) - [www.job.is](http://www.job.is)

## SANDGERÐISBÆR



### TÁKNMÁLSTÚLKUR

Sandgerðisbær óskar eftir táknmálstúlki til starfa við Grunnskólann í Sandgerði. Um er að ræða hvort sem er fullt starf eða hlutastarf.

Nánari upplýsingar veitir Guðjón Þ. Kristjánsson skólafulltrúi, Vörðunni, Miðnestorgi 1 Sandgerði, sími 420 7555 og 899 2739

## NÝ STAÐA Á SVIÐI UPPLÝSINGA-TÆKNI

Í starfinu felst m.a. innleiðing á rafrænum samskiptum við eftirlitsskylda aðila og aðra hagsmunaaðila sem eiga erindi við FME. Einnig uppsetning og viðhald gagnagrunna (Microsoft) ásamt öðrum tilfallandi verkefnum á upplýsingatæknisviði.

### Æskilegir eiginleikar sem horft er til

- Tölvunarfræðingur / kerfisfræðingur / sambærileg menntun á þessu sviði
- Mikil þekking á Microsoft umhverfi (Server, IIS o.þ.h.)
- Þekking og reynsla af gagnvirkum vefjum og netforritun
- Þekking og reynsla á SQL Server
- Þekking á forritun (.net)
- Viðeigandi starfsreynsla
- Frumkvæði, metnaður og hæfni til þátttöku í hópvinna.

### Umsóknarfrestur er til 3. september 2006

Umsóknir og starfsferilskrá berist til Huldu Guðmundsdóttur, Fjármálaeftirlitinu, Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík, eða á netfangið [hulda@fme.is](mailto:hulda@fme.is)

## FJÁRMÁLA EFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

FME er vinnustaður með opinn stjórnunarstíl, hátt menntunarstig og öfluga liðsheild. Starfsfólkið er helsta auðlind FME og því er lögð áhersla á símenntun, skýra verkefnaábyrgð og framþróun í starfi. Vinnuumhverfið er skemmtilegt og einkennist af fjölbreytni, þverfaglegri samvinnu og alþjóðlegu samstarfi.

## Það er nóg að gera hjá Kraftvélum!

### Vegna vaxandi verkefna þurfa Kraftvélar að ráða öflugan starfsmann í eftirtalin störf.

#### Sölumaður - Kópavogur

Óskað er eftir sölumanni lyftara á starfsstöð fyrirtækisins við Dalveg í Kópavogi. Lyftaradeildin er í nýju og glæsilegu húsnæði þar sem starfa 4 starfsmenn.

Starfið felst í sölu til viðskiptavina og öflun nýrra viðskiptavina. Starfinu fylgja ferðalög hér heima og erlendis.

Hæfniskröfur eru sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði. Starfsreynsla er mikill kostur og góð enskukunnátta skilyrði. Krafist er heiðarleika og snyrtimennsku.

Starfið hentar sölumanni sem er árangursdrifinn og fylginn sér.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir 22. ágúst nk. Upplýsingar veitir Katrín S. Óladóttir. Netfang: [katrin@hagvangur.is](mailto:katrin@hagvangur.is). Fyrirspurnum um starfið við Héðinsfjarðargöng má einnig beina til Axels Ólafssonar, [axel@kraftvelar.is](mailto:axel@kraftvelar.is).



Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



Kraftvélar sjá um innflutning, sölu og þjónustu á Komatsu vinnuvélum, Toyota lyfturum sem og fjölda annarra þekktra vörumerkja. Kraftvélar er vaxandi fyrirtæki með 3 starfsstöðvar á Íslandi auk fyrirtækis á Jótlandi í Danmörku. Á Íslandi starfa 50 manns hjá fyrirtækinu.

Ríkisþjónustulund, dugnaður og röskleiki, sjálfstæð vinnubrögð, heiðarleiki og snyrtimennska eru þeir eiginleikar sem leitað er eftir í fari starfsfólks Kraftvéla.

[www.kraftvelar.is](http://www.kraftvelar.is)  
[www.komatsu.is](http://www.komatsu.is)





Fossaleynir 17 (Grafarvogi), 112 Reykjavík  
www.studlar.is mru@studlar.is

### Viljum ráða starfsmenn á meðferðardeild Stuðla.

Vilt þú taka þátt í krefjandi og spennandi starfi með unglingum? Starfið felst í beinni meðferðarvinnu og tólmundastarfi og einstaklingsbundnum stuðningi við unglingana í meðferð í samvinnu deildarstjóra, og sálfræðinga. Nýir starfsmenn fá fræðslu og stuðning til að takast á við starfið.

**Menntunar- og hæfniskröfur.** Við erum að leita að fólki sem hefur reynslu af vinnu með unglunga t.d. í tólmundastarfi eða íþróttastarfi eða hafi aðra þá starfsreynslu eða menntun sem að mati forstöðumanns nýtist í starfi. Umsækjendur þurfa að hafa hæfni í mannlegum samskiptum og áhuga á meðferðarstörfum. Þeir þurfa að vera stundvísir, geta farið eftir verklagsreglum og jafnframt sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Um er að ræða vaktavinnu.

**Með umsóknum** skulu fylgja upplýsingar um menntun og fyrri störf ásamt sakavottorði. Laun skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningum loknum.

**Umsóknir berast til Stuðla – Meðferðarstöðvar ríkisins fyrir unglunga, Fossaleyni 17, 112 Reykjavík eigi síðar en 3. september n.k.**

Nánari upplýsingar veita forstöðumaður, yfirsálfræðingur og deildarstjóri meðferðardeildar og í síma 530-8800.

Forstöðumaður.

# VÉLVIRKJAR

## Framtíðarstörf hjá Norðuráli

Vegna stækkunar Norðuráls óskum við eftir að ráða vélvirkja til starfa í vaktavinnu. Um framtíðarstörf er að ræða og æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

#### Hvaða kröfur gerum við?

- Sveinspróf í vélvirkjun
- Góð samskiptahæfni, geta til að vinna sjálfstætt og starfsáhugi
- Reynsla af vinnu í iðnaðarumhverfi eða við sambærileg störf er æskileg

#### Hvað veitum við?

- Góður aðbúnaður hjá fyrirtæki í stöðugri sókn
- Kraftmikill og góður hópur samstarfsfólks
- Starfsþjálfun og símenntun
- Atvinnuöryggi, traustar tekjur og laun að hluta árangurstengd

#### Umsókn

Vinsamlega sendu okkur umsókn þína fyrir 4. september n.k. Þú getur sótt um á vef fyrirtækisins, www.nordural.is, sent umsókn þína á netfangið umsokn@nordural.is eða póstlagt umsóknina, merkta: Atvinna.

Við förum með umsókn þína sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veita Rakel Heiðmarsdóttir framkvæmdastjóri starfsmannasviðs, og Lárus Hjaltsted, vaktstjóri á rafgreiningasviði í síma 430 1000.

Um þessar mundir er unnið að stækkun Norðuráls sem felur í sér að framleiðslugeta álversins verður aukin í 260.000 tonn á næsta ári. Hjá okkur starfar fjöldi iðnaðarmanna sem sinna eftirliti og viðhaldi á búnaði í öllum deildum. Áhersla er lögð á jafnan rétt kvenna og karla til starfa.



Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is

Enn í gær  
Váttá íeyrn  
Jákæ gð fyr  
Váttá töð  
Finn aðg sjá að  
Váttá gá að



IMG  
Mannafli-Liðsauka,  
www.mannafli.is

www.alcoa.is

Sigurlaugu Þorsteinsdóttur  
Helgu  
S. Guðmundsdóttur  
IMG  
Mannafli-Liðsauka.



## Frættis afsen á ká an

Þú en á góð fíki fíð en ófen á en á í þóu  
en þe en gje ó en vaa ven í en  
ash va óm en m en va vöysna  
þó þ ve að en þ en á gva t äva þe ákh.  
jól á óaa ven fy á mð k.y fr á í á va

Nariupþig untaujá en á Aa fjaðá,w ala s d s afsen á

Máin þ á aðgtaá þ fí dæ brð eðð ar  
þhá arfíet et ilg enðsþten r.

## Söfn þjá kousenla m

Þ hyn þ á en á t á ke m s f h á á  
en ve eá þ að s f h á en þn gá eá



Alcoa Fjarðaál





## Nýr 6 deilda heilsuleikskóli opnar 1. júní 2006 í Kórahverfi í Kópavogi.

Við leitum að:

- Deildarstjórum**
- Leikskólakennurum**
- Matráð**
- Leiðbeinendum**



Markmið skólans er m.a. að gefa börnum kost á að njóta handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldis- og kennslufræðum. Þróa, efla og auðga leikskólastarf með nýbreytni og sveigjanleika í skólastarfi.

Ennfremur að veita áhugasömu fagfólki kost á að setja skýran kenningalegan grundvöll í faglegu starfi skólans, jafnhliða sem mestri hagkvæmni og gæðum í rekstri.

Hjóney Kristín Hildesdóttir  
Leikskólastjóri  
Farsíma: 897-7891



Ráðgjöf - verktaka ehf.



Frekari upplýsingar á [www.skolar.is](http://www.skolar.is)



### Bakari og mateiðslumaður

Bakara (með sveinsbréf) vantar í vaktavinnu. Purfa menn að vara jafnvígir á brauðbakstur og tertuskreytingar.

Okkur vantar dugmikinn matreiðslumann (með sveinsbréf) til framtíðarstarfa. Mjög fjölbreytt matreiðsla fer fram hér á hótelinu.

Upplýsingar gefur Reynir í síma 444-4052 eða e-mail [reynirm@icehotel.is](mailto:reynirm@icehotel.is)



## Ert þú...

- **duglegur**
- **hress**
- **metnaðarfullur**

...einstaklingur sem ert að leita að hlutastarfi eða fullu starfi? Domino's Pizza óskar eftir starfskröftum.



Nánari upplýsingar á [www.dominos.is](http://www.dominos.is).

# Shellstöðin Borgarnesi

## Rekstur Shellstöðvarinnar í Borgarnesi er laus til umsóknar.

Miðað er við að nýr aðili taki við um miðjan september. Um er að ræða frábæra staðsetningu en Shellstöðin stendur við stofnbraut þegar komið er inn í bæinn. Breytingar verða gerðar á staðnum á næsta ári og taka nýir rekstraraðilar þátt í þeirri uppbyggingu.

## Leitað er að öflugum einstaklingi eða fyrirtæki til að koma inn í reksturinn á staðnum.

- **Bensínsala**
- **Verslun**
- **Vetingsala**
- **Lottó**
- **Pvottastæði (háþrýsti)**

Umsóknir berist Skeljungu hf., Hólmaslóð 8, 101 Reykjavík, fyrir 27. ágúst n.k. eða á [ingvi@skeljungur.is](mailto:ingvi@skeljungur.is). Nánari upplýsingar veita Ingvi J. Ingvason eða Rebekka Ingvarsdóttir í síma 444 3000



### Fosshótel ehf. auglýsir eftir hótélstjóra til starfa á Fosshóтели Reykholti. Um framtíðarstarf er að ræða.

Starfssvið:

- Yfirumsjón og skipulagning daglegs reksturs
- Daglegt uppgjör, skýrslugerð og bókhald
- Samskipti við aðalskrifstofu og viðskiptavini
- Þjónusta við gesti
- Markaðssetning

Hæfniskröfur:

- Gott vald á íslensku og ensku. Öll frekari tungumála kunnátta er kostur
- Stjórnunar- og skipulagshæfileikar
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum
- Rík þjónustulund, sveigjanleiki og geta til að starfa undir álagi
- Útsjónasemi, viðskiptavít og metnaður
- Menntun og / eða reynsla sem nýtist í starfi

Umsóknarfrestur er til 1. september 2006. Starfið er laust samkvæmt nánara samkomulagi. Umsóknareyðublöð má nálgast á [www.fosshotel.is](http://www.fosshotel.is)

Fosshótel Reykholt er menningartengt ferðamannahótel sem byggir á þrjú þætti þema: norrænni goðafræði, íslenskum bókmenntum og klassískri tónlist. Hótelinu var nýlega endurþróað eftir víðtækar breytingar á húsnæðinu. Einnig er starfrækt heilsulind á Fosshóтели Reykholti þar sem boðið er upp á margvísleg meðferðarherbergi og heitar laugar.

Fosshótel er næststærsta hótélkeðja á Íslandi. Hótelin í keðjunni bjóða upp á fjölbreytt úrval af gistingu um allt land, ýmist sem sumarhótel eða þrjúgjá stjórnu heilsárshótel. Einkunnarorð Fosshótelu eru: „Vínalegru um allt land“. Til að ná því markmiði er nauðsynlegt að hafa vingjarnalegt, þjónustulundað og fjölbreytt starfsfólk í hverju starfi. Árangursrík og ánægjuleg samskipti er leiðandi stefna í öllum rekstri fyrirtækisins. Þjónustukannanir sýna að gestir Fosshótelu eru almennt mjög ánægðir dvöl sína, en 96-98% gefa dvölinni góða eða ágætis einkunn.

Nánari upplýsingar veitir Renato Grünenfelder, framkvæmdastjóri, í síma 562 4000 (-5) eða í gegnum tölvupóstfangið [renato@fosshotel.is](mailto:renato@fosshotel.is)





# Áhugaverð fram tíðarstörf

Óskum eftir að ráða áhugasamt starfsfólk til afgreiðslustarfa í verslunum okkar í Reykjavík, Kópavogi og í Hafnarfirði

Starfið felur í sér:

- Almenna afgreiðsla á kassa og þjónusta við viðskiptavini.
- Aðstoð í öðrum deildum verslunarinnar.
- Önnur tilfallandi störf.

Hlutastarf gæti komið til greina.

Umsóknir berist til starfsmannastjóra Húsasmiðjunnar Guðrúnar Kristinsdóttur, [gudrunk@husa.is](mailto:gudrunk@husa.is). Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar [www.husa.is](http://www.husa.is).

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvára á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanir eru tuttugu og ein um land allt. Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 80 þúsund vörutegundir. Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 750 manns á öllum aldri. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

**Fyrir alla:**  
Húsasmiðjan hvetur alla, á hvaða aldri sem er og vilja starfa hjá traustu og góðu fyrirtæki til að sækja um.



HÚSASMIDJAN  
...öskert máli



Reykjavíkurborg



## LISTASAFN REYKJAVÍKUR

### Deildarfulltrúi safnadeildar

Laus er til umsóknar staða deildarfulltrúa safnadeildar við Listasafn Reykjavíkur.

#### Starfssvið:

Deildarfulltrúi safnadeildar vinnur við skráningu, varðveislu og umsýslu listaverkæignar safnsins ásamt skrásetningu og varðveislu heimilda og gagna. Vinnur að öðrum tilfallandi afmörkuðum skrásetningarverkefnum. Hefur umsjón með útleigu listaverka úr safneign til stofnana borgarinnar þar með talin ráðgjöf, skipulag og umsjón. Sér um frágang og skipulag í þjónusturýmum (geymslum) safnsins sem felur í sér líkamlega vinnu. Vinnur við undirbúning og frágang verka úr safneign sem send eru til sýninga utan safnsins. Vinnur að öðrum þeim verkefnum sem deildarstjóri kann að fela honum.

#### Hæfniskröfur:

Krafist er háskólamenntun á sviði myndlistar; safnafræðimenntun er æskileg. Starfið krefst góðrar tölvukunnáttu, sjálfstæði í vinnubrögðum, skipulagshæfileika og færni í mannlegum samskiptum. Lögð er áhersla á skapandi hugsun, jákvæðni og drifkraft.

Næsti yfirmaður er deildarstjóri safnadeildar.

Kjör samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Skriflegar umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist deildarstjóra safnadeildar Þorbjörgu Br. Gunnarsdóttur sem jafnframt veitir nánari upplýsingar ([thorbjorg.gunnarsdottir@reykjavik.is](mailto:thorbjorg.gunnarsdottir@reykjavik.is))

Umsóknarfrestur er til 11. september n.k.

### Gæslufulltrúi

hjá Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi

Laust er til umsóknar staða gæslufulltrúa í Hafnarhúsi, Tryggvagötu 17. Um er að ræða hlutastarf og er starfshlutfall 87,5%. Unnið er alla virka daga frá kl. 10-17.

#### Helstu verkefni:

Gæsla listmuna og safnhúss.  
Símsvörun og upplýsingagjöf til gesta.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

Haldgóð menntun sem nýtist í starfi.  
Færni í erlendum tungumálum.  
Færni í mannlegum samskiptum.  
Frumkvæði, nákvæmni, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélag.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Skriflegar umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist til Önnu Friðbertsdóttur, skrifstofustjóra, Listasafni Reykjavíkur, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík. Jafnframt er tekið á móti umsóknum á netfangið [anna.fridbertsdottir@reykjavik.is](mailto:anna.fridbertsdottir@reykjavik.is). Umsóknarfrestur er til 3. september 2006.

### Umsjónarmaður kaffiteríu

hjá Listasafni Reykjavíkur – Kjarvalsstöðum

Laust er til umsóknar staða umsjónarmanns kaffiteríu á Kjarvalsstöðum. Um er að ræða tímundið starf frá 1. september – 30. nóvember 2006 er starfshlutfall 100%. Unnið er alla virka daga frá kl. 9-17.

#### Helstu verkefni:

Almennur rekstur kaffiteríu safnsins.  
Afgreiðsla gesta.  
Framleiðsla veitinga.  
Upplýsingagjöf til helgarstarfsmanna.  
Innkaup.  
Starfsmannahald.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélag.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Skriflegar umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist til Önnu Friðbertsdóttur, skrifstofustjóra, Listasafni Reykjavíkur, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík. Jafnframt er tekið á móti umsóknum á netfangið [anna.fridbertsdottir@reykjavik.is](mailto:anna.fridbertsdottir@reykjavik.is). Umsóknarfrestur er til 3. september 2006.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR  
KJARVALSSTÖÐIR • HAFNARHÚSI • SKOLASTJÓFA

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Leiðarljós Listasafns Reykjavíkur er að sinna hlutverki sínu á framúrskarandi hátt, vera í öndvegi íslenskra listasafna og skapa sér orðstýr á alþjóðlegum mælikvarða sem verðugur viðkomustaður allra unnenda samtímalistar.



KOKKARNIR  
VEISLUÞJÓNUSTA

Furðufiskar ehf sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðin í Hagkaupum kringlunni og Smáralind. Vantar Bílstjóra sem starfar einnig við samantekt á vörum ásamt fleiru.

Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi mikla þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum því starfið er andlit fyrirtækisins út á við.

Áhugasamir sendið tölvupóst á [kokkarnir@kokkarnir.is](mailto:kokkarnir@kokkarnir.is) eða hringið í síma 511-4466 milli kl 9 og 17 á virkum dögum.

Furðufiskar ehf  
Fiskislóð 81a, 101 Reykjavík

### » Ráðningaþjónusta

Ert þú í  
atvinnuleit?

Fjöldi starfa  
í boði!

Kannaðu málið á  
[www.hhr.is](http://www.hhr.is)

HH  
RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

HH Ráðgjöf, Ráðningaþjónusta • Fiskislóð 81 • 107 Reykjavík  
Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • [hhr@hhr.is](mailto:hhr@hhr.is) • [www.hhr.is](http://www.hhr.is)

### Leikskólar Seltjarnarness

Á Seltjarnarnesi eru tveir leikskólar  
**Mánabrekka og Sólbrekka**

Þar eru laus störf fyrir:

- **Leikskólakennara**
- **Þroskaþjálfara**
- **Starfsmenn með áhuga á uppeldisstörfum**

Kynnið ykkur leikskólana á heimasíðum: [www.seltjarnarnes.is/manabrekka](http://www.seltjarnarnes.is/manabrekka) og [www.seltjarnarnes.is/solbrekka](http://www.seltjarnarnes.is/solbrekka)

Nánari upplýsingar:

#### Mánabrekka

Guðbjörg Jónsdóttir leikskólastjóri,  
í síma 595 9280,  
[guðbjorgjo@seltjarnarnes.is](mailto:guðbjorgjo@seltjarnarnes.is)

#### Sólbrekka

Soffía Guðmundsdóttir leikskólastjóri,  
í síma 595 9290, [soffia@seltjarnarnes.is](mailto:soffia@seltjarnarnes.is)

Einnig hjá Hrafnhildi Sigurðardóttur leikskólafulltrúa, í síma 595 9100, [hrafnhildur@seltjarnarnes.is](mailto:hrafnhildur@seltjarnarnes.is)

Laun skv. kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga við Félag leikskólakennara.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlmenn hvattir til að sækja um störf í leikskólum bæjarinnar.

Komið í heimsókn, hringið eða sendið tölvupóst og kynnið ykkur skólastarfið.

SELTJARNARNESBÆR  
Skólaskrifstofa



# allt hús

Alla mánudaga



HÓTEL BORG

## Gestamóttaka

Hótel Borg óskar að ráða starfsmann í gestamóttöku hótelsins á dagvaktir. Umsækjandi þarf að vera þjónustulundaður, skipulagður, eiga gott með mannleg samskipti, vera vel talandi og skrifandi á enska tungu (önnur tungumál eru kostur) og hafa reynslu af vinnu við tölvur.

Skriflegar umsóknir sendist á Hótel Borg, Pósthústræti 9-11, 101 Reykjavík eða á netfangið [manager@hotelborg.is](mailto:manager@hotelborg.is).



Hótel Borg er eitt af elstu og glæsilegustu hótélum landsins og er eitt af sex hótélum Keahótelá ehf. Hin hótélín fimm eru Hótel Björk Reykjavík, Hótel Kea, Hótel Harpa og Hótel Norðurland á Akureyri og Hótel Gígur Mývatni.



## HÓTEL BJÖRK

### Gestamóttaka

Hótel Björk óskar að ráða starfsmann í gestamóttöku hótelsins á dagvaktir. Umsækjandi þarf að vera þjónustulundaður, skipulagður, eiga gott með mannleg samskipti, vera vel talandi og skrifandi á enska tungu (önnur tungumál eru kostur) og hafa reynslu af vinnu við tölvur.

Skriflegar umsóknir sendist á Hótel Björk Brautarholti 22 105 Reykjavík eða á netfangið [olafur@keahotels.is](mailto:olafur@keahotels.is).



Hótel Björk er 55 herbergja þriggja stjörnu hótél og er eitt af sex hótélum Keahótelá ehf. Hin hótélín fimm eru Hótel Björk Reykjavík, Hótel Kea, Hótel Harpa og Hótel Norðurland á Akureyri og Hótel Gígur Mývatni.



Bakhjarl fyrir betri liðan

vistor



Nánari upplýsingar veitir Grétar Jónsson í síma 535-7000 eða á netfanginu [gretar@vistor.is](mailto:gretar@vistor.is)

Nánari upplýsingar veita Jónas Sigurðsson ([jonas@vistor.is](mailto:jonas@vistor.is)) og Guðfinna Arnarsdóttir ([guðfinna@vistor.is](mailto:guðfinna@vistor.is)) í síma 535-7000

## Viltu vaxa með okkur?

Við erum að stækka og þurfum því fleiri öflugra starfskrafta

### Starf við innkaup

#### Verksvið:

- Útbúa pantanir í samráði við innkaupastjóra/markaðsstjóra
- Samskipti við birgja
- Tollafgreiðsla og gerð verðútreikninga
- Gjaldeyrisumsóknir í samráði við fjármáladeild

#### Hæfniskröfur:

- Haldgóð menntun og/eða starfsreynsla
- Góð kunnátta í tollafgreiðslu (Fjölpir)
- Enskukunnátta
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Þjónustulipurð og gott skap/viðmót

### Störf við vörumóttöku og vöruafgreiðslu

#### Vörumóttaka:

**Helstu verkefni:** Vinna við móttöku, móttökuskoðun og afgreiðslu á rannsóknartækjum, prófefnum, lækningatækjum og hjúkrunarvörum.

#### Vöruafgreiðsla:

**Helstu verkefni:** Vinna við samantekt og frágang pantana.

#### Hæfniskröfur fyrir bæði störfin:

- Almenn tölvukunnátta
- Samviskusemi
- Vandvirkni og öguð vinnubrögð
- Vilji til að læra og vinna sjálfstætt
- Sveigjanleiki og þjónustulipurð
- Lyftarapróf er æskilegt en ekki krafa

#### Störfin henta jafnt konum sem körlum.

Umsóknum skal skilað á netfangið [starf@vistor.is](mailto:starf@vistor.is) eða til skrifstofu Vistor, Hörgatúni 2, 210 Garðabæ, fyrir 29. ágúst nk.

Vistor hf. • Hörgatúni 2 • 210 Garðabæ • Sími: 535 7000 • Fax: 565 6485 • [vistor@vistor.is](mailto:vistor@vistor.is) • [www.vistor.is](http://www.vistor.is)

Það er gott að búa á austurlandi

## Melgerði 13, Reyðarfjörður.

TIL SÖLU



### 2. og 3. herbergja íbúðir, til afhendingar í haust

Vandaðar íbúðir fyrir heldri borgara. Íbúðirnar eru hannaðar að þörfum eldri borgara og hreyfihamlaðra með góðu aðgengi í huga. Sveitarfélagið leggur til stórglæsilega þjónustumiðstöð fyrir félagsstarf aldraða á 2. hæð hússins.

Íbúðirnar verða afhentar kaupendum í nóvember 2006.

2 herb. verð frá KR. 12.250.000\*

3 herb. verð frá KR. 16.200.000\*

NÚ ER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR, ÖRFÁAR ÍBÚÐIR EFTIR

\* Verðlisti miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)

ffa

FASTEIGNAFÉLAG  
AUSTURLANDS

567 3400

HÖL

Tákn um traust

475 8000



Nánari upplýsingar á netinu: [www.nmedia.is/ffa](http://www.nmedia.is/ffa)

Fasteignafélag Austurlands ehf. • Melgerði 7 • 730 Reyðarfjörður • Sími: 567-3400 • GSM: 896-8934



Síminn 

## Kraftmikið starfsfólk

óskast í Söluver og Úthringiver

800 7000 - siminn.is

Síminn óskar eftir kraftmiklu og framtakssömu fólk í Söluver og Úthringiver.

Starfsfólk í Söluveri sinnir sölu og ráðgjöf til viðskiptavina. Um er að ræða 100% vaktavinnu. Starfsfólk í Úthringiveri sinnir úthringingum vegna átaksverkefna og kannana. Um er að ræða kvöldvinnu þar sem góð laun fást fyrir góðan árangur.

Við leitum að einstaklingum eldri en 22 ára, stúdentspróf æskilegt eða sambærileg menntun.

Viðkomandi þurfa að hafa viðmótsþýða framkomu og vera vel máli farnir. Tölvukunnátta er nauðsynleg og reynsla af sölustörfum er æskileg.

Upplýsingar um stöfin eru veittar í síma 550 6470 frá kl. 14.00-16.00 alla virka daga.

Umsóknarfrestur er til 28. ágúst.

Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar.

Umsóknir skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Símons, [www.siminn.is](http://www.siminn.is)

Gildi Símons eru fimm: traust, heilindi, lipurð, einfaldleiki og eldmóður. Starfsmenn Símons hafa þessi gildi að leiðarljósi í öllum störfum sínum.

Röska og áræðanlegan starfskraft vantar á tannlæknastofu í miðbænum í 80% starf.

Umsóknir sendist Fréttablaðinu, Skaftahlíð 24 eða á [box@frett.is](mailto:box@frett.is) merkt "Aðstoð" fyrir 23. ágúst.



KÓPAVOGSBÆR

## LAUS STÖRF

### Íþróttamiðstöðin Versalir:

- Afgreiðsla/baðvarsla kvenna

### Sundlaug Kópavogs:

- Afgr./baðvarsla kvenna
- Afgr./baðv./laugarvarsla karla

### Félagsþjónusta Kópavogs:

- Aðstoð við heimilisstörf
- Matráður Roðasölum

### Bókasafn Kópavogs:

- Afgreiðsla/þjónusta

### GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

#### Digranesskóli:

- Umsjónarkennari á miðstigi
- Skólaliði

#### Hjallaskóli:

- Umsjónark. á yngsta stig
- Proskapjálfi
- Kennari í nýbúadeild (pólska) 70%

#### Hörðuvallaskóli:

- Matráður starfsmanna
- Dægradvöl
- Gangaverðir – ræstar með meiru

#### Íþróttahús Kársnesskóla:

- Baðvörður karla
- Baðvörður kvenna

#### Kársnesskóli:

- Starfsmaður í Dægradvöl 50%
- Gangaverðir/ræstar

#### Kópavogsskóli:

- Starfsmaður í Dægradvöl 50%

#### Lindaskóli:

- Starfsmaður í Dægradvöl 50%

#### Salaskóli:

- Starfsfólk í dægradvöl
- Matráður v/afleysinga
- Stuðningsfulltrúi - hlutastarf
- Stundakennari í þýsku

#### Smáraskóli:

- Námsráðgjafi v/forfalla
- Gangaverðir/ræstar

#### Snælandsskóli:

- Starfsmaður í Dægradvöl 50%

#### Vatnsendaskóli:

- Kennari v/smiði/tæknimennt
- Proskapjálfi
- Skólaritari
- Matráður fyrir starfsmenn 60%
- Skólaliði
- Starfsmaður í Dægradvöl 50-60%

### LEIKSKÓLAR KÓPAVOGS:

- Ýmis störf

Nánari upplýsingar á:  
[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)  
og [www.job.is](http://www.job.is)

## Félagsmálastjóri

Félagsþjónusta Fljótshéraðs óskar eftir að ráða félagsmálastjóra til afleysinga í allt að 12 mánuði.

### Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Daglegur rekstur Félagsþjónustu Fljótshéraðs
- Almenn félagsleg ráðgjöf
- Barnavernd
- Málefni aldraðra

### Helstu menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði félagsráðgjafar og/eða stjórnunar
- Reynsla á sviði barnaverndar og almennrar félagsþjónustu æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og skipulagshæfni

Um er að ræða allt að 100% stöðu frá og með 1. nóvember nk.

### Umsóknum skal skila ásamt ferilskrá merkt:

Félagsþjónusta Fljótshéraðs – atvinnuumsókn, Lyngási 12, 700 Egilsstöðum eða á netfangið [eirikur@egilsstadir.is](mailto:eirikur@egilsstadir.is)

Umsóknarfrestur er til 28. ágúst nk.

Nánari upplýsingar veitir Eiríkur B. Björgvinsson, bæjarstjóri s: 4 700 700 Netfang: [eirikur@egilsstadir.is](mailto:eirikur@egilsstadir.is)

Fljótshérað



fljotsdalsherad.is



## KÓPAVOGSBÆR

### SUNDLAUG KÓPAVOGS

óskar eftir að ráða í eftirfarandi störf:

- Afgreiðsla, baðvarsla og laugarvarsla kvenna
- Afgreiðsla, baðvarsla og laugarvarsla karla

Um er að ræða 100% starfshlutfall í vaktavinnu.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Góð sundkunnátta er áskilin.

Við leitum að jákvæðum og duglegum starfsmönnum með góða þjónustulund og samstarfshæfileika.

Snyrtimennska og nokkur tölvukunnátta áskilin.

Laun samkv. kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og SfK.

Nánari upplýsingar gefur forstöðumaður, Vildís Guðmundsdóttir í síma 570 0470, netfang [vildis@kopavogur.is](mailto:vildis@kopavogur.is).

[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) - [www.job.is](http://www.job.is)

## EFNILEG SÖLUMANNESKJA

Heimilistæki óskar eftir manneskju með áhuga á sölumennsku til starfa strax. Starfið felst í sölu á raftækjum og heimilistækjum í verslun okkar í Sæturni 8.

Í boði er bæði fullt starf eða hlutastarf eftir hádegi.

**Hvetjum sérstaklega konur á besta aldri til að sækja um.**  
Engin reynsla nauðsynleg.

Heimilistæki ehf er einn stærsti innflytjandi landsins á raftækjum og heimilistækjum með umboð fyrir mörg heimsþekkt vörumerki á borð við Philips og Whirlpool.

Umsóknareyðublað er að finna á heimasíðu Heimilistækja, [www.ht.is](http://www.ht.is). Umsókn skal skila rafrænt gegnum vef fyrirtækisins fyrir 27. ágúst. Allar frekari upplýsingar má finna á vefnum.

Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**Heimilistæki**  
SÆTURNI 8 • SÍMI 569 1500 • [www.ht.is](http://www.ht.is)



## KÓPAVOGSBÆR

### Frá leikskólum Kópavogs

Kópavogsbær óskar eftir að ráða leikskólakennara og fleira starfsfólk í leikskóla Kópavogs.

- Um er að ræða heilar stöður og hluta-stöður. Kópavogsbær rekur 16 leikskóla og leitast er við að búa sem best að leikskólunum og þeim sem þar dvelja, börnum og starfsmönnum.
- Leitað er að fólki sem er tilbúið til að taka þátt í metnaðarfullu, skemmtilegu leikskólastarfi og fjölbreyttu þróunarstarfi þar sem starfsgleði er í fyrirrúmi.

Kynnið ykkur leikskóla Kópavogs á heimasíðu þeirra [www.leikskolar.kopavogur.is](http://www.leikskolar.kopavogur.is) þar sem jafnframt er hægt að sækja um stöðurnar í gegnum [job.is](http://job.is).

Upplýsingar um lausar stöður gefur leikskóla-fulltrúi (sími: 570-1600 eða netfang: [sesselja@kopavogur.is](mailto:sesselja@kopavogur.is)) og leikskólastjórar í sínum leikskólanna eða í tölvupósti ([nafnleikskolans@kopavogur.is](mailto:nafnleikskolans@kopavogur.is)).

Laun eru samkv. kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störf.

[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) - [www.job.is](http://www.job.is)

## Marel leitar að

drífandi einstaklingum með óbilandi áhuga á sínu fagsviði



### ► Forritari á Kerfishugbúnaðarsviði

Þú færð að:

- glíma við krefjandi verkefni sem krefjast framúrskarandi færni í hugbúnaðargerð
- kynast og vinna með mjög færum sérfræðingum á sviði hátækniþjóna
- þróa nýjan hugbúnað sem settur verður upp hjá viðskiptavinum Marel um allan heim
- vinna í öflugum þróunarumhverfi: Visual Studio 2005, C# og SQL Server 2005
- koma upp öflugustu heildarlausnum sem til eru fyrir matvælaíðnað
- starfa í vinnuumhverfi sem er opið, sveigjanlegt, fjölskylduvænt og býður upp á góða aðstöðu til íþróttaiðkunar
- ferðast um heiminn, hitta viðskiptavinum okkar og fylgja verkefnum þínum eftir

Í staðinn verður þú að:

- hafa menntun í tölvunarfræði, hugbúnaðar-, rafmagns- eða tölvuverkfræði
- hafa starfað minnst tvö ár við hugbúnaðargerð
- hafa þróað hugbúnað fyrir Microsoft .NET umhverfi, Microsoft, Windows stýrikerfi og einhverja tegund SQL gagnagrunns
- hafa mjög gott vald á ensku og geta ferðast vegna starfsins
- eiga auðvelt með að starfa sjálfstætt sem og í samhentum teymi
- búa yfir fagmannlegum vinnubrögðum, áhugasemi, skipulagshæfni og styrk í mannlegum samskiptum

Frekari upplýsingar um starfið veitir Helgi Hafþórsson ([helgi.hafthorsson@marel.is](mailto:helgi.hafthorsson@marel.is)) í síma 563 8000). Sækja skal um starfið til og með 21. ágúst nk.

Marel er alþjóðlegt hátækniyrirtæki í fararbroddi á sviði þróunar og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaíðnað. Við bjóðum upp á metnaðarfullt, fjölbreytt og faglegt vinnuumhverfi þar sem rík áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð, hæfni til liðsvinnu og góðan starfsanda. Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu, líkamsrækt, barnaherbergi og símenntun. Hjá fyrirtækinu starfa yfir 2.000 starfsmenn í 5 heimsálfum.



**Marel**

## KRANASTJÓRAR ÓSKAST



ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 650 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.

ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbýggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

### Kranastjórar

Vegna aukinna verkefna óskar ÍSTAK eftir að ráða kranastjóra til starfa. Um er að ræða stjórnun á byggingarkrönum.

Möguleiki er á húsnæði fyrir utanbæjarfólk.

Upplýsingar um störf og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar [www.istak.is](http://www.istak.is).

# ÍSTAK

## Smiðir

### Kraftafl ehf auglýsir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 891 8667

### SÖLUMÆÐUR Í VERSLUN

Óskum eftir starfsmanni í afgreiðslu og tilfallandi verkefni. Vinnutími er 10 til 18 virka daga (möguleiki á styttri vinnutíma) og annan hvern laugardag frá 10 til 16.

Hæfniskröfur eru að hafa þekkingu eða reynslu af útvistarvörum, vera snyrtilegur, sjálfstæður, þjónustulundaður og jafnframt heiðarlegur.

Ráðið er í starfið frá byrjun september og er um framtíðarstöðu að ræða. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

Peir sem hafa óhuga sendið inn umsókn merktu Nýja Skátabúðin / Söluæður á netfangið [skatabudin@skatabudin.com](mailto:skatabudin@skatabudin.com).



### Innritun hefst mánudaginn 21. ágúst og stendur yfir þessa viku.

Nemendur skólans þurfa að staðfesta umsóknir sínar á skrifstofu skólans Engjateigi 1 sem er opin virka daga kl. 12 – 18. Jafnframt eru nemendur beðnir að afhenda afrit af stundaskrá sýnum.

Skólastjóri

## SÖLUMÆÐUR/RAFVIRKI LAGERSTARFSMAÐUR

### SÖLUMÆÐUR/RAFVIRKI

- » **Starfssvið:**
  - > Almenn sölustörf
  - > Tilboðsgerð
  - > Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini.
- » **Hæfniskröfur:**
  - > Iðnmenntun á rafmagnssviði æskileg
  - > Reynsla í rafvirkjun eða úr sambærilegu starfi
  - > Hæfni í mannlegum samskiptum.
  - > Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingi sem fellur að góðri liðsheild fyrirtækisins.

### LAGERSTARFSMAÐUR

- » **Starfssvið:**
  - > Almenn lagerstörf og tiltekt
  - > Móttaka og afgreiðsla varnings
- » **Hæfniskröfur:**
  - > Æskilegt að viðkomandi hafi lyftararéttindi
  - > Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknir óskast sendar til Ískrafts, Smiðjuvegur 5, 200 Kópavogur, fyrir 28. ágúst 2006. Upplýsingar veitir Jón Sverrir Sværissón, netfang: [jon@iskraft.is](mailto:jon@iskraft.is). Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál.

Ískraft er rafíðnaðarheildsala og leiðandi á því sviði á íslenskum markaði. Fyrirtækið hefur starfað síðan 1975. Ískraft rekur alls tveir starfsstöðvar, í Kópavogi og á Akureyri. Starfsmenn eru samtals 28.

**ISKRAFT**  
RAFÍÐNAÐARVERSLUN



### Landakot K-2

#### Hjúkrunarfræðingur D-stjórnun

Óskast. Hjúkrunarfræðingurinn starfar samkvæmt starfslýsingu D-stjórnun á K-2. Hjúkrunarfræðingurinn hefur m.a. það hlutverk að leysa hjúkrunardeildarstjórnann af. Starfshlutfall 100%. Æskileg reynsla af öldrunarhjúkrun og stjórnun.

#### Hjúkrunarfræðingar

Óskast á morgun- og kvöldvaktir. Starfshlutfall samkomulag.

#### Sjúkraliðar og starfsmenn í aðhlyningu

Óskast á kvöldvaktir í miðri viku og morgun- og kvöldvaktir um helgar. Starfshlutfall samkomulag. Umsóknir skulu berast fyrir 4. september nk. til Gerðar Baldursdóttur, deildarstjóra K-2 Landakoti og veitir hún upplýsingar í síma 543 9815, netfang [gerdurba@landspitali.is](mailto:gerdurba@landspitali.is).

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármála-ráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksstötu 5, á heimasíðu [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is). Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Landspítali – háskólasjúkrahús er reyklus vinnustaður.



# SÖLUMAÐUR ÓSKAST

Harðviðarval ehf er leiðandi aðili í sölu á parketi, flísum, innihurðum og fleiri vörum til að innrétta heimilið og vinnustaðinn. Harðviðarval hefur ætíð leitast við að bjóða viðskiptavinum sínum allt það nýjasta og besta í gólfefnum ásamt því að bjóða hágæða hreinlætis- og blöndunartæki ásamt fleiri tengdum vöruflokkum. Hjá okkur er rík áhersla lögð á vörubekkingu og persónulega þjónustu.

Harðviðarval leitar eftir starfsmanni í fullt starf. Um er að ræða sölu á parketi, flísum, hurðum o.fl í stærsta parket-sýningarsal landsins að Krókhálsi 4. Viðkomandi þarf að vera stundvís, snyrtilegur og hafa ríka þjónustulund. Áhugi og gott auga fyrir hönnun er kostur. Vinnutími er 9:00–18:00 og 10:00–16:00 annan hvern laugardag.

Við leitum eftir hressum og dugmiklum starfsmanni sem er tilbúinn til að ástunda sjálfstæði í starfi og falla inn í góðan hóp starfsfólks hjá rótgrónu fyrirtæki.

## Hæfniskröfur:

- Góð almenn tölvukunnátta
- Enskukunnátta
- Þjónustulund
- Færni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af sölustörfum æskileg
- Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega



Vinsamlegast sendið okkur skriflega umsókn eða sendið á netfangið [bjorn@parket.is](mailto:bjorn@parket.is), fyrir 1. september nk.

**HARÐVIÐARVAL**  
-þegar þú kaupir gólfefni

Krókhálsi 4 • 110 Reykjavík • Sími 567 1010 • [www.parket.is](http://www.parket.is)

## Sölumaður



Danica sjávarafurðir ehf óskar eftir menntaðarfullum starfsmanni með reynslu í sölu á sjávarafurðum til útflutnings. Skilyrði eru: Tungumálakunnátta, sjálfstæð vinnubrögð, metnaður, stundvís og reglusemi. Lifandi og skemmtilegt starf. Þekking á Navision æskileg. Reyklaus vinnustaður.

Umsóknir sendist eingöngu til auglýsingadeildar Fréttablaðsins eða á [box@frett.is](mailto:box@frett.is) merktar "Sjávarafurðir 235".

# allt atvinna

Alla sunnudaga



## 66° Norður – Vantar jákvætt og kraftmikið starfsfólk

Sjókjæðagerðin – 66° Norður er eitt elsta framleiðslufyrirtæki landsins stofnað árið 1926 og hefur um áratugaskeið verið leiðandi í framleiðslu á sjó- og vinnufatnaði. Undanfarinn áratug hefur fyrirtækið vaxið hratt í framleiðslu og sölu á fjölbreyttum fatnaði til útivistar og fengið margvísleg verðlaun fyrir hönnun sína og markaðsstarf síðastliðin ár. Í dag rekur fyrirtækið 10 verslanir undir vörumerkjum 66° Norður og Rammagerðarinnar

### Verslunarstörf

66° Norður leitar að góðu fólki til starfa í verslunum sínum á höfuðborgarsvæðinu. Viðkomandi þarf að hafa afburða þjónustulund, sýna framtaksemi og sjálfstæð vinnubrögð, tungumálakunnátta æskileg.

### Lagerstörf

Starfsfólk vantar á vörulager 66° Norður að Miðhrauni 11 Garðabæ. Viðkomandi þarf að vera vinnusamur.

### Silkipientun

Starfsmann vantar í merkingardeild að Miðhrauni 11 Garðabæ til að hafa yfirmsjón með daglegri stjórn deildarinnar. Menntun/reynsla í

silkipientun og/eða bróðeringu æskileg. Viðkomandi þarf að hafa góða þekkingu á tölvum og skipulagshæfileika.

### Bróðering

Starfsmann vantar í merkingardeild að Miðhrauni 11 Garðabæ. Þekking og reynsla af bróðeringu og/eða saumaskap æskileg.

### Rammagerðin

Starfsmann vantar í verslun Rammagerðarinnar í Hafnarstræti. Viðkomandi þarf að vera þjónustulundaður og tungumálakunnátta æskileg.

Einnig vantar starfsmann á lager Rammagerðarinnar. Viðkomandi þarf að hafa þekkingu á tölvum og vera sjálfstæður í vinnubrögðum. Auk þess að sjá um lager verslunarinnar felur starfið í sér afgreiðslu í versluninni að hluta.

Umsóknir (starfsferilskrá ásamt mynd) sendist á Rut Þorgeirsdóttur [rut@66north.is](mailto:rut@66north.is), Miðhrauni 11, 210 Garðabær sími 535 6600.

## Störf:

Vantar starfsfólk í eftirfarandi stöður:

### Verslunarstjóraaða:

- Toppskórinn Outlet

### Hlutastörf (fimmtudagskvöld og helgar):

- Steinar Waage Kringlan
- Steinar Waage Smáralind
- Ecco Kringlan
- Eurosko Kringlan

### Hlutastarf (14:00-19:00):

- Steinar Waage Smáralind

### Hlutastarf (Laugardaga):

- Ecco Laugavegur

### Fullt starf:

- Ecco Laugavegur

Leitum að samvisskusömum einstaklingum til sölustarfa í verslunum okkar, 18 ára og eldri.

Umsóknir/fyrirspurnir sendist á [hermann@sporbaugur.is](mailto:hermann@sporbaugur.is)



## Aðeins meiri slaka ma'r

### Kranastjóri

Óskum eftir að ráða vana byggingakranastjóra til starfa sem fyrst. Næg verkefni framundan og tækjabúnaður fyrirtækisins er mjög góður. Við leitum að stundvís, áhugasömum og reglusemum kranamönnum sem vilja taka þátt í að byggja með okkur hæsta hús á Íslandi. Allar nánari upplýsingar gefa Guðmundur í síma 860 1730 og Sigurjón í síma 860 1706 (Suðurland).

Allar nánari upplýsingar veita Guðmundur í síma 860 1730 eða Sigurjón í síma 860 1706.

Umsóknir sendist á [gbg@javerk.is](mailto:gbg@javerk.is) eða [sol@javerk.is](mailto:sol@javerk.is).

JÁVERK ehf er 14 ára öflugt, metnaðarfullt og vaxandi verktakafyrirtæki. Starfsmenn eru nú um 90 og verkefnastaða fyrirtækisins er traust næstu árin. Fyrirtækið er með starfsstöðvar og verkefni bæði á Suðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu. Helstu verkefni fyrirtækisins framundan eru:

- Smáratorg, verslunar- og skrifstofuhús. Hæsta hús á Íslandi Verksmiðjuhús fyrir Frónkex
- Sunnulækjarskóli, skóli og íþróttahús
- Sjúkrahús á Selfossi, viðbygging
- Sundlaug og íþróttahús á Borg í Grímsnesi
- Leikskóli á Selfossi

Auk þessara verkefna eru mörg eigin verkefni á undirbúningsstigi.

Starfsmannastefna fyrirtækisins gerir ráð fyrir að aðbúnaður og starfs- umhverfi sé með því besta sem þekkest. Starfsandi er góður og starfs- mannafélagið er mjög virkt og stendur fyrir margskonar skemmtunum og ferðalögum.



Gagnheiði 28  
IS-800 Selfoss  
Iceland  
Sími +354 480 1700  
Fax +354 480 1701



## MENNTASVIÐ REYKJAVÍKUR

### LAUS STÖRF Í LEIKSKÓLUM

#### Deildarstjórar

- **Grandaborg**, Grandaborg 9, sími 562-1855
- **Njálsholt**, Njálsgötu 9, sími 551-4860
- **Lýngheimar**, v/Mururima, sími 567-0277
- **Ósp**, lðufelli 16, sími 557-6989

#### Leikskólakennarar eða leiðbeinendur

- **Álftaborg**, Safamýri 32, sími 581-2488/693-9833
- **Berg**, við Kléberg, sími 566-6039
- **Bakkaborg**, Blöndubakka 2, sími 557-1240
- **Barónsborg**, Njálsgötu 70, sími 551-0196
- **Fellaborg**, Völvufelli 9, sími 557-8230
- **Fífuborg**, Fífurima 13, sími 587-4515
- **Funaborg**, Funafold 42, sími 587-9160  
Um er að ræða 100% stöðu og tvær 50% stöður í eitt ár. Vinnutími er frá 9-13.
- **Geislabaugur**, Kristinbraut 26, sími 517-2560/693-9899
- **Grænaborg**, Eiríksstötu 2, sími 551-4470
- **Gullborg**, Rekagranda 14, sími 562-2414/562-2455/
- **Hamrar**, Hamravík, sími 577-1240
- **Hálsakot**, Hálsaseli 29, sími 557-7275
- **Heiðaborg**, Selásbraut 56, sími 557-7350
- **Hlíðaborg**, Eskihlíð 19, sími 552-0096
- **Hof**, Gullteig 19, sími 553-9995.  
Um er að ræða tvær stöður eftir hádegi.
- **Jörfi**, v/Hæðargarð, sími 553-0347
- **Kvarnaborg**, Árvörn 4, sími 567-3199
- **Kvistaborg**, Kvistaland 26, sími 553-0311
- **Laugaborg**, við Leirulæk, sími 553-1325/693-9808
- **Laufásborg**, Laufásvegi 53-55, sími 551-7219
- **Lýngheimar** v/Mururimi, sími 567-0277
- **Lindaborg**, Lindargötu 26, sími 551-5390
- **Lækjaborg**, við Leirulæk, sími 568-6351 / 691-6699
- **Njálsholt**, Njálsgötu 9, sími 551-4860
- **Reynisholt**, Gvendargeisla 13, sími 517-5560/693-9849
- **Skógarborg**, Efstalandi 28, sími 553-1805.  
Um er að ræða 60% stöðu.
- **Sólbakkí**, Stakkahlíð 19, sími 552-2725.
- **Sæborg**, Starhaga 11, sími 562-3664
- **Ósp**, lðufelli 16, sími 557-6989

#### Störf við sérkennslu

- **Grænaborg**, Eiríksstötu 2, sími 551-4470

#### Yfirmaður í eldhús

- **Hof**, Gullteig 19, sími 553-9995.  
Um er að ræða 50% eftir hádegi.
- **Jörfi**, v/Hæðargarð, sími 553-0347
- **Njálsholt**, Njálsgötu 9, sími 551-4860
- **Sólhlið**, Engihlíð 8, sími 551-4870

#### Aðstoðarmaður í eldhús

- **Geislabaugur**, Kristinbraut 26, sími 517-2560/693-9899.  
Um er að ræða 50%. Vinnutími frá kl.12-17.
- **Grænaborg**, Eiríksstötu 2, sími 551-4470. Um er að ræða 50% stöðu.
- **Hálsaborg**, Hálsaseli 27, sími 557-8360. Um er að ræða 70% stöðu.
- **Hof**, Gullteig 19, sími 553-9995. Um er að ræða 100% stöðu.
- **Jöklaborg**, Jöklaseli 4, sími 557-1099. Um er að ræða 50% stöðu.

### Öll laus störf í leik- og grunnskólum eru auglýst á [www.menntasvid.is](http://www.menntasvid.is)

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauðglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Nánari upplýsingar um þessi störf veita leikskólalastjórar í viðkomandi leikskólum. Einnig veitir starfsmannþjónusta Menntasviðs upplýsingar í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á heimasíðunni [www.menntasvid.is](http://www.menntasvid.is)

### GRUNNSKÓLAR

#### Grunnskólakennarar

- **Borgaskóli**, sími 577-2900.  
Kennari til að sjá um sjálfstýrkingarnámskeið, hlutastarf. Forfallakennari í tilfallandi forföll.
- **Brúarskóli**, sími 520-6000  
Textilkennari
- **Óskjuhlíðaskóli**, sími 568-9740.  
Um er að ræða kennslu einhverfra nemenda

#### Talmeinafræðingur

- **Borgaskóli**, sími 577-2900. Hlutastarf

#### Proskapjálfi

- **Óskjuhlíðaskóli**, sími 568-9740

#### Skólabókasafnsfræðingur

- **Borgaskóli**, sími 577-2900.  
Afleysingar frá 25. september til 8. október.

#### Stuðningsfulltrúar

- **Árbæjarskóli**, sími 567-2555
- **Ingunnarskóli/Sæmundarsel**, sími 411-7828
GERÐUR RÚN GUÐLAUGSDÓTTIR	41,25
HELEN ÓLAFSDÓTTIR	45,37
10 KM HLAUP KARLA	
STEFÁN GUÐMUNDSSON	34,45
BURKNI HELGASON	35,09
VALUR ÞORSSON	36,28
HÁLFMARAÞON KVENNA	
NICOLA DEGAUDENZ, ÍTALÍU	1:29,58
VERONIKA BJARNADÓTTIR	1:32,03
JULITTA BOSCHMAN	1:33,14
HÁLFMARAÞON KARLA	
MICHAEL PIETER WORDEN, HOLL.	1:15,28
BIRGIR SÆVARSSON	1:19,10
JORGE M. MATEO, SPÁNI	1:19,36
MARAÞON KVENNA	
NATHALIE FREYLING, FRAKKL.	3:34,31
JENNIFER ISAACS, KANADA	3:34,54
CAROLINE NUSSER, BNA	3:35,13
MARAÞON KARLA	
JIRI WALLENFELS, TÉKKLANDI	2:33,27
MANS HOIOM, SVÍÞJÓÐ	2:38,42
GARY CHANDLER, BRETLANDI	2:42,19



JÓNSI VINSÆLL Jón Jósep Sæbjörnsson ræðir við krakkana fyrir Latabæjarhlaupið.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Samuel Eto'o leikmaður Barcelona:

## Kallar Eið Smára „Blondie“

**FÓTBOLTI** Samuel Eto'o, sóknarmaður Barcelona og Kamerún, hefur tekið upp gælunafnið „Blondie“ (Ljóska) á Eið Smára Guðjohansen, félagi sinn í framlínu spænska stórlíðsins. Eto'o greindi frá þessu í samtali við spænska vefmiðil þegar hann var spurður út í nýjustu liðsmenn félagsins, þá Eið Smára, Lilian Thuram og Gianluca Zambrotta.

„Ég hlakka mikið til að spila við hlið hans og tel að við eigum eftir að mynda mjög hættulegt sóknarpar,“ sagði Eto'o aukinheldur um íslenska landsliðsfyrirliðann.

Eto'o hafði heldur ekkert nema gott að segja um Thuram og Zambrotta en hrósaði þó mest þeim leikmönnum sem spiluðu fyrir aftan hann á síðustu leiktíð.

„Ronaldinho er einfaldlega bestur



Á ÆFINGU Samuel Eto'o og Eiður Smári Guðjohansen.

FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN

en Xavi er besti miðjumaður í heimi. Sá næstbesti í heimi er Iniesta, aðrir standa þeim langt að baki. Messi er snillingur með vöðva, sá besti sem ég hef séð á þessum aldri. Með þessa leikmenn í liðinu erum við ekki langt frá því að vera óstöðvandi,“ sagði Eto'o, greinilega handviss um að hann sé í besta liði í heimi.

- vig





HVERT ERT ÞÚ AÐ FARA? Vignir Svavarsson fékk enga sérmeðferð hjá gömlu félögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Danska liðið Skjern mætti Haukum á Ásvöllum:

# Vissi ekki í hvaða klefa ég átti að fara

**HANDBOLTI** Danska úrvalsdeildarliðið Skjern hefur undanfarna viku verið stutt hér á landi í æfingaferð og á föstudagskvöldið mætti liðið Haukum í eina æfingaleik liðsins hér á landi. Leiknum lauk með þriggja marka sigri danska liðsins, 30-27, en leikurinn fór fram á Ásvöllum.

Með Skjern leika þrjú Íslendingar, Vilhjálmur Halldórsson, Jón Þorbjörn Jóhannsson og Vignir Svavarsson en sá síðastnefndi lék lengi með Haukunum.

„Það var vissulega svolítið skrýtin tilfinning að koma á Ásvelli þar sem maður var ekki rauðklæddur í þetta skiptið,“ sagði Vignir. „En það var gaman að spila gegn Haukunum. Ég vissi reyndar ekki alveg í hvaða büningsklefa ég átti að fara í þegar ég kom í húsið,“ sagði hann og hló.

Þjálfari liðsins er fjórði Íslendingurinn, Aron Kristjánsson sem

einnig hefur alið manninn í Hafnarfirði. „Ferðin hefur verið mjög góð,“ sagði Vignir en liðið kom hingað til lands á mánudaginn var og heldur aftur af landi brott í dag. „Við höfum verið heppnir með veður en við vorum búnir að búa liðsfélagana undir leiðindaveður. Þetta hefur verið góð blanda af æfingum og skemmtiferðum, við fórum til að mynda í rafting og snjósléðaferð í blíðskaparveðri. Þeir voru mjög hrifnir, félagarnir í liðinu.“

Danska úrvalsdeildin hefst þann 9. september næstkomandi og þýst Vignir við spennandi móti. „Það voru átta nýliðar í liðinu í fyrra en nú þekkjumst við betur og sýnum vonandi meiri stöðugleika. Annars hafa flest lið bætt sig í vetur og mjög fáir farið úr deildinni. Það er spennandi tímabil framundan.“

- esá



## Betri byrjun með Nicorette í Lyfju



Rétt val á nikótínlyfjum með aðstoð starfsfólks Lyfju

Það skiptir miklu máli að meta rétt hvaða nikótínlyf henta best þegar hættu á reykningum. Starfsfólk Lyfju getur aðstoðað þig við að taka prófið og finna hvaða lyfjaform hentar þér best. Fáðu Nicorette bækling þar sem þú færð góðar upplýsingar um öll 5 lyfjaform Nicorette.

**15%** afsláttur af eftirtöldum pakkningastærðum til 31. ágúst



Nicorette nikótínlyf eru fánæg án lyfseðils og eru notuð þegar reykningum er hætt eða þegar dregið er úr reykningum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnar eftir því hve mikið er reyktt, hvort hættu á reykningum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitid til læknis eða lyfjafræðings ef þú er á frekari upplýsingum um lyfin, þeir sem tengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfjans, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttaröng eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þunguðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar. Handhafi markaðsleyfis: Pfizer ApS, Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.



Garðaborg • Grindavík • Keflavík • Lágmúla Laugavegi • Smáratorgi • Setbergi • Smáralind Spönginni • Höfn • Fáskrúðfirði • Egilsstaðir Seyðisfirði • Neskaupstað • Eskifirði • Reyðarfirði Ísafirði • Bolungarvík Patreksfirði • Borgarnesi Grundarfirði • Stykkishólmi • Búðardal • Húsvík Kópasker • Raufarhöfn • Þórshöfn • Sauðárkrúki Blönduósi • Hvammstanga • Skagaströnd Selfossi • Laugarási

120 1886 2006



Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

## Stærðfræði- og raungreinanám í FB

Getum bætt við nemendum í eftirtalda áfanga í dagskóla:

Stærðfræði 603

Stærðfræði 513

Efnafræði 313

Eðlisfræði 203 og 303

Í Kvöldskóla FB eru einnig í boði áfangar fyrir nemendur sem eru að bæta við sig námi í stærðfræði og raungreinum.

Austurbergi 5 111 Reykjavík Sími 570 5600 Símbref 567 0389 Tölvupóstur: fb@fb.is

[www.fb.is](http://www.fb.is)

### 14. UMFERÐ | LANDBANKAÐEILD KARLA

sun. 20. ágúst	kl. 17:00	Fylkir - ÍA
sun. 20. ágúst	kl. 18:00	Breiðablik - KR
sun. 20. ágúst	kl. 18:00	Keflavík - FH
sun. 20. ágúst	kl. 18:00	ÍBV - Grindavík
sun. 20. ágúst	kl. 20:00	Valur - Víkingur

### 13. UMFERÐ | LANDBANKAÐEILD KVENNA

mið. 30. ágúst	kl. 18:30	Keflavík - Valur
mið. 30. ágúst	kl. 18:30	KR - Þór/KA
mið. 30. ágúst	kl. 18:30	Breiðablik - Fylkir
mið. 30. ágúst	kl. 18:30	FH - Stjarnan

Tryggðu þér miða á betra verði á [landbankadeildin.is](http://landbankadeildin.is) eða ksj.is



Heimsmeistaramótið í Japan:

## Bandaríkin unnu í gær

**KÖRFUBOLTI** Bandaríkin spiluðu í gær sinn fyrsta leik á heimsmeistaramótinu í körfubolta sem er nýhafið í Japan. Bandaríska liðið vann þá Puertó Ríkó 111-100 en það var í bullandi vandræðum í fyrri hálfleik og lenti þá undir í leiknum. Þegar upp var staðið var sigurinn þó sanngjarn en Carmelo Anthony var stíghæstur með 21 stig og þá skorðu þeir LeBron James og Kirk Hinrich fimmtán stig hvor. Chris Paul skoraði ellefu stig, gaf nju stoðsendingar og stal fimm boltum.

Meðal annarra úrslita í gær má nefna að Ítalía vann Kína, 84-69.

- egm

Enska úrvalsdeildin hófst í hádeginu í gær með leik Sheffield United og Liverpool:

## Nýliðar gerðu jafntefli við Liverpool

**FÓTBOLTI** Jafntefli 1-1 varð niðurstaðan þegar Sheffield United og Liverpool mættust í gær í fyrsta leik tímabilsins í ensku úrvalsdeildinni. Lið Sheffield komst upp úr 1. deildinni á síðasta tímabili og geta leikmenn þess verið sáttir við frammistöðu sína í fyrsta leik félagsins í efstu deild í þrettán ár. Heimamenn voru meira með boltann í fyrri hálfleik en gestirnir komust næst því að skora þegar markvörðurinn Paddy Kenny varði aukaspyrnu frá Fabio Aurelio.

Eftir markalausn fyrri hálfleik náði Sheffield United forystu í upphafi þess síðari þegar Rob

Hulse skoraði fyrsta markið á tímabilinu. Markið skoraði hann með skalla eftir aukaspyrnu, en áður nefndur Aurelio gleymdi sér í vörninni og Hulse var einn á auðum sjó. Vörn Sheffield virkaði ansi traust og gekk þeim vel að halda sóknarmönnum Liverpool í skefjum en athygli vakti að Craig Bellamy og Robbie Fowler voru í fremstu víglínu á meðan Peter Crouch var geymdur á bekknum.

Fowler jafnaði metin með marki úr öruggri vítaspyrnu sem dæmd var eftir að Steven Gerrard var hindraður. Engin snerting átti sér stað þar sem Gerrard hoppaði upp úr tæklingunni og skaut síðan



**ROB HULSE** Fagnar hér marki sínu í gær ásamt Danny Webber en markið var það fyrsta á tímabilinu. NORDICPHOTOS/GETTY

slöku skoti að marki. „Að mínu mati var þetta klárlega réttur

dómur,“ sagði Rafael Benítez, knattspyrnustjóri Liverpool, um vítaspyrnudóminn. „Við lékum illa í fyrri hálfleik en vorum betra liðið í þeim síðari. Þetta er ekki óskabyrjun á tímabilinu en þessi keppni er maraþon.“

Varnarmennirnir Jamie Carragher og John Arne Riise hjá Liverpool fóru báðir meiddir af velli í fyrri hálfleiknum. Meiðslir þeirra eru ekki alvarleg en óvíst er með þátttöku þeirra í mikilvægum Evrópuleik gegn Maccabi Haifa á þriðjudag. Nokkuð ljóst er að Carragher verður ekki með þá og mjög ólíklegt er að Riise verði með.

- egm

# VARNARLIÐSSALA GEYMSLUSVÆÐISINS

## UPPBOÐ

**Sunnudaginn 20. ágúst kl. 15:00**  
verður hadið uppboð á ýmsum munum frá Varnarliðinu.

**Öllum er heimil þátttaka**

**Meðal þess sem boðið verður upp er:**

- stólar - innrammaðar landslagsljósmyndir - sófar
- stálskápar - gólfmottur - skrifborð - sjónvarpsskápar
- kommóður - innrömmuð plagöt - speglar
- ný rúm með innbyggðum skúffum
- auk þess ýmislegt óvænt og spennandi

Greiðsla við hamarshögg

- tókum öll helstu kreditkort og beinharða peninga

### NÝKOMIÐ:

- Margar gerðir af ónotuðum og lítið notuðum stólum, fyrir stofnanir, stofuna, skrifstofuna eða unglíngaherbergið
- Glæsileg rúm með innbyggðum skúffum, tilvalin í unglíng- eða barnaherbergið

Nýjar vörur í hverri viku - alltaf eitthvað nýtt og spennandi



GEYMSLUSVÆÐIÐ

**Komið og gerið góð kaup**

**Varnarliðssalan Sigtúni 40**

**Opið:**

Fimmtudaga: 12:00 - 21:00  
Föstudaga og laugardaga: 10:00 - 18:00  
Sunnudaga: 12:00 - 18:00



**STEVE SIDWELL** Skoraði laglegt mark eftir undirbúning Ívars Ingimarssonar.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Nýliðar Reading hófu úrvalsdeildarferilinn vel:

## Ívar lagði upp mark í glæsilegum sigri

**FÓTBOLTI** Ívar Ingimarsson og félagar í Reading unnu glæsilegan 3-2 sigur á Middlesbrough í ensku úrvalsdeildinni í gær, en þeir höfðu lent 2-0 undir snemma leiks. Tvö mörk undir lok hálfleiksins, það síðara eftir undirbúning Ívars og eitt mark í þeim síðari, tryggðu liðinu sín fyrstu stig í efstu deild á Englandi.

Það var mikið um hátíðarhöld áður en leikurinn hófst enda Reading aldrei áður leikið í efstu deild á Englandi, hvað þá úrvalsdeildinni. Byrjunarlið Reading var þar að auki einungis skipað leikmönnum sem höfðu aldrei áður leikið í úrvalsdeildinni með öðrum liðum en meðal þeirra var Ívar Ingimarsson. Brynjar Björn Gunnarsson var á varamannabekk liðsins en kom inn á undir lok leiksins.

Stuart Downing og Yakubu

komu Middlesbrough yfir á 9. og 13. mínútu en þeir Dave Kitson, Steve Sidwell og Leroy Lita björguðu deginum fyrir stuðningsmenn Reading.

„Knattspyrnustjórar beggja liða geta gagnrýnt ákveðin atriði í leiknum en hvað okkur varðar var það frábært að ná að núa leiknum okkur í hag,“ sagði Steve Coppell, stjóri Reading eftir leikinn.

Tímabilið hjá Blackburn byrjaði hins vegar skelfilega en tveir leikmenn liðsins voru reknir af velli í 3-0 tapi fyrir Portsmouth þar sem nýji maðurinn, Kanu, skoraði tvívegis. Á Emirates Stadium bjargaði Gilberto Silva andliti sinna manna í Arsenal með jöfnunarmarki seint í leiknum gegn Aston Villa. Var þetta fyrsti deildarleikur Arsenal á nýjum og glæsilegum leikvangi.

- esá

Tottenham byrjar tímabilið á afturfótunum:

## Öruggur sigur Bolton

**FÓTBOLTI** Kevin Davies og Ivan Campo sáu um markaskorun þegar Bolton vann Tottenham 2-0 á heimavelli sínum í lokaleik gærdagsins á Englandi. Bolton tók forystuna eftir tæpar tíu mínútur þegar Davies skoraði með skalla eftir hornspyrnu frá Gary Speed. Svo virtist sem sóknarbrot hefði átt sér stað í horninu en dómari leiksins dæmdi markið löglegt.

Campo tvöfaldaði forystuna

með skoti af löngu færi sem flaug framhjá enska landsliðsmarkverðinum Paul Robinson. Lið Tottenham var langt frá sínu besta og getur þakkað Robinson fyrir að tapið var ekki stærra. „Bolton hefur líkamlega sterka leikmenn sem lögðu sig alla fram í þessum leik. Hvað okkur varðar þá get ég varla séð neitt jákvætt við þennan leik,“ sagði Martin Jol, knattspyrnustjóri Tottenham.

- egm

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

1. deild karla

PÖR-VÍKINGUR Ó. 1-1  
 1-0 **Matthias** Örn Friðriksson (29.), 1-1 Matej Grobovsek (92.).

STADAN

FRAM	15	12	2	1	30-11	38
HK	15	9	2	4	26-16	29
FJÖLNIR	15	7	4	4	21-13	25
PRÓTTUR	15	8	0	7	18-16	24
KA	14	5	3	6	18-18	18
STJARNAN	14	4	5	5	19-18	17
LEIKNIR	15	4	4	7	20-23	16
HAUKAR	15	3	4	8	15-24	13
PÖR	15	3	4	8	13-33	13
VÍKINGUR Ó.	15	2	6	7	13-21	12

2. deild karla

SELFOSS-SINDRI 4-1  
 KS/LEIFTUR-REYNIR S. 1-1  
 ÍR-HUGINN 3-2  
 FJARÐARBYGGÐ-VÖLSUNGUR 3-0

STADAN

NIARÐVÍK	15	11	3	1	39-11	36
FJARÐARB.	15	11	2	2	28-10	35
REYNIR S.	15	8	5	2	34-13	29
SELFOSS	15	7	5	3	25-13	26
VÖLSUNGUR	15	5	4	6	21-26	19
ÍR	15	5	3	7	26-26	18
AFTURELDING	15	4	3	8	23-25	15
KS/LEIFTUR	15	3	4	8	17-26	13
HUGINN	15	2	3	10	21-36	9
SINDRI	15	2	2	11	17-55	8

Enska úrvalsdeildin

SHEFFIELD UNITED-LIVERPOOL 1-1  
 1-0 **Hulse** (47.), 1-1 Fowler, víti (70.).  
 ARSENAL-ASTON VILLA 1-1  
 0-1 **Mellberg** (54.), 1-1 Gilberto (83.).  
 EVERTON-WATFORD 2-1  
 1-0 **Johnson** (15.), 2-0 Arteta (82.), 2-1 Francis (90.).  
 NEWCASTLE-WIGAN 2-1  
 1-0 **Parker** (38.), 1-1 McCulloch (59.), 2-1 Ameobi (64.).  
 PORTSMOUTH-BLACKBURN 3-0  
 1-0 **Todorov** (27.), 2-0 Kanu (62.), 3-0 Kanu (84.).  
 READING-MIDDLESBROUGH 3-2  
 0-1 **Downing** (11), 0-2 Yakubu (21.), 1-2 Kitson (43.), 2-2 Sidwell (44.), 3-2 Lita (55.).  
 WEST HAM-CHARLTON 3-1  
 0-1 **D. Bent** (15.), 1-1 Zamora (52.), 2-1 Zamora (66.), 3-1 Cole (90.).  
 BOLTON-TOTTENHAM 2-0  
 1-0 **Davies** (9.), 2-0 Campo (13.).

Championship-deildin

BARNSELY-SOUTHAMPTON 2-2  
 BIRMINGHAM-CRYSTAL PALACE 2-1  
 BURNLEY-WOLVES 0-1  
 DERBY-NORWICH 0-0  
 ISPWICH-HULL 0-0  
 LEEDS-CARDIFF 0-1  
 Gylfi Einarsson var ekki í leikmannahópi Leeds.  
 LUTON-STOKE 2-2  
 Hannes Sigurðsson var á varamannabekk Stoke.  
 PLYMOUTH-SHEFFIELD WEDNESDAY 1-2  
 PRESTON-QPR 1-1  
 SOUTHEND-SUNDERLAND 3-1  
 WBA-COLCHESTER 2-1

STADAN EFSTU LIÐA

BIRMINGHAM	4	3	1	0	5-2	10
CARDIFF	4	3	1	0	5-2	10
CRYSTAL P.	4	3	0	1	7-4	9
WBA	4	2	2	0	5-2	8
LUTON	4	2	1	1	7-5	7
NORWICH	4	2	1	1	5-3	7

England - League One

BRENTFORD-HUDDERSFIELD 2-2  
 Ólafur Ingi Skúlason lék fyrstu 65 mínútur leiksins fyrir Brentford og fékk gult spjald í leikum.

Pýska úrvalsdeildin

WERDER BREMEN-LEVERKUSEN 2-1  
 HERTHA BERLIN-HANNOVER 96 4-0  
 Gunnar Heiðar Þorvaldsson var á varamannabekk Hannover í gær.  
 DORTMUND-MAINZ 1-1  
 FRANKFURT-WOLFSBURG 0-0  
 AACHEN-SCHALKE 0-1  
 ENERGIE COTTBUS-HAMBURGER SV 2-2

STADAN EFSTU LIÐA

NÜRNBERG	2	2	0	0	4-0	6
BREMEN	2	2	0	0	6-3	6
HERTHA B.	2	1	1	0	4-0	4
MAINZ	2	1	1	0	3-2	4
SCHALKE	2	1	1	0	2-1	4
LEVERKUSEN	2	1	0	1	4-2	3

Sænska úrvalsdeildin

DIJURGÅRDEN-KALMAR 0-1  
 Kári Árnason var ekki í leikmannahópi Djurgården, né heldur Sölvi Geir Ottesen.

Norska bikarkeppnin

VÁLERENGA-FREDRIKSTAD 0-3  
 Ámi Gautur Arason lék allan leikinn í markí Válerenga. Leikurinn var í fjórðungsúrslitum norsku bikarkeppninnar.

14. umferð Landsbankadeildar karla leikin í heilu lagi í dag:

# FH getur komið níu fingrum á titilinn

**FÓTBOLTI** Heil umferð fer fram í Landsbankadeild karla í dag sem hefst klukkan 17 í dag með leik Fylkis og ÍA. Leikir dagsins munu hafa mikið að segja um bæði topp- og botnbaráttu deildarinnar og má því búast við spennandi viður- eignum.

Keflvíkingar fá Íslandsmeistara FH í heimsókn sem með sigri í dag geta farið afar langt með að tryggja sér sigur í deildinni þriðja árið í röð. Þeir geta mest komið sér í tólf stiga forskot ef úrslit annarra leikja verða þeim hagstæð og munu í því tilviki aðeins þurfa eitt stig úr leikjunum fjórum sem eftir verða til að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn.



ÍSLANDSMEISTARARNIR Mæta sterku liði Keflavíkur í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

Skagamenn þurfa nauðsynlega á sigri að halda gegn Fylkismönnum í dag ætli þeir sér að eiga góðan möguleika á að bjarga sér frá falli. ÍA tapaði tveimur síðustu leikjum og Fylkismenn í síð-

ustu þremur og má því búast við að bæði lið vilji klófesta öll stigin þrjú sem í boði eru.

Eyjamenn eru í enn verri stöðu en Skagamenn og þurfa því að sigra Grindavík á heimavelli í dag.


Grindavík er með sautján stig í sjötta sæti en þó langt frá því að vera búnir að tryggja sæti sitt í deildinni. Það sama má segja um KR og Breiðablik sem mætast á Kópavogsvellinum. Þar mun sjálf-sagt Marel Baldvinsson leggja ofurkapp á að tryggja sínum mönnum sigur þar sem hann vill að staða liðsins verði það góð að hann geti farið til Noregs með góðri samvisku en Molde hefur undanfarið borið víurnar í hann.

Í kvöld klukkan 20 mætast svo liðin í öðru og fjórða sæti, Valur og Víkingur, í mikilvægum leik um 2. sæti deildarinnar sem gefur þátttökurétt í UEFA-bikarkeppninni að ári.

- esá

# FARTÖLVUR FYRIR ALLA

WWW.TOLVUNIS.TINN.IS



**OPIÐ Í DAG**  
 Opið 13-17. Frábær tilboð á ferðatölvum og fylgihlutum

acer

- Örgjörvi** 1.7GHz Pentium Dothan735 Intel Centrino með 2MB flýtiminni
- Minni** 512MB DDR2 400MHz Staðkanlegt í 2GB
- Harðdiskur** 80GB Ultra ATA100 Ultra ATA100 harðdiskur
- Skrifari** 8xDVD±RW DL skrifari Skrifar DVD diska og CD-RW
- Skjár** 15" TFT XGA skjár Hágæða skjár með 1024x768dpi
- Skjækort** 128MB Intel GMA900 Skjækortið nýtir DDR minni tölvunnar
- Hátalarar** Hljóðkerfi með 2 hátölurum Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
- Þráðlaust** 54Mbps þráðlaust netkort Innbyggt 802.11g með lofneti í skjá
- Netkort** 10/100 base netkort Einnig innbyggt 56k mótald
- Stýrikerfi** Windows XP PRO - SP2 Á íslensku eða ensku
- Tengi** 3xUSB2, VGA, Type II PC Card Öll helstu tengi

## ACER TRAVELMATE 4062LMI Á ÓTRÚLEGU SKÓLATILBOÐI

- INTEL DOTHAN 2MB** Einn öflugasti örgjörvinn frá Intel með 400MHz FSB, Enhanced SpeedStep tækni og 2MB flýtiminni
- ÞRÁÐLAUST NET** Acer ferðatölvan kemur með 54Mbps þráðlausu 802.11g netkort og innbyggðu lofneti
- 8xDVD± SKRIFARI** Vandadur 8xDVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska
- INTEL GMA 900** Intel GMA900 skjækort er byggt á PCI-Express tækni og nýtir 128MB af DDR minni tölvunnar
- TENGINGAR** Acer Travelmate 4062LMI kemur með öllum helstu tengjum 3x USB2.0, PCMCIA rauf, o.fl
- ALLT AÐ 5 TÍMAR** Acer ferðatölvan er aðeins 2.91 kg og með Centrino tækni endist rafhladan í allt að 5 tíma

VERÐ 99.900

**TÖLVULISTINN** REYKJAVÍK AKUREYRI KEFLAVÍK EIGLSSTÖÐUM  
 SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR  
 Nóatúni 17 Sími 562 6730  
 Glerárgötu 36 Sími 464 7400  
 Hafnargötu 90 Sími 534 7400  
 Miðvangi 2-4 Sími 471 2400

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um breytingar, innihafstærðir og myndbreytingar

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

„If I am not me, den who da hell am I?“

Svar: Douglas Quaid frá árinu 1990.  
Inni Total Recall frá árinu 1990.

# dagskrá



## Í TÆKINU: CHRISTIAN SLATER LEIKUR Í BROKEN ARROW Á BÍÓRÁSINNI KL. 22.00

### Hafnaði hlutverki í The Crow

Christian Michael Leonard Hawkins, Christian Slater, fæddist árið 1969 í New York en hann deilir afmælisdegi með Edward Norton, Denis Leary, Patrick Swayze og Robert Redford. Faðir hans var þekktur sápuoperuleikari og móðir hans var umboðsmaður svo skemmtanabransinn er honum í blóð borinn. Fyrsta opinbera hlutverk hans var í sápuoperunni The Edge of Night en þá var hann aðeins 7 ára. Í kjölfarið fékk hann fjölmörg aðalhlutverk í ýmsum Broadway-sýningum sem gerði hann að barnastjörnu.

Kvikmyndaferill Slaters í Hollywood hófst árið 1985 en hann lék í myndinni The Legend of Billie Jean en tveimur árum síðar hætti hann í menntaskóla og flutti til Los Angeles í von um frægð og frama. Eftir góða frammistöðu í óvænta smellinum Heathers árið 1989 varð hann þekktur sem þörupilturinn í Hollywood vegna þess hversu oft hann komst í kast við lögin. Stærstan hlut í þeirri



River Phoenix.

Frægðarsól Slaters hefur heldur betur hniðgi síðari ár og eftir margar misheppnaðar myndir spá margir því að sól hans setjist innan tíðar.

nafngift átti atvik er Slater flúði undan lögreglu í æsilegum bílaeltíngarlek. Hann endaði með því að klessa á símastaur, reyna að flýja fótgangandi og sparka í lögregluþjón. Hann var kærður fyrir að aka undir áhrifum, forðast handtöku, keyra próflaus og fyrir árás með banvænu vopni (kúrekastígvélunum sínum).

Slater á ýmsar misgóðar myndir að baki og hefur hann valið ýmis furðuleg hlutverk og hafnað nokkrum bitastæðum. Eitt er þó það hlutverk sem hann sér ekki eftir að að hafa hafnað. Það er aðalhlutverkið í The Crow en eins og flestir vita lést Brandon Lee við tökur myndarinnar. Færri vita hins vegar að stuttu eftir að hafa hafnað sama hlutverki lést leikarinn

Þrjár bestu myndir Slater:

True Romance - 1993 Heathers - 1989 Robin Hood: Prince of Thieves - 1991



▶ 19.35  
Mannlíf

ÚT OG SUÐUR



▶ 21.25  
Spenna

COLD CASE



▶ 20.30  
Gaman

BERNIE MAC



▶ 20.30  
Spenna

POINT PLEASANT



▶ 10.10  
Stjórnmal

FLOKKSÞING FRAMSÓKNARFLOKKSINS

## SKJÓLVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar 8.01 Bubbi byggir (812:813) 8.10 Geirharður bojng bojng (11:26) 8.31 Hopp og hí Sessamí (15:26) 8.55 Konstans (3:10) 9.01 Stjáni 9.25 Sígildar teiknimyndir (27:30) 9.32 Líf & Stítt (46:49) 9.54 Gæludýr úr geimnum (22:26) 10.15 Latibær - Unglingsnomin 11.35 Bratz

16.00 Kóngur um stund (9:12) 16.35 Út og suður 17.05 Vesturálman (15:22) 17.50 Táknálsfréttir 18.00 Stundin okkar (16:31) 18.28 Skoppa og Skríta (1:8)

## Vinslit

19.00 Fréttir, íþróttir og veður

▶ 19.35 Út og suður (16:17)

20.00 Vasaljófurinn (1:2) (Fingersmith) Bresk mynd í tveimur hlutum um munaðarlausu stúlu sem elst upp meðal þjófa á seinni hluta 19. aldar. Meðal leikenda eru Sally Hawkins, Imelda Staunton, Charles Dance, Polly Hemingway, Elaine Cassidy og Rupert Evans. Seinni hlutinn verður sýndur að viku líðinni.

## Helgasportið

21.55 Fótþakvöld Fótþakvöld

22.10 Austur-Vestur (Est-Ouest) Í júní 1946 bauð Stalín brottfluttum Rússum að snúa heim en þegar skipið kom til Odessu voru allir farþegarnir drepnir eða fangelsaðir utan ein fjölskylda. Meðal leikenda eru Sandrine Bonnaire, Oleg Menshikov og Catherine Deneuve.

## 0.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

## 2

7.00 Pingu 7.05 Jellies 7.15 Myrkfælnu draugarnir 7.30 Stubbarnir 7.55 Noddy 8.05 Kalli og Lóla 8.20 Könnuðurinn Dóra 9.10 Taz-Mania 1 9.30 Ofurhundurinn 9.55 Kalli litli kanína og vinir hans 10.20 Barnatími Stöðvar 2 10.45 Ævintýri Jonna Quests 11.10 Sabrina - Unglingsnomin 11.35 Bratz

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 13.45 Neighbours 14.10 Það var lagið 15.15 Curb Your Enthusiasm (8:10) 15.50 Grumpy Old Women (1:4) 16.20 Neyðarfóstrurnar (4:16) 17.05 Veggfóður 17.45 Martha

## 18.30 Fréttir, íþróttir og veður

19.10 Örlagadagurinn (11:14) (Lífð eftir pólitik) Örlagadagur Bryndisar Hlökkversdóttur fyrirverandi þingmanns.

19.40 A Thing Called Love (1:6) (Hin svokallaða ást) Nýr bresk framhaldsþættir frá höfundum þáttanna Cutting It.

20.40 Monk (11:16) (Mr. Monk Bumps His Head) Eftir að hafa fengið högg á höfuðið vaknar Monk upp minnislaus í smábæ sem hann getur ekki borið kennsl á.

▶ 21.25 Cold Case (22:23) (Óupplýst mál) Virtur læknir var myrtur árið 1984 án þess að lögreglu tækist að finna morðingjann. Þegar nýtt vitni gefur sig fram sjá Lilly og flokkur hennar ástæðu til að taka rannsóknina upp á ný og í ljós kemur að læknirinn hafði átt sér leyndarmál. Bönnuð börnum.

22.10 Blue Murder (Blákalt morð) Hröð og vel gerð sakamálmýnd.

23.20 My Big Fat Greek Wedding 0.55 Amnesia (1:2) (e) 2.10 Amnesia (2:2) (e) 3.25 Romy and Michele's High School Reunion (e) 4.55 Cold Case (22:23) (Bönnuð börnum) 5.35 Fréttir Stöðvar 2 6.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

## SIRKUS TV

## 18.30 Fréttir NFS

19.10 Seinfeld (17:22) (The Wife)

19.35 Seinfeld (18:22) (The Fire)

20.00 Pipóla (6:8) (e) Meðal hlutverkanna sem þáttarstjórnendur setja sig í er að vera í einn dag útigangsmenn, sjómenn, löggvar og rapparar svo eitthvað sé nefnt. Pipóla eru hraðir, hnyttirir og skemmtilegir þættir.

▶ 20.30 Bernie Mac (19:22) (e) (That Old Mac Magic) Þriðja þáttaröðin um grínstann Bernie Mac og fjölskylduhagi hans.

21.00 Killer Instinct (12:13) (e) (Love Hurts) Hörkuspennandi þættir um lögreglu-menn í San Francisco og baráttu þeirra gegn hættulegustu glæpamönnum borgarinnar. Bönnuð börnum.

21.50 Ghost Whisperer (5:22) (e)

22.40 Falcon Beach (11:27) (e) (Trust This)

23.30 X-Files (e) 0.15 Jake in Progress (13:13) 0.40 Smallville (14:22) (e) 1.25 Sirkus RVK (e)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

13.15 Whose Wedding is it Anyway? (e) 14.00 Beautiful People (e) 14.45 Surface - NYTT! (e) 15.40 Emily's Reason Why Not! (e) 16.30 Borgin mín (e) 17.00 Brúðkaupsþátturinn Já (e) 18.00 Pepsi World Challenge (e)

## 19.00 Beverly Hills 90210

19.45 Melrose Place

▶ 20.30 Point Pleasant Christinu er brugðið þegar mamma hennar skýtur upp kollinum og þabbi Judyar fer með mömmu hennar til geðlæknis.

21.30 C.S.I.: New York Mac, Stella og Flack rannsaka dauða unga dansara sem nýverið vann stóra vinninginn í lottó. Dauði hennar virðist tengjast öðru máli þar sem Lindsay rannsakar dauða sporvagnsbilstjóra.

22.30 Sleeper Cell Hryðjuverkamennirnir æfa sig sem íraskir uppreisnarmenn í æfingabúðum og ná á sitt vald vöruskemmu til þess að gera hana að nyrri stjórnstöð fyrir Youmid Din.

23.20 Law & Order (e) 0.10 The L Word (e) 1.05 Beverly Hills 90210 (e) 1.50 Melrose Place (e) 2.25 Óstöðvandi tónlist

## E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News Weekend 13.00 THS Jessica, Ashlee and The Simpson Family 15.00 THS Lindsay Lohan 16.00 THS Rod & Kimberly Stewart 17.00 Sexiest European Stars 18.00 10 Ways 18.30 Gone Bad 19.00 THS Pink 20.00 THS Hip Hop Wives 21.00 Girls of the Playboy Mansion 21.30 Girls of the Playboy Mansion 22.00 Sexiest European Stars 23.00 Sexiest Latin Lovers 0.00 101 Most Sensational Crimes of Fashion! 1.00 101 Most Sensational Crimes of Fashion!

## NFS

10.00 Fréttir ▶ 10.10 Flokksþing Framsóknarflokksins 11.00 Ræða nýs formanns Framsóknarflokksins

12.00 Hádegisfréttir 12.10 Flokksþing Framsóknarflokksins 13.00 Dæmalaus veröld

13.10 Flokksþing Framsóknarflokksins 14.00 Fréttir 14.10 Flokksþing Framsóknarflokksins 15.10 Skaftahlíð 15.45 Hádegisviðtalið 16.00 Fréttir 16.10 Vikuskammturinn 17.10 Flokksþing Framsóknarflokksins 18.00 Fréttayfirlit

## 18.30 Kvöldfréttir

19.10 Örlagadagurinn (11:12) (Lífð eftir pólitik) Örlagadagur Bryndisar Hlökkversdóttur fyrirverandi þingmanns. Hvers vegna stóð Bryndis upp úr öruggu þingsæti sínu og hóf að kenna við lagadeildina á Bifröst? Við tóku miklar keyrslur milli vinnustaðarinnar í Borgarfirði og tveimur dögum hennar í Vesturbæ Reykjavíkur. Nú hefur Bryndis enn gert breytingar á lífi sínu og fest kaup á húsi í Borgarnesi. Sírrý fer á nýjar og fjölskylduvænar slóðir Bryndisar og ræðir um örlagadaginn þegar Bryndis yfirgaf Alþingi.

19.45 Hádegisviðtalið (frá föstudegi)

20.00 Pressan Viðtalsþáttur í umsjá Róberts Marshalls.

21.35 Lífð og tilveran

22.30 Kvöldfréttir

23.10 Síðdegisdagskrá endurtekinn

## STÖÐ 2 BÍÓ

6.05 Try Seventeen 8.00 Double Bill 10.00 13 Going On 30 12.00 Garfield: The Movie 14.00 Try Seventeen 16.00 Double Bill 18.00 13 Going On 30 20.00 Garfield: The Movie 22.00 Broken Arrow (e) 0.00 K-19: The Widowmaker (Bönnuð börnum) 2.15 S.W.A.T. (Bönnuð börnum) 4.10 Broken Arrow (e) (Stranglega bönnuð börnum)

## SKJÁR SPORT

10.50 Fallegustu mörkin 2005 - 2006 (e) 11.50 Man Utd-Fulham 14.50 Chelsea-Man City 17.15 Reading - Middlesboro

19.15 Man Utd - Fulham

20.15 Arsenal - Aston Villa

22.15 Dagskrárlök



Til hvers að vera í sumarfrí þegar það er miklu meira gaman í vinnunni...

Zúber mætir aftur mánudaginn 21. ágúst kl. 07.00.

FM957

www.minnsirkus.is

**VIÐ MÆLUM MEÐ ...**

**Monk**

**Stöð 2 kl. 20.40**

**Sérvitri spæjarinn**

Monk er einn óvenjulegasti spæjari og lögregluáður sem sést hefur á skjánum í lengri tíma. Hann er haldinn ýmsum kvillum, þráhyggjan er að fara með hann en samt sem áður tekst honum að leysa flókin mál á sinn einstaka hátt.



Í þættinum í dag lendir Monk í því að fá höfuðhögg og missa rænuna. Hann rankar við sér í smábæ sem hann kannast ekki við og þarf að leysa sín mál í snatri. Monk er góður kostur fyrir þá sem eru orðnir þreyttir á iðillfögnum meinatæknum sem leysa málin með DNA ögn og lakkflögu. Hann er svo sannarlega þéð ferskasta sem Kaninn hefur boðið upp á í lögregluþáttum í langan tíma.

**■ Sudoku dagsins**

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

2	7	3	4	5	9	1	6	8
8	5	9	1	2	6	4	3	7
6	1	4	3	7	8	2	9	5
7	3	6	8	4	1	9	5	2
5	9	1	2	3	7	6	8	4
4	8	2	6	9	5	7	1	3
1	2	8	5	6	4	3	7	9
9	4	5	7	1	3	8	2	6
3	6	7	9	8	2	5	4	1

			9			1		
	3	1	7					8
	6					4		
		6		8		2	7	
4								1
	2	3		9		5		
		9					5	
7					8	1	9	
	5				9			



**▶ 16.45**  
**fótbolti**

FYLKIR – ÍA



**10.50** Hápunktar í PGA mótaröðinni **11.45** PGA meistaramótið í golfi 2006

**16.15** Gillette Sportpakkin  
**▶ 16.45** Landsbankadeildin 2006 (Fylkir – ÍA)

**19.00** **PGA meistaramótið í golfi 2006** (US PGA Championship 2006) Bein útsending frá lokadegi PGA meistaramótsins sem er síðast í röðinni af hinum fjóru árlegu risamótum í golfinu. Mótið er að þessu sinni haldið á Medinah vellinum í Illinois og komast færri að en vilja. Tekst Phil Mickelson að verja titil sinn og landa sínum öðrum risatitli á árinu? Eða nær Tiger Woods í sinn annan risatitil á árinu?

**19.55** **Barcelona-Espanyol SYN EXTRA**Seinni viðureigninni um Supercopa – ofurbikarinn og er það von okkar Íslendinga að Eiður Smári Guðjohansen fái þar tækifæri til að láta ljós sitt skína með nýja liðinu sínu Barcelona.

**23.00** Landsbankamörkin 2006 **23.30** Supercopa 2006 (Barcelona – Espanyol) **1.10** Landsbankadeildin 2006 (Fylkir – ÍA)

**RÁS 1** FM 92,4/93,5

**8.05** Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Framtíð lýðræðis **10.15** Eitt sinn lífið ég guðanna sæld **11.00** Guðsþjónusta í Hóladómkirkju.

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Bryggjuball **14.00** Hólahátíð **15.00** Viðeyjarferjan **16.08** Veðurfregni **16.10** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **18.28** Einn, tveir, þrír **19.00** Hið

ómótstæðilega bragð **19.50** Óskastundin **20.35** Að sitja kyrr í sama stað og samt að vera að ferðast **21.15** Laufskálinn **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Teygjan **23.00** Andrárimur

**RÁS 2** FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan **10.05** Helgarútgáfan **12.20** Hádegisfréttir

**12.45** Helgarútgáfan **14.00** Sniglabandið í beinni **16.08** Rokkland **18.00** Kvöldfréttir

**18.03** Fótboltarásin **18.28** Tónlist **20.00** Á vellinum **22.10** Þvergríp **0.10** Popp og ról **1.03** Veðurfregni **0.10** Nærtúónar

**BYLGJAN** FM 98,9

**9.00** Valdis Gunnarsdóttir

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** Enn á tali hjá Hemma Gunn

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.00** Ívar Halldórsson

**AÐRAR STÖÐVAR**

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**  
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**  
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin  
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp  
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni  
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying  
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni  
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bitíð í bænum  
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni  
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying  
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður

[www.volkswagen.is](http://www.volkswagen.is)

**Skólabíll á aðeins 465 kr. á dag\***

Volkswagen Fox er rétti bíllinn fyrir skólafólk. Hann er á góðu verði og ódýr í rekstri, TDI® disilvélinn eyðir einungis 4,9 l/100 km. Hann er lítill, lipur og þægilegur í umferðinni, frábærlega hannaður og flottur eftir því. Niðurstaðan: Draumabíll námsmannsins.

**Aus Liebe zum Automobil**

M.v. 30% útborgun og bílasamning SP Fjármögnunar í blandaðri erlendra myntkúrfu í 84 mánuði. Verð 1.345.000 kr.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Reykjavíki, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416 · HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000 · [www.hekla.is](http://www.hekla.is), [hekla@hekla.is](mailto:hekla@hekla.is)



## HRÓSIÐ

... fá Sif Gunnarsdóttir og aðrir skipuleggjendur fjölbreyttrar og skemmtilegrar Menningarmætur í Reykjavík.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fjölmíðlamögullinn **Reynir Traustason** er að ljúka tókum á heimildamyndinni um **Ismanninn** ógurlega, Sigurð Pétursson, ásamt þeim Lýð Árnasyni og Jóakim Reynisyni. Þeir félagar eru á leið til Grænlands þar sem þeir munu sigla saman út í óbyggðir til að taka upp lokasenuna í myndinni. Ætlunin er að finna ísbjörn og

náhval og er reiknað með að ferðin taki 8-10 daga. Verkefnið verður að klárast á þeim tíma þar sem Reynir þarf að halda áfram undirbúningi nýja fjölmíðilsins sem á að hefja göngu sína í kringum mánaðamótin september/október. Reynir er þögull sem grófin um nýja blaðið en viðurkennir þó að búið sé að ráða í lykilstöður blaðsins og að höfuðstöðvar þess verði á Laugaveginum.

Bandaríska vefsíðan BachelorBlowOut.com hefur verið að gera góða hluti vestan hafs en hún býður piparsveinum upp á ógleymanlegar ferðir innan Bandaríkjanna, meðal annars til New Jersey, Las Vegas og South Beach í Flórída. Þeir sem vilja hins vegar komast út fyrir landsteinana geta að sjálfsgöðu keypt sér ferð til Íslands en þar er boðið upp á gistingu á Hótel Borg, jóklaferðir, að ógleymdri skoðunarferð um skemmtanalið höfuðborgarinnar. Á heimasíðunni er þess getið að útsýnið á Íslandi sé stórkostlegt og er þá ekki eingöngu átt við náttúruna. „Konurnar þar eru með þeim fallegustu í heiminum og við höldum því fram að það sé hið ferska loft sem haldið fegurð þeirra við,“ stendur á heimasíðunni. „Við erum bara svo heppnir að geta átt kvöldstund með þeim.“



## 10 grunnreglur™

Heilsu- og matreiðslunámskeið í Heilsuhúsinu Lágmulá

22. ágúst kl. 19-23 **10 grunnreglur sem veganesti fyrir alla fjölskylduna**

Ef þú viljið breyta til og borða minna af skynbítum en meira af hollum, fljótlegum og bragðgóðum mat þá er þetta námskeið kjör. Verð: 6.900 kr. og hjón fá þúsund króna afslátt.

24. ágúst kl. 19-23 **Meltingarvandamál og Candida sýking**

Ef þitt vandamál er uppláslinn magi, óreglulegar hægðir, vindverkir og krampar, bakflæði og sviði, þreyta og orkuleysi þá er þetta námskeið kjör. Kennir verður 12 vikna afeitrunarprogram með markvissu mataræði. Verð: 6.900 kr.

27. ágúst kl. 10.30-13.30 **Losum okkur við fitu- og sykarpúkann!**

Ef þú ert með auka belti um mjaðmirnar og mjúka fyllingu í mittinu þá eru þetta fitupúkar sem við getum hjálpað þér að losa þig við með réttu mataræði sem er bæði hollt og bragðgott. Vertu með í heilsuþyngingunni og taktu fyrstu skrefin með okkur. Verð: 5.900 kr.

Bókun á námskeið fer fram í síma 692 8489 eða á [namskeid10grunnreglur.com](http://namskeid10grunnreglur.com)

Frekari upplýsingar eru í Heilsuhúsinu eða á vefsíðunni [www.10grunnreglur.com](http://www.10grunnreglur.com)

## HIN HLÍÐIN HAUKUR LOGI KARLSSON, LAGANEMI OG JÁRNBINDINGAMAÐUR

### Búlluhamborgari stendur fyrir sínu

**Hvað er að fréttu?** Það er bara allt ágætt að fréttu af mér. Um helgina er mjög spennandi flokksþing hjá okkur Framsóknarmönnum. Svo byrja ég skólanum aftur í næstu viku þar sem ég er að fara í meistaranám við lagadeild HR.

**Augnáttur:** Brúnn.

**Starf:** Ég er laganemi og járnbindingamaður.

**Fjölskylduhagur:** Einhleypur.

**Hvaðan ertu?** Ég er ættaður úr Flóanum í Árnes-sýslu og Skagafirði en hef búið hérna í Reykjavík síðastliðin fimmtán ár.

**Ertu hjátrúarfullur?** Nei, ég myndi nú ekki segja það.

**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Ég fylgist vel með Lost, sem er eini sjónvarpsþátturinn sem ég reyni að missa ekki af. Mér finnst þættirnir bæði vera spennandi, skemmtilegir og ódrúvisi.

**Uppáhaldsmatur:** Ég er nú bara mest í skyndibítunum eins og gengur og gerist með þá sem búa

einir. Ætli ég segi ekki bara Búlluhamborgari, sem stendur alltaf fyrir sínu.

**Fallegasti staður:** Mér finnst mjög fallegt í Þórs-mörk. Þar er mikil náttúrufergurð og svo hrífst ég af einangruninni, enda þarf maður aðeins að leggja á sig til að komast þangað.

**iPod eða geislaspilari?** Eiginlega hvorugt, því ég hlusta á tónlist úr fartölvunni minni.

**Hvað er skemmtilegast?** Ætli það sé ekki að sinna áhugamálunum sínum, og helsta áhugamálið mitt eru stjórnmal.

**Hvað er leiðinlegast?** Húsværkin.

**Helsti veikileiki:** Ég er kannski stundum ákafur, sem getur komið manni í koll.

**Helsti kostur:** Ætli það sé ekki bara ákafinn líka, sem kemur manni oft áfram þegar virkilega þarf á að halda.

**Helsta afrek:** Ég man ekki eftir neinu nógu merkilegu svo ég held að helsta afrekið sé enn óunnið.

**Mestu vonbrigðin:** Að hafa ekki komist eitthvað út fyrir landsteinana í sumar til að slappa aðeins af.

**Hver er draumurinn?** Það er bara að vegna vel í lífinu.

**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Ég myndi segja að Jim Carrey væri mjög skemmtilegur leikari.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Huglaust fólk.

**Uppáhaldsbókin?** Hún heitir Útlendingurinn og er eftir Camus.

**Hvað er mikilvægast?** Mikilvægast er að vera heiðarlegur.



## ANDRÉS ÖLVERSSON: BÓNDI Á SNÆFELLSNESI VEKUR ATHYGLI

### Andrés selur andaregg

Við bæinn Ystu-Garða í Staðarsveit á Snæfellsnesi má sjá skilti í vegkantinum þar sem andaregg eru auglýst til sölu. Það væri svo sem ekki í frásögur færandi nema fyrir þær sakir að bóndinn á bænum heitir Andrés og því er þarna um að ræða nokkurs konar Andrésar andaregg sem hljóta að vera vandfundin.

„Ég er búinn að selja andaregg lengi,“ segir Andrés aðspurður um upphaf sölumennskunnar. „Það eru þrjú sumur síðan ég setti upp skiltið en áður var ég búinn að selja sveitungunum egg í einhvern tíma.“ Andrés er með á milli 35 og 40 endur á bænum en þeim hefur fjölgað jafnt og þétt frá því húsfreyjan á bænum, Þóra Sif Kópsdóttir, kom óvænt heim með fimm endur undir arminum. „Frúna langaði alltaf í kanínur og fór að ná sér í þær til Hríseyjar. Kom svo heim með endurnar líka. Við urðum fljótt leið á kanínunum en endurnar eru hér enn.“

Kaupendur andareggjanna koma úr öllum áttum. „Það er hið ólíklegasta fólk sem lítur hér inn en þó er aðallega um að ræða Íslendinga á ferðalagi,“ segir Andrés sem selur eggin á 50 krónur stykkið. Blaðamaður bendir á að kannski væri ráð að setja upp skilti á ensku fyrir erlent ferðafólk en sú ábending reynist óþörf. „Ég hef alltaf selt öll mín egg og aldrei setið uppi með neitt magn. Öndum og kaupendum hefur fjölgað í jöfnu hlutfalli,“ segir bóndinn og hlær.

Andrés segir að vissulega hafi margir rekið upp stór augu þegar söluaður andareggja kynni sig sem Andrés. „Í sumar fór frúin að selja eggin á bændamarkaði á Hvanneyri. Þar þurfti að setja nafn



ANDRÉS ÖLVERSSON Bóndinn á Ystu-Görðum í Staðarsveit á Snæfellsnesi hefur um árabíl selt sveitungum sínum og ferðamönnum andaregg, eða Andrésar andaregg eins og þau eru kallað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

á vöruna og menn vildu endilega kalla þau Andrésar andaregg. Fyrirvarinn var stuttur og hún kunnir ekki við að gera það nema spyrja mig fyrst. Þess vegna varð ekkert úr því í það skiptið,“ segir Andrés og bætir því við að kona í sveitinni, sem er áskrifandi að einum 12 eggjum á viku, hafi aldrei kall-

að þau annað.

En hvernig bragðast svo Andrésar andaregg? „Mér finnst þau mjög góð og margir þeir sem hafa keypt einu sinni koma hér við aftur síðar. Þau eru svolítið stærri en hænueggin en ekki ósvipuð nema að því leytninu til að hægt er að fá andaregginn græn líka.“

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Finnska rokkgrúpan Lordi varð á dögunum þess heiðurs aðnjótandi að fá gosdrykk nefndan eftir sér og heitir hann Lordi Cola. Sveitin sigraði sem kunnugt er Eurovision-keppnina með laginu Rock Hallelúja en eins og margir eflaust muna eru hljómsveitarmeðlimir nánast óþekktanlegir í skrímslabúningum. Gárunarnir halda því fram að ekki líði á löngu þar til poppstjörnur Íslands geri tilkall til svipads heiðurs og hinar finnsku. Verður forvitni-legt að sjá hvort sett verði á markað „Bubbagos“ eða „Silviusafinn“ á næstu misserum.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu á fimmtudaginn stjórnar Hermann Gunnarsson nýjum skemmtiþætti á fimmtudagskvöldum á Stöð 2 sem verða í beinni útsendingu frá Nasa við Austurvöll. Einnig var sagt frá því að brúðupáttur stöðvarinnar, **Búbbarnir**, hefðu verið fluttir af laugardagskvöldum og verða á undan Hermann og þætti hans á fimmtudögum. Þetta þýðir að losnað hefur um pláss á besta stað í dagskrá vikkunnar, á laugardagskvöldum eftir

fréttir. Stjórnendur Stöðvar 2 eru afar leyndardómsfullir um hvað muni koma en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er næsta víst að stöðin ætli sér að vera með nýtt leikið efni í þessu lausa pláss. - fgg



## Borgarstjórinn yngir upp

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri hefur látið endurnýja bílakost embættisins. Honum er nú ekið um á þriggja ára gamalli Audi-bifreið, í stað eldri bifreiðar sömu gerðar. Bíllinn er svartur að lit og kostar eitthvað um sex milljónir króna. Bílstjóri Vilhjálmur er þó hinn sami og áður, Rúnar B. Sveinsson, sem einnig var bílstjóri í tíð síðustu borgarstjóra.

Að sögn Ólafs Jónssonar hjá Reykjavíkurborg sá Innkaupa- og rekstrarskrifstofa borgarinnar til þess að 5-6 ára gamalli Audi-bifreið var skipt út fyrir nýrri bíl. Nýi borgarstjórabíllinn

er þriggja ára gamall Audi A8 sem leigður er af Véla-miðstöð borgarinnar. Ólafur segir að af þeim þremur bílum sem embættinu BORGARSTJÓRINN Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson fékk nýrri borgarstjórabíl, en sparaði samt.



NÝI BORGARSTJÓRABÍLLINN Rúnar B. Sveinsson bílstjóri stendur við hlið glæsikerrunnar sem sáemir borgarstjóranum vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

bauðst hafi þessi verið langdýrastur. Alls hafi sparast á milli 15-20% kostnaður á leigugjaldi með þessari ráðstöfun, í stað þess að fenginn hefði verið nýr eða sam-bærilegur bíll og gamli bíllinn. Auk þess var samningi um aukabifreið

fyrir bílstjóra borgarstjóra sagt upp og sparar það borginni um hálf milljón króna á ári. „Ég held að það hafi tekist ágætlega að halda öllum kostnaði í lágmarki,“ segir Ólafur. Og auk þess er Vilhjálmur hæstánægður með bílinn. - hdm



Skólavörðustíg - Krínglunni - Smáratorgi - Selfossi - Lágmulá

# LAGER SALA

TÓNLIST · TÖLVULEIKIR · DVD

**OPIÐ 11-19 ALLA DAGA!**

**ÞÚSUNDIR GEISLADISKA, DVD  
OG TÖLVULEIKJA Á ÆVINTÝRALEGU VERÐI!**

**FRÁ 199,-**

**EKKI MISSA AF ÞESSU!**

**LAGERSALA FELLSMÚLA 28**

**(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)**



### BAKÞANKAR

DAVÍÐS ÞÓRS JÓNSSONAR

## Hjartarsalt frá 2002

Í gegn um tíðina hef ég leitast við það vera ekki efnishyggjumaður. Ég hef ekki sankað að mér mörgum dauðum hlutum um dagana og þótt vænt um þá. Ég á reyndar sjónvarp, vídeótæki og X-box sem einnig fúnkerar sem DVD-spilari, auk nútímaþæginda á borð við ísskáp og þvottavél. Ég er enginn meinlætamaður.

EN það er alveg merkilegt hvað safnast að manni mikið af drasli. Ég var nefnilega að flytja í vikunni og blöskraði allur óþarfinn sem ég, sjálfur andans maðurinn, hafði hugsunarlaust við að mér, að því er virðist einungis í þeim tilgangi að fergja mig niður og gera mér erfiðara um vik að færa mig um set.

PARNA voru til dæmis allra handa plastdollar og dósir með hvers konar festingum og tengjum sem ég hefði ekki getað ráðið í hvaða tilgangi þjónuðu þótt ég hefði átt að vinna mér það til lífs, bunki af pappírnum sem ýmist voru ábyrgðir fyrir símann, úrið, útvarpsvekjaraklukkuna, brauðristina, myndavélina, X-boxið, rakvélina, ísskápinn eða þvottavélina eða eitthvað bull sem ég hafði geymt af því að mér þótti það sniðugt á sínum tíma, snúru til að tengja myndavélina, vídeótækið eða X-boxið við tölvuna eða sjónvarpið og til að hlaða símann, rakvélina og tækið sem hleður endurhlaðanlegu batteríin sem ég nota aldrei af því að ég man aldrei að ég á svoleiðis, að ógleymdum listaverkum barnanna frá því í leikskóla (sem ekki má henda vegna tilfinningalegs gildis þeirra og hafa því safnað ryki í geymslum víðs vegar um vesturhluta Reykjavíkur undanfarinn áratug) og dós af hjartarsalti sem var best fyrir árslok 2003 af því að vorið 2002 bjó ég til rétt sem þurfti að nota eina teskeið af hjartarsalti í – svo fátt eitt sé nefnt. Margir svartir plastpokar fullir af hlutum sem ég tók einhvern veginn aldrei þá ákvörðun að eignast, en örlögin eða hvunndagurinn eða lífsins báru eða hvað sem maður vill kalla það skuluðu inn til mín og ég vissi ekki einu sinni að ég ætti, yfirgáfu heimilið við flutningana.

ÞAD er bara ekki hægt að vera frelsaður einstaklingur í föllnu samfélagi, það er eins og að vera eini hreini vatnsdropinn í drullu-pollinum. Efnishyggjan þarna úti þröngvar sér inn á heimili manns og gegnsýrir líf manns án þess að maður sé eitthvað hafður með í ráðum um það.

[www.expressferdir.is/fotbolti](http://www.expressferdir.is/fotbolti)

# BOLTINN ER HJÁ OKKUR!



Express Ferðir bjóða gistingu á góðu hóteli, flug og miða á frábæran leik í Enska boltanum frá aðeins 39.900 kr. Ef þú finnur ekki það sem þig langar mest til að sjá á leikjalistanum okkar, skaltu hafa samband á [info@expressferdir.is](mailto:info@expressferdir.is). Við getum útvegað bara miða á leik, miða og hótél eða útbúið ferð fyrir þig og þína á nánast alla leiki á Englandi, Spáni, Þýskalandi að ógleymdum miðum á leiki í Meistaradeild Evrópu. Express Ferðir eru í nánú sambandi við aðdáendaklúbba Arsenal, Chelsea og Tottenham á Íslandi.



### Chelsea

Chelsea – Liverpool 16.–18. september  
Chelsea – Portsmouth 20.–22. október  
Chelsea – Watford 10.–12. nóvember  
Chelsea – Arsenal 9.–11. desember



Verð frá **59.900 kr.** á mann miðað við tvo saman í herbergi.\*

### Arsenal

Arsenal – Sheffield United 22.–24. september  
Arsenal – Everton 27.–29. október  
Arsenal – Liverpool 11.–13. nóvember  
Arsenal – Portsmouth 15.–17. desember



Verð frá **59.900 kr.** á mann miðað við tvo saman í herbergi.\*

### Fulham

Fulham – Chelsea 22.–24. september  
Fulham – Charlton 13.–15. október  
Fulham – Everton 3.–5. nóvember  
Fulham – Arsenal 29.–30. nóvember



Verð frá **39.900 kr.** á mann miðað við tvo saman í herbergi.\*

### Manchester United

Manchester United – Tottenham 8.–10. september  
Manchester United – Liverpool 21.–23. október  
Manchester United – Chelsea 25.–27. nóvember  
Manchester United – Manchester City 8.–10. desember



Verð frá **59.900 kr.** á mann miðað við tvo saman í herbergi.\*

### Liverpool

Liverpool – Blackburn 13.–15. október  
Liverpool – Reading 3.–5. nóvember  
Liverpool – Fulham 8.–10. desember  
Liverpool – Portsmouth 29.–30. nóvember



Verð frá **52.900 kr.** á mann miðað við tvo saman í herbergi.\*

### Tottenham

Tottenham – Fulham 16.–18. september  
Tottenham – West Ham 20.–22. október  
Tottenham – Portsmouth 30. sept.–2. okt.  
Tottenham – Chelsea 4.–6. nóvember



Verð frá **44.900 kr.** á mann miðað við tvo saman í herbergi.\*

\*Innliflið í verði: Flug og skattar, gisting og miði á leikinn.

» Nánar á [www.expressferdir.is/fotbolti](http://www.expressferdir.is/fotbolti) eða í síma 5 900 100

**Express Ferðir**

Express Ferðir, Grimsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100

**SPARI DAGAR**  
**5 HJÁ ORMSSON**  
Í FIMM VERSLUNUM OG HJÁ UMBOÐSMÖNNUM

Enn frekari verðlækkun á nýrri sendingu!  
Verð áður: 179.900 kr.  
TILBOÐSVERÐ: 149.900 kr.  
**TILBOÐSVERÐ: 129.900 kr.**  
Þú sparar: 50.000.- kr  
**MIRAI**  
32" LCD sjónvarp

HTH FATASKÁPAR & RENNIHURÐIR  
15% afsláttur  
BEINN SÍMI Í HTH: 530-2906 / 530-2907/530-2908  
**SETTU ÞAD SAMAN**  
AF HVERJU AÐ BORGJA MEIRA?

**AEG**  
ÞVOTTAVÉLAR  
ÞURRKARAR  
UPPÞVOTTAVÉLAR  
KÆLISKÁPAR  
OFNAR - VIFTUR  
HELLUBORD  
**15% AFSLÁTTUR**  
**ORMSSON**